FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
283. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 1. DESEMBER 2017


Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra


Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra


Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra


Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra


Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra


Ásmundur Einar Daðason félags- og jafnréttismálaráðherra


Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra


Steingrímur J. Sigfússon forseti Alþingis


Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra


Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra


Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra

# Ráðuneyti Katrínar Jakobsdóttur

**Ný og reynslumikil ríkisstjórn Vinstri grænna, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks tók við í gær. Fimm konur og sex karlar sitja í ráðherrastólum. Þar af tveir sem ekki hafa gegnt embætti ráðherra áður og einn utanþingsráðherra.**


Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

**STJÓRNMÁL** Af ellefu ráðherrum nýrrar ríkisstjórnar eru einungis tveir sem ekki hafa gegnt embætti ráðherra áður. Það eru þeir Ásmundur Einar Daðason, félags- og jafnréttismálaráðherra, og Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisráðherra.

„Auðvitað skiptir máli að hafa reynslu við borðið,“ segir Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra. Hún segir þrennt hafa ráðið því að hún ákvað að velja utanþingsráðherra í umhverfis- og auðlindaráðuneytið. „Í fyrsta lagi er Guðmundur Ingi félagi okkar í Vinstri grænum og hefur verið árum saman. Hann þekkir þennan málaflokk mjög vel og ég taldi hann henta mjög vel í þetta ráðuneyti vegna hæfileika sinna,“ segir Katrín.

Sjálfur segir Guðmundur að tilboðið um ráðherrasæti hafi komið sér á óvart. „Ég fór á fundinn hjá VG þar sem ég gat kynnt mér stjórnarsáttmálann. Eftir að hafa séð hann og talað aftur við Katrínu um kvöldið ákvað ég að ég væri tilbúinn í þetta.“

Katrín segir stjórnarflokkana líka leggja áherslu á að efla Alþingi og að fleiri verkefni verði unnin með þverpólitískum hætti. „Þess vegna finnst mér mjög mikilvægt að hafa gott fólk í þinginu, ekki síður en í ráðuneytinu,“ segir Katrín.

Í þriðja lagi hafi ekki legið fyrir hvort hún hefði níu þingmenn eða ellefu og því hafi henni þótt mikilvægt að sækja liðsstyrk út fyrir raðir þingflokksins. „Ég hef ekki litið svo á að það væri endilega markmið þingmanna að verða ráðherrar. Af því að það er svo mikilvægt að vera þingmaður.“

Við undirritun stjórnarsáttmálans sagði Katrín að það væri mikilvægt að breyta vinnubrögðum á Alþingi.

„Það er nýr tónn að þessir flokkar setjist niður og skrifi sáttmála og að jafn ólíkir flokkar taki höndum saman og brúi þau bil sem þar eru á milli,“ sagði Katrín og undirstrikaði um leið krefjandi mál sem ný ríkisstjórn þarf að takast á við, þar á meðal uppbyggingu innviða, sátt á vinnumarkaði og að viðhalda efnahagslegum stöðugleika.

Stjórnarandstaðan er gagnrýnin á nýjan stjórnarsáttmála. Þannig segir Logi Már Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, að þar megi lesa langan texta um lítið. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar, segir engan metnað í málefnum alþjóðasamstarfs.

Álitsgjafar Fréttablaðsins rýndu í stjórnarsáttmálann. Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður ÖBÍ, vonast eftir góðu samstarfi við nýjan félagsmálaráðherra og Kári Stefánsson hlakkar til samskipta við nýjan heilbrigðisráðherra.

**– jhh, aá / sjá síður 4, 6 og 42**

## Lokaverk Jóns að skamma Þorgerði Katrínu

**STJÓRNMÁL** Jón Gunnarsson, fyrrverandi ráðherra, nýtti tækifærið á síðasta ríkisráðsfundi ríkisstjórnar Bjarna Benediktssonar og gerði athugasemdir við eina af síðustu ákvörðunum Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, fyrrverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, þess efnis að stækka friðunarsvæði hvala í Faxaflóa.

„Hún gerði þetta í skjóli myrkurs,“ segir Jón. Sonur hans hefur um árabil stundað hrefnuveiðar. „Það hefur ekkert með það að gera.“

Þorgerður segir að Jón hafi gert henni grein fyrir því hver skoðun fyrirtækis sonar hans væri á málinu. „Þetta er mín ákvörðun og ég stend við hana,“ segir Þorgerður Katrín.

**– smj / sjá síðu 2**

## Fréttablaðið í dag




**SKOÐUN** Sigurður Hannesson skrifar um stjórnarsáttmálann. **17**

**SPORT** Með hverjum verður Ísland í riðli á HM? **22**

**TÍMAMÓT** Jólakaffi Hringsins hefur verið haldið í yfir 60 ár. **26**

**LÍFIÐ** Umgjörðin í kringum stjórnarsáttmálann sem kynntur var í gær hefur vakið mikla athygli. **42**

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







AFMÆLISDAGAR
1. TIL 3. DESEMBER
20%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM
FALLEG GJÖF FYLGIR KAUPUM EF VERSLAÐ ER FYRIR KR.10.000+
(á meðan birgðir endast)
(Afsláttur gildir ekki af öðrum tilboðum)
Tekk KRISTALL
Laugavegi 178 - Sími 568 9955

## Veður




Suðvestan 8-20 m/s, hvassast norðvestan til en slær allvíða í storm á norðanverðu landinu undir kvöld. Fremur hlýtt í veðri og súld eða rigning en úrkomulítið austanlands. SJÁ SÍÐU 28

## Ekkert rugl



„Ekki þetta rugl, skiljiði," sagði Katrín Jakobsdóttir, nýr forsætisráðherra, þegar þeir Sigurður Ingi Jóhannsson, nýr samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, og Bjarni Benediktsson, nýr fjármálaráðherra, reyndu að fá hana í þríhliða handaband eftir undirskrift stjórnarsáttmála á Listasafni Íslands í gær. Eins og sjá má á myndinni þótti nýju ráðherrunum þremur þetta bráðskemmtilegt og einkar fyndið augnablik. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Þrjú ráðuneyti á innan við ári

**STJÓRNMÁL** Lyklaskipti ráðherra fara fram í dag og mun nýr forsætisráðherra, Katrín Jakobsdóttir, fyrst taka við lyklum að sínu ráðuneyti. Dagskráin hefst klukkan níu og verða lyklaskipti með jöfnu millibili til klukkan 12.15.

Kristján Þór Júlíusson, nýr sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, mun taka við lyklunum að sínu ráðuneyti klukkan 10.30. Er það athyglisvert sökum þess að þetta verða þriðju lyklarnir sem Kristján Þór hefur undir höndum á árinu 2017.

Á fyrstu dögum janúarmánaðar var Kristján Þór heilbrigðisráðherra undir forsæti Sigurðar Inga Jóhannssonar, næst tók hann við mennta- og menningarmálaráðuneytinu undir forsæti Bjarna Benediktssonar en nú tekur hann við fyrrnefndu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti. **– þea**

## Tíu milljarða viðskipti

**VIÐSKIPTI** Vodafone tekur í dag við rekstri útvarps- og sjónvarpssviðs 365 ásamt visir.is og fjarskiptasviði 365.

Vodafone greiðir um 8,3 milljarða króna fyrir þessar einingar 365 miðla en samtals er um 10 milljarða viðskipti að ræða. Samhliða sölu greiðir 365 upp 97% af langtímalánum félagsins og eignast um leið 11% hlut í Vodafone.

Þá hefur rekstur Fréttablaðsins verið settur í dótturfélagið Torg ehf. Mun félagið á næstunni kynna nýjungar í fjölmiðlun.

„Ég er ánægð með að þessu ferli er lokið," segir Ingibjörg Pálmadóttir, forstjóri 365. „Þegar ég tók við sem forstjóri í vetur var sett aukin áhersla á sölumál. Það hefur skilað góðum árangri og hefur afkoma seldra eininga aukist um 40% á árinu. Starfsmenn 365 hafa staðið sig frábærlega í því að ná þessum árangri. Við sjáum tækifæri í því að hafa Fréttablaðið í sérfélagi. Það gefur meiri sveigjanleika til að eflast og þróast. Fréttablaðið mun kynna spennandi nýjungar á næstunni," segir Ingibjörg. **– khn**



**Stefán Sigurðsson og Ingibjörg Pálmadóttir.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON





Hágæða jólaljós frá Svíþjóð
Grillbúðin
www.grillbudin.is
Smiðjuvegi 2, Kópavogi - www.grillbudin.is - Sími 554 0400


# Skammaði Þorgerði á leiðinni úr ráðherrastóli

**Jón Gunnarsson gerði athugasemdir við eina síðustu ákvörðun Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur um stækkun friðunarsvæðis hvala á ríkisráðsfundi fráfarandi ríkisstjórnar á Bessastöðum í gær. Þorgerður vísar gagnrýni hans á bug.**

**STJÓRNMÁL** Jón Gunnarsson, fráfarandi samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, nýtti tækifærið á ríkisráðsfundi fráfarandi ríkisstjórnar á Bessastöðum í gær og gerði athugasemdir við ákvörðun Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, fráfarandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, um stækkun friðunarsvæðis hvala í Faxaflóa. Jón telur vinnubrögð Þorgerðar við reglugerðarbreytinguna í vikunni hafa verið ámælisverð. Sonur Jóns er einn þeirra sem hagsmuna eiga að gæta í málinu. Þorgerður vonar að ný ríkisstjórn gangi enn lengra.

„Hún gerði þetta í skjóli myrkurs. Ég var að spyrja hana af hverju hún hafi ekki farið þá leið sem okkur er uppálagt samkvæmt vandaðri stjórnsýslu," segir Jón Gunnarsson í samtali við Fréttablaðið. Hann gagnrýnir að fyrir reglugerðarbreytinguna, sem var eitt síðasta verk Þorgerðar í ráðherrastóli þann 29. nóvember, hafi hagsmunaðilar ekki fengið að veita umsagnir og að engar málefnalegar forsendur hafi verið fyrir því að stækka friðunarsvæðið.

„Mér finnst þetta ámælisvert. Þessi reglugerð var gefin út án samráðs við hagsmunaaðila, án kynningar eða viðvarana til þeirra sem eiga afkomu sína undir. Þetta hefur varanleg áhrif á afkomu ákveðinna fyrirtækja. Svo geta menn reynt að gera það tortryggilegt að það er sonur minn sem rekur eitt þessara fyrirtækja. Það hefur ekkert með það að gera. Ég var byrjaður að berjast fyrir hvalveiðum áður en hann hafði lokið grunnskólanámi. Skoðun mín hefur ekkert breyst," segir Jón en sonur hans hefur um árabil stundað hrefnuveiðar.



**Jón Gunnarsson átelur vinnubrögð fyrrverandi ráðherra.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Þetta er mín ákvörðun, ég stend við hana.
>
> Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, fyrrverandi ráðherra



Jón segir rannsóknir Hafrannsóknastofnunar á ferlum hvalaskoðunarskipa sýni að stækkunin muni ekki skipta þau fyrirtæki máli enda fari þau ekki einu sinni nærri þeim mörkum sem fyrir voru.

Þorgerður Katrín segir hins vegar sjónarmið allra helstu aðila málsins hafa legið fyrir frá fyrri ákvörðunum um bæði stækkun og síðast minnkun friðunarsvæðisins.

„Síðan þá er alveg skýrt hver eru sjónarmið Reykjavíkurborgar, hvalafriðunar, ferðaþjónustu og líka þeirra sem reka hrefnuveiðifyrirtækið og svo er það bara mín pólitíska ákvörðun að ákveða þetta. En þetta er afturkræf ákvörðun. Það hefur sýnt sig að hver ríkisstjórn getur ákveðið þetta."

Þorgerður segist hafa gert sér grein fyrir því hver skoðun fyrirtækis sonar Jóns hafi verið á málinu, Jón hafi verið búinn að tjá henni hana.

„Þetta er mín ákvörðun, ég stend við hana, þetta er táknrænt skref og ég tel að næsta skref sé einfaldlega að endurmeta og endurskoða hvalveiðistefnu Íslendinga."

**mikael@frettabladid.is**





# X í net og 0 í tal!

Fyrir tíu árum byltum við farsímamarkaðnum með **0 kr. Nova í Nova**. Í dag breytist allt aftur með **XOXO**. Farsímaþjónustu Nova fylgja ótakmörkuð símtöl og SMS á **0 kr. í frelsi** og með **netpökkum í áskrift**. Gildir á Íslandi og þegar þú ert í Evrópu (EES). Velkomin á stærsta skemmtistað í heimi!



## Afmælistilboð í öllum verslunum Nova og á nova.is í dag, 1. des.

Allt að 20.000 kr. afsláttur af farsímum.
Veglegur afsláttur af snjöllum jólagjöfum.

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is**

## STJÓRNARSKIPTI



Bjarni Benediktsson, Katrín Jakobsdóttir og Sigurður Ingi Jóhannsson undirrituðu stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur í Listasafni Íslands í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Fögur þykja fyrirheitin hjá nýrri stjórn

**Réttindi hinsegin fólks, umbætur í meðferð kynferðisbrotamála og hækkað frítekjumark aldraðra er meðal þess sem ný ríkisstjórn hyggst beita sér fyrir, auk stórsóknar í byggðamálum. Álitsgjafar Fréttablaðsins lýstu viðhorfum sínum til nokkurra málaflokka í sáttmála nýrrar stjórnar. Þeir binda vonir við að staðið verði við stóru orðin og að ráðherrarnir standi sig í starfi.**

Aðalheiður Ámundadóttir
adalheidur@frettabladid.is



**Heilbrigðisráðherra**
**Svandís Svavarsdóttir**

- Heilsugæslan efld sem fyrsti viðkomustaður
- Nýsköpunarstarf, þar á meðal fjarlækningar
- Dregið úr greiðsluþátttöku sjúklinga
- Geðheilbrigðisáætlun til 2020 fjármögnuð
- Efling þjónustu um allt land
- Heilbrigðisþjónusta í framhaldsskólum efld
- Efnahagslegir hvatar til eflingar lýðheilsu
- Stórsókn í uppbyggingu hjúkrunarrýma

„Ég hef ekki hugmynd um hvaða afstöðu Svandís hefur til heilbrigðismála en ég vona og ætla að ganga út frá því sem vísu að hún verði góður heilbrigðismálaráðherra. Mér sýnist þetta nú vera frekar almennar staðhæfingar um vilja til að láta heilbrigðisþjónustu á Íslandi vera jafngóða og í löndunum í kringum okkur. En ég hlakka til að eiga samskipti við nýjan ráðherra.“ **Kári Stefánsson**

„Þetta er nú svona jákvæðara en það hefur verið oft áður og ég vona að efndirnar verði eftir því. Óttinn er náttúrulega sá að það sem er verið að lofa verði svo lítið þegar til kemur að það skipti engu máli, en við vonum bara að samstarfið við Ásmund verði gott.“ **Þuríður Harpa Sigurðardóttir**, formaður Öryrkjabandalags Íslands

**Félags- og jafnréttismálaráðherra**
**Ásmundur Einar Daðason**

- Lögfesting notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar
- Bæta stöðu fátækra barna
- Lenging fæðingarorlofs
- Málefni hinsegin fólks og réttindi intersex fólks betur tryggð
- Uppbygging félagslegs húsnæðis
- Stuðningur við félagsleg leigufélög
- Frítekjumark aldraðra hækkað í hundrað þúsund krónur.
- Einföldun almannatryggingakerfisins
- Framfærsla öryrkja tryggð
- Auka samfélagsþátttöku öryrkja meðal annars með hlutastörfum

**Dómsmálaráðherra**
**Sigríður Á. Andersen**

- Efling löggæslu
- Ljúka við löggæsluáætlun og hrinda henni í framkvæmd
- Tryggja Landhelgisgæslunni nægt fjármagn til starfsemi hennar
- Miðhálendislöggæsla
- Móttaka fleiri flóttamanna
- Staða kærenda kynferðisbrota styrkt í lagaumhverfinu
- Fé til úrbótaáætlunar í meðferð kynferðisbrota
- Draga á úr refsingum fyrir neyslu fíkniefna
- Herða aðgerðir gegn sölu, framleiðslu og innflutningi fíkniefna

„Það er alltaf jákvætt þegar fólk vill draga úr refsingum gagnvart neytendum, en mér finnst orðalagið um það óþarflega veikt. Ég er hins vegar efins um hitt sem þarna kemur fram um eflingu aðgerða gagnvart sölu, framleiðslu og innflutningi og hef áhyggjur af því að það sé ekki nægilega vel hugsað.“ **Helgi Hrafn Gunnarsson**, þingmaður Pírata

„Það er jákvætt að þarna er tekið á því helsta sem rætt hefur verið í byggðamálum á undanförnum árum. Útfærslur skipta miklu máli og við þurfum að bíða og sjá hvernig þessi verkefni verða útfærð.“ **Þóroddur Bjarnason**, prófessor við Háskólann á Akureyri

**Samgönguráðherra**
**Sigurður Ingi Jóhannsson**

- Ráðuneyti og stofnanir skilgreini störf og auglýsi án staðsetningar
- Aðgerðir til að tryggja almenna þjónustu og jafna kostnað
- Uppbygging á flutningskerfi og betri nýting raforku
- Kaup á landi skilyrt í þágu byggðar, landnýtingar og umgengni við auðlindir
- Ljósleiðaravæðing alls landsins fyrir 2020.
- Hagkvæmni innanlandsflugs aukin fyrir landsbyggð
- Námslánakerfið verði nýtt til að hvetja fólk til búsetu á landsbyggðinni




VIÐURKENNT ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI
OG VARAHLUTAVERSLUN

STUTTUR BIÐTÍMI

Tæknimenn okkar hafa hlotið sérþjálfun frá FCA (Fiat Chrysler Automobiles) og auk þess með áratugareynslu í að sinna öllum almennum **viðgerðum á flestum tegundum bifreiða.**

GERUM VIÐ FLESTAR TEGUNDIR BIFREIÐA

Tímapantanir í síma 534-44 33

ALFA ROMEO CHRYSLER DODGE FIAT FIAT PROFESSIONAL Jeep RAM MOPAR

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Íslensk-Bandaríska ehf - Verkstæði og varahlutaverslun - Smiðshöfða 5 - 110 Reykjavík - Sími 534 4433
thjonusta@isband.is - www.isband.is - **OPIÐ VIRKA DAGA KL. 07:45 - 18:00**




24

Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP

Meira
svona
alla daga

STJÓRNARSKIPTI

# Tilboð um ráðherrasæti kom á óvart

**Forsætisráðherra hringdi í framkvæmdastjóra Landverndar á miðvikudaginn og bauð honum að gerast umhverfisráðherra. Hann er stofnfélagi í VG en hefur ekki verið virkur félagi undanfarin ár. Lilja Rafney Magnúsdóttir segist hvorki svekkt né sár yfir niðurstöðunni.**

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@365.is





Katrín og Guðmundur eru vinir til margra ára. Engu að síður kom símtalið Guðmundi á óvart. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, nýr umhverfis- og auðlindaráðherra, er ekki kjörinn þingmaður. Hann fékk símtal frá Katrínu Jakobsdóttur snemma á miðvikudag. Erindið var að spyrja Guðmund hvort hann hefði áhuga á að gerast umhverfisráðherra. „Við Katrín höfum þekkst lengi. Þannig að það kom í sjálfu sér ekkert á óvart að hún skyldi hringja. En erindið var eitthvað sem ég hafði ekki átt von á,“ segir Guðmundur Ingi um símtalið örlagaríka.

„Ég fór á fundinn hjá VG þar sem ég gat kynnt mér stjórnarsáttmálann. Eftir að hafa séð hann og talað aftur við Katrínu um kvöldið ákvað ég að ég væri tilbúinn i þetta,“ segir Guðmundur Ingi. Eftir þingflokksfund í gær kom svo í ljós að hann yrði ráðherra. „Þannig að þetta var skjótur aðdragandi,“ bætir Guðmundur Ingi við en Fréttablaðið náði sambandi við hann þegar hann var að strauja sparigallann fyrir sinn fyrsta ríkisráðsfund.

Guðmundur Ingi er stofnfélagi í VG og var virkur í starfi flokksins þar til fyrir sex til sjö árum, er hann tók við framkvæmdastjórastöðu hjá Landvernd. Hann er menntaður líffræðingur frá HÍ. Síðan tók hann mastersprófí umhverfisfræðum frá Yale-háskóla í Bandaríkjunum. Hann hefur starfað hjá Landgræðslu ríkisins, Veiðimálastofnun og við umhverfisrannsóknir og kennslu, meðal annars við Háskóla Íslands.

Guðmundur Ingi nefnir fimm atriði í stjórnarsáttmálanum varðandi sinn málaflokk sem honum finnst standa upp úr. Í fyrsta lagi að stofna eigi þjóðgarð á miðhálendi Íslands. „Ég er mjög ánægður með að gera eigi það með þverpólitískri aðkomu,“ segir hann. Í öðru lagi að það er lögð áhersla á loftslagsmálin, bæði að það eigi að reyna að ná samdrætti í takti við önnur Evrópuríki árið 2030 en ekki síður að stefna eigi að kolefnishlutleysi. Í þriðja lagi að það verði skrifuð orkustefna fyrir Ísland. „Rammaáætlun hefur að vissu leyti verið í lausu lofti af því að það var ekki nein orkustefna til að styðja við hana,“ segir hann. Í fjórða lagi að þjóðréttarlegum skuldbindingum varðandi Árósasamninginn verði hrint í framkvæmd. Í fimmta lagi að ráðist verði í friðlýsingar á grundvelli núgildandi rammaáætlunar.

> Ég fór á fundinn hjá VG þar sem ég gat kynnt mér stjórnarsáttmálann. Eftir að hafa séð hann og talað aftur við Katrínu um kvöldið ákvað ég að ég væri tilbúinn i þetta
>
> Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra

Margir höfðu búist við því að Lilja Rafney Magnúsdóttir, þingmaður VG, yrði ráðherra. „Ég hefði algjörlega verið tilbúin til þess. En þetta varð niðurstaða formanns og ég var tilbúin til þess að hlíta þeirri niðurstöðu. Það var hugur á að breikka þennan hóp og ekkert vitað hvernig færi með þá þingmenn sem ekki studdu stjórnarsáttmálann,“ segir Lilja. Hún segist hvorki vera sár né svekkt og ætlar að vinna með ríkisstjórninni að þeim verkefnum sem henni verða falin.

## Þau verða ráðherrar

**Forsætisráðherra**
Katrín Jakobsdóttir
Vinstri græn

**Heilbrigðisráðherra**
Svandís Svavarsdóttir
Vinstri græn

**Umhverfis- og auðlindaráðherra**
Guðmundur Ingi Guðbrandsson
Vinstri græn

**Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra**
Sigurður Ingi Jóhannsson
Framsóknarflokkur

**Mennta- og menningarmálaráðherra**
Lilja Alfreðsdóttir
Framsóknarflokkur

**Félags- og jafnréttismálaráðherra**
Ásmundur Einar Daðason
Framsóknarflokkur

**Fjármála- og efnahagsráðherra**
Bjarni Benediktsson
Sjálfstæðisflokkur

**Utanríkisráðherra**
Guðlaugur Þór Þórðarson
Sjálfstæðisflokkur

**Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra**
Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir
Sjálfstæðisflokkur

**Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra**
Kristján Þór Júlíusson
Sjálfstæðisflokkur

**Dómsmálaráðherra**
Sigríður Á. Andersen
Sjálfstæðisflokkur




## Logi gagnrýnir forgangsröðun nýrrar stjórnar

„Ég hef nú sjaldan séð svona langan texta um lítið,“ segir Logi Már Einarsson, formaður Samfylkingarinnar.

Logi telur mörg ágætis mál vera í stjórnarsáttmálanum, en hann einkennist mikið af því að menn ætli að skoða möguleika, leita leiða og hefja samráð. „En það sem mér finnst merkilegt er forgangsröðunin. Ég held að það segi beint að eitt af fyrstu verkum ríkisstjórnarinnar verði að bregðast við vanda sauðfjárbænda en síðan segir síðar í sama sáttmála að það verði að gera úttekt á kjörum tekjulægstu hópanna og barna í samfélaginu og grípa svo til aðgerða. Það er alveg ljóst að það eru vel þekktar aðgerðir sem væri hægt að ráðast í strax,“ segir Logi. Þar nefnir hann auknar vaxtabætur, hækkun barnabóta, meiri húsnæðisstuðning og skattkerfi sem leiði til jöfnunar.



Logi Már Einarsson.

„Í staðinn eru einu skattkerfisbreytingarnar sem eru boðaðar lækkun á neðra þrepinu.“ Það séu sárafáir aurar fyrir þá sem lægstu launin hafa en miklu meira fyrir hina.

## Frjálslyndasta stjórn sögunnar að kveðja

„Sú ríkisstjórn sem kvaddi í dag er að mínu mati frjálslyndasta ríkisstjórn lýðveldissögunnar. Núna er að taka við ríkisstjórn sem kemur öðruvísi að málum og það er ekkert óeðlilegt með þessa flokka,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar. Andrés Ingi Jónsson og Rósa Björk Brynjólfsdóttir, þingmenn VG, hafa gagnrýnt sáttmálann fyrir það hve líkur hann er sáttmála fyrri stjórnar. Þorgerður er ósammála þessari skoðun þingmannanna.



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

„Ég vil til dæmis draga það fram að umhverfiskafli síðustu ríkisstjórnar var mun ítarlegri en sá sem nú er. Það er enginn metnaður í alþjóðasamstarfi þessarar nýju ríkisstjórnar,“ segir hún.

Þorgerður leggur áherslu á að ný ríkisstjórn fái tækifæri til að sanna sig án þess að allt sé dregið niður.

„Það er margt fínt í stjórnarsáttmálanum sem hægt er að taka undir en annað sem vekur ákveðna furðu, þriðja að það eru ákveðnir þættir sem eru einfaldlega ekki nefndir.“

## Óskar Katrínu til hamingju með áfangann

„Í fyrsta lagi óska ég náttúrlega Katrínu Jakobsdóttur til hamingju með þennan áfanga. Þetta er mikill persónulegur áfangi fyrir hana að ná þessu saman,“ segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins. „En hvað varðar stjórnarsáttmálann, þá varð ég fyrir verulegum vonbrigðum með það hvað hann er einhvern veginn gjörsamlega eins og spáð hafði verið fyrir um.“



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

Sigmundur segir mikla áherslu setta á alls konar starfshópa og umræðuhópa en á engan hátt sé verið að nýta þessi stóru einstöku tækifæri sem nú gefast en komi ekki aftur. „Ég er að tala um hluti eins og endurskipulagningu fjármálakerfisins, byggingu nýs Landspítala. Þarna á bara að festa gamla kerfið í sessi. Byggja áfram á Hringbraut og koma í veg fyrir möguleika á að endurskoða það. Varðandi fjármálakerfið þá virðist stefnan vera að hugsanlega móta stefnu á næsta ári eftir umræðu um einhverja hvítbók. Þetta er því allt í stíl við það sem maður óttaðist. Þetta verður kerfisstjórn.“

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

blómaval

Opið til
21:00
SKÚTUVOGI
Alla daga
til jóla

*Aðventuhelgi*

# TAX FREE

## ALLAR SERÍUR OG JÓLAVÖRUR

Tax free tilboð jafngildir 19,35% afslætti af almennum vörum og 9,91% af matvörum. Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.



**Öll jólaljós og seríur:**
Jólaseríur úti, jólaseríur inni, ljósaslöngur, ljósakeilur, ljósatré, aðventuljós, gluggaljós, perur fyrir jólaljós, heilsársseríur o.fl.

**Allt jólaskraut:**
Gervijólatré, jólatrésfætur og dúkar, jólatréskúlur og toppar, jólaskreytingarefni, jólakertastjakar, jólastyttur, jólahús, jólalengjur, jólagreinar, jólagreni, jólapappír, Jólaservíettur, Raz jólavörur o.fl.

### Jólahlaðborð Húsasmiðjunnar í Skútuvogi hefst í dag kl. 17

Sjávarrétta ljúfmeti • Andaliframousse • Marineruð síld • Kryddsíld
Karrýsíld • Bayonne skinka • Purusteik með rauðvínssósu
Kjúklingaleggir • Tartalettur með hangikjöti • Rúgbrauð
Flatbrauð • Grænar baunir • Eplasalat • Ris a La Mande • Piparkökur

KAFFI GARÐUR
Verð aðeins **2.480** kr.
Börn yngri en 10 ára **990** kr.
17-20 virka daga – 13-19 um helgar



*Húsasmiðjan og Blómaval ... frábær saman*

husa.is

# Bitcoin tekur skarpa dýfu

**VIÐSKIPTI** Gengi rafmyntarinnar Bitcoin gagnvart Bandaríkjadal tók skarpa dýfu, alls um sextán prósent, í gær eftir mikinn uppgang undanfarinna daga. Var eitt Bitcoin í gær 9.600 dala virði samanborið við 11.434 dali á miðvikudaginn en Bitcoin hafði aldrei verið verðmætara en þá.

Virði Bitcoin hefur samt sem áður aukist gríðarlega frá áramótum en eitt Bitcoin var um þúsund dala virði í upphafi árs. Ýmsir fjárfestar hafa því grætt mikið á uppgangi þessarar rafrænu myntar.

Í viðtali við BBC í gær sagði hagfræðiprófessorinn Garrick Hileman að þar sem Bitcoin væri eftirlitslaus mynt og þar sem færri sýsluðu með hana væru sveiflur sem þessar venjulegar.

Neil Wilson hjá greiningardeild ETX í Lundúnum sagði viðskipti gærdagsins mestu rússíbanareið sem hann hefði séð. Stór ástæða fyrir þessum sveiflum væri hve fjárfestarnir væru fáir og hefðu þar að auki litla sem enga reynslu. – þea



**Bitcoin er ekki til í föstu formi en svona gæti myntin litið út samkvæmt tölvunarfræðingnum Mike Caldwell.** NORDICPHOTOS/AFP

# Rætt um að sparka Rex Tillerson

**BANDARÍKIN** Forseti Bandaríkjanna ræðir nú við ráðgjafa sína um að reka Rex Tillerson úr embætti utanríkisráðherra. Í stað hans myndi Mike Pompeo, yfirmaður bandarísku leyniþjónustunnar CIA, taka við stöðunni. Frá þessu greindu nokkrir bandarískir miðlar í gær og höfðu eftir nafnlausum heimildarmönnum.

Mikið hefur verið fjallað um meintar deilur Tillersons og Donalds Trump Bandaríkjaforseta um utanríkismálin. Í október var greint frá því að hann hefði kallað Trump fávita á fundi þjóðaröryggisráðs og verið nálægt því að segja upp í sumar.

Tillerson og Trump greinir einna helst á um málefni Norður-Kóreu og Írans. Hefur Trump meðal annars sagt Tillerson sóa tíma sínum þegar hann reyndi að ræða við yfirvöld í Norður-Kóreu um að láta af kjarnorkutilraunum. Sjálfur stakk Trump reyndar upp á sams konar viðræðum í Asíureisu sinni fyrr í mánuðinum.

Á blaðamannafundi í gær sagði Sarah Huckabee Sanders, fjölmiðlafulltrúi forseta, að Tillerson hefði ekki verið rekinn. „Tillerson heldur áfram að leiða utanríkisráðuneytið og öll ríkisstjórnin einbeitir sér að því að ljúka þessu ótrúlega árangursríka fyrsta ári.“ – þea

# Dauðsföll 26 manna rakin til lyfjanotkunar

**Vísbendingar eru um að barátta Landlæknis gegn óhóflegum lyfjaávísunum skili árangri. Fleiri læknar nýta sér lyfjagrunn. Færri deyja vegna lyfjanotkunar en smygl á lyfjum hefur aukist. Parkódín forte veldur mestum áhyggjum.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Frá árinu 1996 hafa um það bil 450 einstaklingar látist hér á landi vegna lyfjanotkunar samkvæmt gagnagrunni Landlæknisembættisins og Hagstofu Íslands um dánarmein Íslendinga. Um 28 einstaklingar hafa látist að meðaltali á hverju ári síðasta áratuginn vegna lyfjanotkunar hvers konar. Læknar hafa á árinu misst lækningaleyfi vegna útskrifta á óeðlilega miklu magni til einstakra aðila.

Dauðsföll 26 einstaklinga eru skráð lyfjatengd í fyrra. Einnig kemur lyfjanotkun við sögu í umferðarslysum og í sjálfsvígum þar sem menn eru undir áhrifum sterkra lyfja.



**Í fyrra voru dauðsföll 26 einstaklinga skráð lyfjatengd. Stærsti vandinn er Parkódín forte, en lyfið OxyContin hefur líka valdið áhyggjum.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Landlæknisembættið hefur undanfarinn áratug unnið markvisst að því að ná utan um dreifingu sterkra lyfja í íslensku heilbrigðiskerfi. „Við erum alltaf að vinna í þessum málum. Þetta horfir til betri vegar því læknar nýta sér æ meira lyfjagagnagrunninn þó þeir mættu vissulega vera fleiri sem gerðu það. Þetta er risastórt verkefni og við höfum ekki mannskap til að sinna þessu þannig að við séum með augu ofan í starfi allra lækna,“ segir Ólafur B. Einarsson, verkefnisstjóri lyfjamála hjá Landlækni.

Ólafur segir Landlæknisembættið vera að skoða alvarlegustu tilvikin sem koma upp. Sterka lyfið Oxycodone sé eitt varhugaverðasta lyfið á markaði í dag og mikil aukning hafi orðið í notkun þess. „Það er erfitt að segja til um það hvort vinna okkar sé að skila árangri en tvennt gæti gefið tilefni til þess. Dauðsföllum vegna lyfjanotkunar hefur farið fækkandi og einstaklingar hafa verið stöðvaðir á leið til landsins með lyf sem þessi í farteskinu. Það gefur okkur vísbendingar um að erfiðara sé að nálgast þessi efni í íslensku heilbrigðiskerfi en áður,“ bætir Ólafur við.

Það eru læknar starfandi sem hafa ekki leyfi til að ávísa ávanabindandi lyfjum. Einnig staðfestir Ólafur að læknar hafi misst leyfi vegna þessa. Einnig hafa læknar misst leyfi vegna eigin óreglu eða veikinda.

„Mest er sótt í verkjalyf. Langstærsti vandinn, eins og komið hefur fram, er Parkódín forte. Einnig höfum við miklar áhyggjur af ávísunum á OxyContin sem hefur verið til mikilla vandræða í Bandaríkjunum,“ segir Ólafur. Í fyrra kom það lyf fyrir tengt fjölda dauðsfalla hér á landi.

sveinn@frettabladid.is






Birt með fyrirvara um villur og verðbreytingar. Gildir meðan birgðir endast.

## Enn fleiri glæsileg tilboð og kaupaukar í jólablaði Símans



**Galaxy J5 2017**
34.990 kr.
Glettilega góður byrjendasími á byrjendavænu verði.
+ 32 GB SD minniskort að verðmæti 5.990 kr. fylgir



**Galaxy A5 2017**
59.990 kr.
Öflugur og huggulegur. Svo er hann vatnsheldur. Ekki slæmt!
+ QCY þráðlaus heyrnartól að verðmæti 6.990 kr. fylgja



**Galaxy Tab S3 4G**
109.990 kr.
Besta spjaldtölvan frá Samsung til þessa
+ 64 GB SD minniskort að verðmæti 9.990 kr. fylgir

**Nánar í verslunum Símans Kringlunni, Smáralind, Ármúla 25 eða Glerártorgi.**

*Gildir fyrir Endalausar áskriftarleiðir til 24.desember. 50 GB bætast við áskriftina mánaðarlega í þrjá mánuði.

# Hatrið og óttinn eru stærstu óvinirnir

**Ísraelar og Palestínumenn hafa átt í blóðugum átökum áratugum saman. Wajih Tmeizi og Nir Oren, Palestínumaður og Ísraeli, ræddu við Fréttablaðið. Þeir segja samræður lykilinn að friði á svæðinu og hvetja Íslendinga til að taka afstöðu með mannréttindum.**

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is



Hatrið, vantraustið og óttinn eru stærstu óvinirnir. Þetta segja Palestínumaðurinn Wajih Tmeizi og Ísraelinn Nir Oren. Þeir eru staddir hér á landi í tilefni af þrítugsafmæli samtakanna Ísland-Palestína og eru fulltrúar friðarsamtakanna The Parents Circle – Families Forum (PCFF), samtaka palestínskra og ísraelskra fjölskyldna sem hafa misst ástvini í átökum þjóðanna.

**Hernámið ástæða blóðbaðsins**

„Í júlí árið 1990 var bróðir minn drepinn. En ég sat aðgerðalaus þar til árið 2001. Þá varð annar harmleikur í fjölskyldunni. Þrjú frændsystkini mín voru drepin. Tvö þeirra voru 23 ára en hið þriðja var bara ungbarn, fjögurra mánaða gamalt. Þegar ég sá allt blóðið var eins og eitthvað hefði smollið í höfðinu á mér,“ segir Wajih.

Eftir harmleikinn spurði Wajih sig hvað hann gæti gert til að bjarga fjölskyldu sinni, sjálfum sér og samfélaginu. „Af því ég trúi því að lífið sé það allra heilagasta.“

Þá fann hann PCFF. Hann segir samtökin góð þar sem Ísraelar og Palestínumenn koma saman í nafni samtakanna til þess að berjast gegn öllu því ofbeldi sem ríkir á svæðinu. „Við viljum stöðva blóðbaðið. Við viljum stöðva hernámið af því að við trúum því að hernámið sé ástæða þess að fjölskylda mín og móðir Nir hafi verið drepin.“



Nir Oren (t.v.), og Wajih Tmeizi, Ísraeli og Palestínumaður, vilja að átökum Ísraels og Palestínu linni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Alinn upp í andstöðu**

Móðir Nir var drepin í sjálfsmorðssprengjuárás þann 24. júlí árið 1995. Hann segist muna eftir því að viðhorfið hafi verið það að þá þyrfti að hefna. „Ég vildi bara syrgja í friði. Móðir mín hafði verið drepin án nokkurs tilgangs. Hún var góð kona og gerði engum mein. Var bara á röngum stað á röngum tíma.“

Áhrif móðurmissisins segir Nir að hafi verið mikil. Í kjölfar hans hafi hann uppgötvað PCFF þegar auglýstar voru sumarbúðir fyrir börn beggja þjóða. Sendi hann son sinn í sumarbúðirnar um það leyti sem önnur Intifada-uppreisnin stóð sem hæst. Á fundum samtakanna hafi hann í fyrsta skipti kynnst Palestínumönnum í raun og veru.

„Þarna var fólk sem fann til með mér og ég með þeim. Þetta gaf mér von og hjálpaði mér í sorgarferlinu. Ef til vill eru samræður sem þessar rétta leiðin til að koma í veg fyrir að fleiri þurfi að líða slíkan missi.“

Nir segir að í Ísrael þurfi allir að gegna herþjónustu. Hann hafi sjálfur farið og barist í stríði í Líbanon árið 1982. Þá hafi hann séð tilgangsleysi allra þessara átaka. Honum fannst eins og að mannslíf væru metin einskis virði.

**Hatrið, óttinn og vantraustið**

Báðir eru þeir Nir og Wajih vongóðir um að hægt sé að leysa úr átökunum svo þjóðirnar geti lifað í friði á svæðinu. „Hatrið er stærsti óvinurinn. Og vantraustið. Og óttinn. Þetta eru erfiðustu hindranirnar sem við þurfum að yfirstíga. Við þurfum að treysta,“ segir Nir. „Treysta hverjir öðrum,“ botnar Wajih.

Wajih segir nauðsynlegt að hernámi Ísraelsmanna sé aflétt. „Ég vil ekki lifa betra lífi en Nir. Við viljum bara réttlæti.“

„Þetta snýst um landamærin. Ef ég bæði son minn um að teikna kort af Palestínu myndi hann teikna það og skrifa Palestína yfir. Ef Nir bæði son sinn myndi hann teikna sama kort nema skrifa Ísrael,“ segir Wajih sem vill jafnframt koma því á framfæri að átökin eru ekki trúarlegs eðlis. Það sé algengur misskilningur. Þau snúist fyrst og fremst um hernámið.

„Ef við, sorgbitnar fjölskyldur sem hafa misst ástvini, getum sest niður saman og rætt málin, þá geta það allir,“ segir Wajih. „Ef við getum það eftir þennan sára missi getur það hver sem er,“ segir Nir.




Toys R Us



110927
**ROCK CRAWLER TORFÆRUBÍLL 6X6**
2,4 GHz. 5,5 km/klst. 41 cm.
Venjulegt verð 12.999

SPARIÐ 3.000
**9.999**





103737
**HVOLPASVEITIN TORFÆRUBÍLL**
34 cm. Með ljósum, hljóðum og aukahlutum.
Venjulegt verð 12.999

SPARIÐ 3.000
**9.999**



FRJÁLST VAL
SPARIÐ 2.000
**8.999**

109492/116966
**LITTLE LIVE PETS DRAUMAGÆLUDÝR**
Gagnvirkur vinur sem borðar, sefur og bregst við snertingu þinni.
Venjulegt verð 10.999




108677
**XSHOT REGENERATOR**
Yfir 1000 samsetningar.
Skotdrægi allt að 24 metrar.
48 pílur og 2 klemmur fylgja.
Venjulegt verð 10.999,-

SPARIÐ 4.000
**6.999**

Tilboðin gilda frá 30. nóvember til 10. desember, eða á meðan birgðir endast






## Skoðaðu póstinn þinn– Frábær tilboð í gangi!

# SPARAÐU 25%

LEGO

## af öllum LEGO®–kubbum* laugardag og sunnudag 02.–03.12

*Gildir ekki vörur sem eru þegar á afslætti.




Bros auglýsingavörur **með þínu merki**

Skoðaðu litríkt úrval á **bros.is**

Bros auglýsingavörur,
Norðlingabraut 14.

BROS AUGLÝSINGAVÖRUR – með þínu merki

TVÖ BESTU SÖFNIN Í REYKJAVÍK

skv. www.tripadvisor.com 29.11.17

1. NAT. MUSEUM OF ICELAND

2. TALES FROM ICELAND

HÓPAR VELKOMNIR

í séropnun, móttökur, fordrykki, o.fl.

Tales from Iceland

Austurbæ við Snorrabraut

518 4000

tales.is

HEILL HEIMUR ÁN MYNDLYKILS



Þú þarft ekki myndlykil til þess að horfa á fjölbreytta dagskrá allra sjónvarpsstöðva 365, tímaflakkið, Frelsið og Stöð 2 Maraþon Now.

Nánari upplýsingar í síma 1817

Nánari upplýsingar í síma 1817 eða á 365.is

365



Dæmi um mat sem Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur úthlutaði þessa vikuna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Erfiður jólamánuður blasir við mörgum

**„Ég grét á kvöldin áður en ég vissi af þessum úrræðum,“ segir ung móðir sem sótti matarúthlutun hjá Mæðrastyrksnefnd. Þó að þeim hafi fækkað sem sækja þangað eru enn margir sem leggja leið sína í Hátúnið til að ná sér í nauðsynjar.**

**SAMFÉLAG** Í þessari viku sóttu 350 manns um aðstoð hjá Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur og um hádegisbil á miðvikudaginn hópaðist hluti þeirra saman við húsakynni nefndarinnar í Hátúni. Fólkið var á öllum aldri, nokkur börn voru þar með foreldrum. Fyrir utan biðu um tíu til tólf manns í kuldanum á meðan annar álíka stór hópur sótti mat fyrir innan.

Palli beið fyrir utan. Hann er 54 ára gamall. Hann fær endurhæfingarlífeyri eftir að hafa fengið hjartaáfall í vinnunni í apríl árið 2016. Hann segist hafa dáið í 11 mínútur. „Ég hef komið hingað í fimm ár,“ segir Palli. „Ég kem oftast seinna í mánuðinum og frekar á sumrin, þegar það eru sumarfrí. Þá eru börnin meira heima.“

Palli er nefnilega níu barna faðir. Fimm barna hans eru uppkomin og eru flutt að heiman. Hin fjögur eru enn á heimilinu og á hans framfæri. Konan hans er í fæðingarorlofi. Palli segir að samanlagðar tekjur þeirra séu rúmlega hálf milljón á mánuði. Þau eiga þrjú yngstu börnin saman en þau eru á aldrinum eins til fjórtán ára. Þau búa öll sex í félagsíbúð í Reykjavík.

„Eftir að búið er að borga leigu og aðrar nauðsynjar eigum við kannski 60 til 80 þúsund krónur eftir fyrir annað,“ segir Palli en neysluviðmið velferðarráðuneytisins gerir ráð fyrir að heildarútgjöld fjölskyldu með fjögur börn á framfæri sé 676.535 krónur á mánuði, án húsnæðiskostnaðar. „Það er fast haldið í þennan. Það má ekkert koma upp á,“ segir Palli.

Fyrir innan sér Anna H. Pétursdóttir, formaður Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur, um að úthluta mat og öðrum nauðsynjum og nýtur liðsinnis sjálfboðaliða. Mataraðstoðin er hugsuð þannig að hún eigi að duga í heila viku. Þar er yfirleitt að finna brauð, mjólk, jógúrt og eina stóra máltíð, sem inniheldur þá einhverja kjötvöru. Ýmsar aðrar nauðsynjavörur, eins og hreinlætisvörur, er einnig að fá. Stundum er boðið upp á afþreyingu eins og bíó- eða leikhúsmiða en oftast er það um jólin. Jólasöfnun nefndarinnar stendur nú yfir.



Pylsur og heimilisbrauð voru meðal þeirra matvæla sem stóðu fólki til boða.

> **Við erum að búast við að þetta endi í um eitt þúsund manns.**
>
> Anna H. Pétursdóttir, formaður Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur



„Við þurfum nærri 30 milljónir fyrir því sem við erum að fara að gera, með matarinnkaupum og öðru. Við þurfum að fá styrki fyrir því. Það tókst í fyrra og við erum að vona að það muni takast aftur í ár,“ segir Anna.

Jólaúthlutun nefndarinnar fer fram 20. desember. Nú þegar hafa að minnsta kosti 700 einstaklingar og fjölskyldur skráð sig fyrir úthlutun. „Við erum að búast við að þetta endi í um eitt þúsund manns,“ segir Anna en margir af þeim sem mættu í úthlutun á miðvikudag ætluðu einnig að skrá sig í jólaaðstoðina.

Anna segir að töluverð fækkun sé frá því árin áður. Árið 2015 sóttu 400 til 500 manns sér aðstoð í hverri viku. Fólk á öllum aldri leitar til þeirra. „Þú verður að vera orðinn 18 ára til að sækja slíka aðstoð en þetta er allt upp í áttrætt fólk sem leitar til okkar. Svo er að koma mikið af ungu fólki sem hefur kannski eitthvað misstigið sig.“

Á meðal þeirra sem biðu eftir úthlutun á sama tíma og Palli voru tvær ungar konur. Báðar hafa komið til Mæðrastyrksnefndar annað slagið í eitt og hálft ár. Þær vildu síður koma fram undir nafni. Við skulum kalla þær Jónínu og Fríðu. Þær eru báðar 27 ára og búa í Kópavogi. Þær segja mun erfiðara að fá slíka aðstoð í Kópavogi en í Reykjavík og það geti skipt öllu máli að geta sótt sér slíka aðstoð, þó það sé ekki nema einstaka sinnum. „Við erum heppnar ef við náum 200 þúsund krónum á mánuði í tekjur“ segir Jónína.

Fríða á eitt barn og er einstæð móðir. Hún er utan af landi en býr í félagsíbúð á vegum Kópavogsbæjar. Hún á rétt á endurhæfingarlífeyri og sagði oft erfitt að ná endum saman. „Ég hætti í sambandi fyrir tveimur árum sem setti mig í skuldasúpu. Ég er enn að ná mér upp eftir það.“

Jónína er þriggja barna móðir og er á almennum leigumarkaði. Aðspurð hvernig hún fari að því að ná endum saman segist hún vera „bara heppin að eiga góða að. Annars myndi dæmið ekki ganga upp.“

Þær eru báðar í námi hjá Hringsjá sem er náms- og starfsendurhæfing fyrir fólk sem vill komast aftur út á vinnumarkaðinn eftir hlé vegna sjúkdóma, slysa eða annarra áfalla. Fríða sagði félagsráðgjafann hjá Hringsjá hafa reynst þeim sérstaklega vel og hann hafi bent þeim á úrræði Mæðrastyrksnefndar og aðstoðað þær við að komast að þar.

„Hún hjálpaði okkur að skilja að það er engin skömm að því að leita sér aðstoðar. Það skipti miklu máli. Ég grét á kvöldin áður en ég vissi af þessum úrræðum.“ segir Fríða.

Þær segjast báðar aðeins sækja sér slíka aðstoð í ýtrustu neyð, en hafi verið mjög fegnar þegar þeim var bent á þetta úrræði.

„Við förum kannski einu sinni á tveggja mánaða fresti. En alltaf í desember. Það er alltaf erfiður mánuður,“ segir Fríða. Þær eru báðar skráðar í jólaúthlutun Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur. „Jólin eru að koma og þetta hjálpar mörgum,“ segir Jónína.

**lovisaa@frettabladid.is**

95 ÁRA
ORMSSON
1922 - 2017

# Stofnað 1. desember 1922

Í tæpa öld hefur Ormsson þjónað landsmönnum á sviði heimilistækja og rafmagns og hafa mörg þeirra vörumerkja sem prýða fyrirtækið verið hjá okkur í áratugi. Það endurspeglar traust viðskiptavina fyrirtækisins og fyrir það erum við þakklát.



Óðinsgata 25, 1922-1936



Vesturgata 3, 1936-1966



Lágmúli 9, 1966-1990

Teikningar: Árni Elfar

## Sögubrot

Að styrjöldinni lokinni voru öll þýsk umboð fyrirtækisins lýst ógild af Vesturveldunum og bannað að endurnýja þau án leyfis þeirra. Hófst þá hörð barátta hérlendis um þessi umboð, og ýmsir sendu stórar pantanir og fylgdu þeim fast eftir. En Þjóðverjar tóku varlega á málum og að lokum fékk fyrirtækið öll sín eftirsóttustu umboð aftur og hefur haldið þeim síðan.

*Úr sögu Ormsson*



Lágmúli 8, frá 1990

## Sögubrot

En þar sem í uppsiglingu voru stórframkvæmdir hérlendis, virkjun Þjórsár við Búrfell og álbræðsla við Straumsvík, var ákveðið að hefjast handa við byggingu að Lágmúla 9 vorið 1963. Þá ýtti undir að engin innlend fyrirtæki höfðu þá aðstöðu til að taka að sér svo mikil rafmagnsverk sem hér yrði um að ræða, þannig að sýnt var, að þessi viðskipti lentu að meira eða minna leyti í höndum erlendra aðila ef ekki yrði aðhafst neitt.

*Úr sögu Ormsson*

**Afmælisdagur fyrirtækisins er í dag, 1. desember og í tilefni þess ætlum við að bjóða 20% afslátt af öllum AEG vörum í dag og á morgun, laugardag.**

Fuji Electric · BANG & OLUFSEN · Pioneer · BRAUN · AEG · Nintendo · Tefal · SAMSUNG

95 ÁRA ORMSSON 1922 - 2017

**Opnunartímar:**
**Virka daga kl. 10-18**
**Laugardaga kl. 11-15.**

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Netverslun
ORMSSON.IS

ORMSSON
Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR BYGG** | **ORMSSON** | **PENNINN** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** | **TÆKNIBORG** | **OMNIS** | **BLÓMSTURVELLIR** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |



# Meira sælkera

## Sætar syndir smákökudeig

Piparmolar & súkkulaði, Lakkrísbitar & karamellusúkkulaði, Daim & súkkulaði og hvítt súkkulaði & trönuber.

**999** kr/pk




### Ceres jólaöl

Danskt jólaöl sem slær í gegn. 6 í pakka

**699** kr/pk




### Justin´s

Heslihnetu-, jarðhnetu- og möndlusmjör

**399** kr/stk

Tilboð gilda út 3. desember




### dr. Oetker

Tradizionale pizzur

**510** kr/stk

Verð áður 729




### Robin klementínur

Þessar einu sönnu. 2,3 kg

**749** kr/ks



### Tengdamömmutungur 4 tegundir

Frábærar með ostunum, pastanu eða einar og sér!

**799** kr/pk

# Meira girnilegt



ÍSLANDS NAUT

## Smash Style

| 2 x 120 g | 2 x 140 g |
|---|---|
| 559 kr/pk | 639 kr/pk |
| Verð áður 699 | Verð áður 799 |




**Heill kjúklingur**

719 kr/kg
Verð áður 799




**Kjúklingabringur**

1.709 kr/kg
Verð áður 1.899




**Bláberjalegin helgarsteik**

1.949 kr/kg
Verð áður 2.599

HAGKAUP
Meira svona alla daga

# Allt fyrir alla



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks, Vinstri grænna og Framsóknar tekur við þegar efnahagsstaða Íslands hefur sjaldan verið betri í lýðveldissögunni. Sáttmáli stjórnarinnar, sem virðist ekki á því að stundum sé minna betra en sáttmálinn er settur fram í skjali sem telur 40 blaðsíður, ber þess augljós merki. Stjórnin hyggst nýta sér efnahagsuppsveifluna til að auka enn ríkisútgjöld en á sama tíma er áformað að lækka að einhverju marki skatta á heimili og fyrirtæki. Með öðrum orðum er stefnt að því að gera allt fyrir alla. Slíkt var viðbúið með hliðsjón af því að ríkisstjórnin er mynduð á grunni málamiðlunar þriggja flokka sem spanna allt pólitíska litrófið. Ekkert er minnst á ráðdeild og sparnað í rekstri ríkisins á toppi hagsveiflunnar.

Margt ágætt er auðvitað hins vegar að finna í stjórnarsáttmálanum. Lækka á tryggingagjald og tekjuskatt til að tryggja farsæla niðurstöðu í komandi kjaraviðræðum. Þá verður stofnaður Þjóðarsjóður utan um arð af auðlindum, þar sem byrjað verður á orkuauðlindum, en hlutverk hans verður að byggja upp viðnám til að mæta fjárhagslegum áföllum. Í stað þess að horfa aðeins til arðs af auðlindum mætti ganga lengra og skoða að ráðstafa hluta af gjaldeyrisforða Seðlabankans inn í slíkan sjóð. Fagna ber þeirri áherslu sem lögð er á hvers konar nýsköpun – orðið kemur átján sinnum fyrir í sáttmálanum – en meðal annars á að afnema þak á endurgreiðslu kostnaðar vegna rannsókna og þróunar og efla nýsköpun á öllum skólastigum. Ísland hefur í þeim málum verið eftirbátur annarra ríkja en stóran hluta hagvaxtar á Vesturlöndum má rekja til rannsókna og þróunar.

Níu árum eftir fjármálaáfallið er nánast allt bankakerfið í fangi ríkisjóðs. Þessi staða er einsdæmi á Vesturlöndum en í stjórnarsáttmálanum er kveðið á um „leita leiða til að draga úr“ eignarhaldi ríkisins á fjármálafyrirtækjum. Áður en slík skref verða tekin á að vinna hvítbók um framtíðarskipan fjármálakerfisins. Sú stefnumörkun er ágæt, svo langt sem hún nær. Núverandi fyrirkomulag – óhagkvæmt bankakerfi sem er að stórum hluta í eigu ríkisins og rekið með of mikið eigið fé – felur í sér slæma meðferð á fjármunum árum. Tíminn vinnur hér ekki með stjórnvöldum en bankar standa frammi fyrir gerbreyttu umhverfi með uppgangi fjártæknifyrirtækja og aukinni samkeppni í greiðsluþjónustu. Ríkið er ekki rétti aðilinn til að leiða bankana í gegnum þessar breytingar sem kunna að óbreyttu að rýra verulega verðmæti þeirra.

Þótt ríkisstjórnin taki við á góðæristímum, þá bíða hennar þess vegna margar áskoranir. Opinber hagstjórn, ekki hvað síst stefnan í ríkisfjármálum, og niðurstaða kjarasamninga á vinnumarkaði mun ráða úrslitum um hvort það takist að verja efnahagslegan stöðugleika og um leið þá fordæmalausu kaupmáttaraukningu sem náðst hefur á undanförnum árum. Áform um að skila mun minni afgangi á fjárlögum næsta árs hjálpa þar ekki til og minnka líkur á að vextir lækki frekar. Aukin ríkisútgjöld og uppnám á vinnumarkaði getur því hæglega stefnt efnahagsárangrinum í hættu með þekktum afleiðingum. Stærsta verkefni nýrrar stjórnar verður að koma í veg fyrir að sú atburðarás – gengislækkun, aukin verðbólga og hærri vextir – endurtaki sig. Það er ekkert víst að þetta klikki.

**Stærsta verkefni nýrrar ríkisstjórnar verður að koma í veg fyrir að sú atburðarás – gengislækkun, aukin verðbólga og hærri vextir – endurtaki sig. Það er ekkert víst að þetta klikki.**

## Halldór






Gunnlaugur Blöndal

Jólauppboð í Gallerí Fold

mánudaginn og þriðjudaginn

4. og 5. desember, kl. 18

Forsýning í Gallerí Fold föstudag til þriðjudags

föstudag kl. 10–18, laugardag kl. 11–16,
sunnudag kl. 12–16, mánudag kl. 10–17 og þriðjudag kl. 10–17

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is


## Frá degi til dags

**Líkbíllinn**

**Skrifað var undir sáttmála nýrrar ríkisstjórnar í Listasafni Íslands í gær. Á fundinum var talsvert rætt um róstusama tíma í stjórnmálum undanfarið. Það sést til dæmis á því að síðastliðin 10 ár hefur fimm sinnum verið gengið til kosninga. Forystumenn stjórnarflokkanna voru spurðir hvort sú sagnfræðilega staðreynd að engin þriggja flokka stjórn hefur setið heilt kjörtímabil ylli þeim áhyggjum. En augljóst er að þau bera öll þá von í brjósti að geta starfað heilt kjörtímabil. Um leið og blaðamaður Fréttablaðsins gekk út af fundinum sá hann líkbíl fyrir utan Listasafnið. Hann velti því fyrir sér hvort sú sýn væri táknræn fyrir líftíma næstu ríkisstjórnar.**

**Bílstjórinn**

**Þegar Bjarni Benediktsson var fjármálaráðherra í ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins á árunum 2013 til 2016 hafði hann bílstjóra sem heitir Magnús Magnússon. Eftir því sem næst verður komist fór ágætlega á með ráðherranum og bílstjóranum. Eftir að Benedikt Jóhannesson tók við fjármálaráðuneytið sinnaðist honum við Magnús og var hann sendur til annarra starfa í kjölfarið. Nú er Bjarni kominn aftur í fjármálaráðuneytið og þá er ekki nema von að einhverjir spyrji sig hvort Magnús fái að keyra aftur fyrir fjármálaráðherra.**

jonhakon@frettabladid.is

# Góð fyrirheit



Sigurður Hannesson
framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

Stjórnarsáttmáli nýrrar ríkisstjórnar lofar góðu. Áherslu á uppbyggingu innviða, nýsköpun og menntun er sérstaklega fagnað enda er þar fjárfest til framtíðar og samfélagið búið undir breytingar samhliða fjórðu iðnbyltingunni.

Hugvit verður drifkraftur framfara á 21. öldinni og í því ljósi er jákvætt að sjá áherslu nýrrar ríkisstjórnar á nýsköpun. Nýsköpun er án landamæra og því verður starfsumhverfi hér á landi að vera samkeppnishæft við það sem gengur og gerist erlendis. Skilyrði fyrir frumkvöðla og sprotafyrirtæki þurfa að vera framúrskarandi en við hljótum líka að stefna að því að þegar þau fyrirtæki vaxa og dafna þá sé ákjósanlegt fyrir þau að byggja upp frekari starfsemi hér á landi. Því er sérstaklega fagnað að afnema eigi þök á endurgreiðslu kostnaðar vegna rannsókna og þróunar og vonandi kemur það til framkvæmda strax á nýju ári. Sköpunargáfan sem byggir á hugviti verður eftirsóknarverður eiginleiki í framtíðinni og við Íslendingar viljum vera þekktir fyrir að geta breytt hugviti í verðmæti.

Innviðir landsins verða styrktir og uppbyggingu í samgöngum hraðað. Þess má vænta að samgönguáætlun og ríkisfjármálaáætlun verði uppfærðar til samræmis við þessar áherslur. Vel færi þó á því að gerð yrði innviðaáætlun þar sem kæmi fram heildstæð stefna um uppbyggingu innviða. Við lifum í heimi örra breytinga. Með fjórðu iðnbyltingunni verða til ný störf sem krefjast umfram annað hæfni í auknum mæli, það er, að geta dregið ályktanir og leyst verkefni. Þess vegna þarf umbætur í menntakerfinu að sama skapi og fjármagn. Aukna áherslu þarf á tækni- og raungreinamenntun. Þá skal minnt á það að þrátt fyrir tæknibreytingar verður alltaf þörf fyrir iðnmenntað starfsfólk.

Boðaðri lækkun tryggingagjalds er fagnað en þó er minnt á að þegar hefur verið lofað 1% lækkun sem ekki var staðið við.

Heilt yfir ber að fagna þeirri áherslu sem sett er á samkeppnishæfni því það getur ráðið úrslitum um vöxt og viðgang efnahagslífsins. Það er tilhlökkunarefni að sjá það sem fram kemur í sáttmálanum verða að veruleika og við erum reiðubúin í þau uppbyggilegu samskipti sem ný ríkisstjórn boðar.

**Nýsköpun er án landamæra og því verður starfsumhverfi hér á landi að vera samkeppnishæft við það sem gengur og gerist erlendis.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálssson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Ruglið í Rússlandi

Í DAG



Þórlindur Kjartansson

Í dag fylgjast landsliðsmenn, þjálfarar, forsvarsfólk knattspyrnusambanda og aðdáendur grannt með útdrætti í riðla fyrir heimsmeistaramótið í knattspyrnu í Rússlandi næsta sumar. Hvort sem það er í Argentínu, Brasilíu, Frakklandi eða á Spáni eða Englandi—lýstur líklega svipaðri hugsun niður í huga margra: „Ekki Ísland. Vonandi fáum við ekki Ísland.“

Þegar Ísland tryggði sér þátttökurétt á lokamótinu í Rússlandi þann 9. október var nýjabrumið fyrir löngu farið af sigurgöngu íslenska karlalandsliðsins. Í stað þess að þátttaka á stórmóti í knattspyrnu væri nánast órakennd hugmynd—eins og hún var alveg þangað til Ísland komst í umspil gegn Króatíu um sæti á HM fyrir fjórum árum—þá höfum við á undraskömmum tíma vanist því að vera þjóð meðal knattspyrnuþjóða.

Engu að síður er atburðarásin enn þá draumkennd í hugum okkar flestra. Manni finnst að þetta sé of gott til þess að vera satt—eins og við höfum fundið einhverja forritunarvillu í tölvuleik sem gerir okkur ósigrandi; en við þorum ekki að venjast tilhugsuninni af ótta við að forritið verði lagað í næstu uppfærslu og við þurfum aftur að venja okkur við að vera smáþjóð meðal smáþjóða. Að í staðinn fyrir að íslenska landsliðið sé gott, þá verði það aftur gott miðað við stærð, aldur og fyrri störf.

Í þessum draumi eiga allir örlítið erfitt með að rata einstigið milli þess að vera kúl og yfirveguð—eins og við séum öllu vön; eða leyfa okkur að vera hamslaus af gleði, tilhlökkun og fögnuði eins og lítil börn sem er sagt að þau séu á leiðinni í Lególand.

En líklegast gildir það um tilfinningarnar í garð fótboltans að það er miklu betra að missa sig en missa það; og ef við týnum kúlinu þá sorrý með það. Það er líka orðinn ómissandi hluti af ævintýralegu gengi íslenska landsliðsins að íþróttafréttamenn leyfa sér að taka af öllu hjarta þátt í gleðinni. Kannski finnst einhverjum það vera sveitalegt—en líklega væri enn þá sveitalegra að byrgja inni tilfinningaofsann og þykjast lýsa leikjum eða fjalla um þá af einhvers konar yfirvegun eða hlutleysi.

Þess vegna voru viðbrögð fréttamanns RÚV eftir sigurleikinn gegn Kósóvó mjög skiljanleg þegar hún vatt sér upp að brosandi og sigurreifum fyrirliðanum nokkrum mínútum eftir að flautað var til leiksloka og sagði: „Ísland á HM. Hvaða rugl er þetta eiginlega?“

Það kom örlítið fát á fyrirliðann. Fagnaðarbrosið rann hratt af vörum hans, hann hvessti augun í sekúndubrot og hann hreytti út úr sér, eins og hann hafi ekki skilið athugasemdina: „Rugl, hvað meinarðu með rugl?“

Aron Einar var ekki búinn að týna kúlinu, og var hvorki að missa sig né það, þótt hann væri glaður. Hann var ekki beinlínis reiður, ekki móðgaður—en kannski örlítið undrandi. Hugur hans var ekki á sama stað og okkar allra hinna sem dönsuðum eins og hálfvitar.

Íslenska landsliðið í knattspyrnu hefur greinilega fyrir löngu brotið af sér alla þá hugarhlekki sem áður fyrr gerðu viðlíka árangur óhugsandi. Fyrirliðinn lýsti vonbrigðunum yfir því að hafa ekki komist á HM 2014 og að árangurinn nú væri einfaldlega beint framhald á þeirri vinnu sem átt hafi sér stað á undanförnum árum. Í tali fyrirliðans kom ekki fram undrun, draumórar eða trú á heppni eða kraftaverk. Ekkert nema bjargföst trú á að það sem liðið hefur ætlað sér, geti það náð að framkvæma. Og ekkert rugl. Eins og algengt er í viðtölum við íþróttamenn í sigurvímu þakkaði fyrirliðinn hinum og þessum. En það var ekki venjulegt heldur. Flest viðtöl við íþróttamenn innihalda einhvers konar þakklæti til liðsfélaganna og kannski þjálfarans—og í Ameríku þakka menn gjarnan Guði, án þess að það fylgi endilega sögunni hvað Almættið átti sökótt við andstæðinginn. Flestar íþróttahetjur virðast þó fullkomlega sáttar við að þeim sé persónulega þakkaður sem stærstur hluti sigursins.

En fyrirliði íslenska landsliðsins, og félagar hans, láta ekki staðar numið við liðsfélagana og þjálfarann heldur opnar hann varla munninn án þess að þylja upp langan lista af alls konar fólki sem á beinan eða óbeinan þátt í árangri liðsins. Nuddarar, skrifstofufólk, skipuleggjendur, fjölmiðlafulltrúar, vallarstarfsmenn og nánast hver sem er annar getur átt von á þakklætisvotti úr munni þeirra bláklæddu eftir sigurleiki.

Mér segir svo hugur að þeir sem skúra búningsklefana eftir æfingar hjá ítalska, portúgalska og brasilíska landsliðsins geti tæpast átt von á slíku.

Íslenska landsliðið er nefnilega mjög ólíkt flestum öðrum landsliðum—og í raun flestum atvinnumannaliðum í íþróttum. Landslið Íslands er raunverulegt lið, en ekki samansafn einstaklinga. Það væri þess vegna ólíklegt að íslenska landsliðið yrði betra lið þótt Cristiano Ronaldo eða Arjen Robben bættust í hópinn.

Það er nefnilega fleira en bara sigurhefðin og járnviljinn sem ríkja í þeirri menningu sem skapast hefur innan íslenska landsliðsins. Þar ríkir líka þakklætismenning þar sem bersýnilega er lögð áhersla á að allir í liðinu hafa mikilvægu hlutverki að gegna; og ein af helstu skyldum hetjanna sem setja á sig búninginn er einmitt að sjá til þess að dýrðin og sigurljóminn sogist ekki inn í svarthol sjálfsdýrkunar, heldur endurspeglist sem víðast á alla þá sem fært hafa fórnir fyrir liðið.

Þessar litlu fórnir eru það sem breytir samansafni einstaklinga í raunverulegt lið—og þetta kann að skýra að einhverju leyti þá ótrúlegu staðreynd að í dag munu forsvarsmenn stórþjóðar í knattspyrnu andvarpa þungt þegar nafn Íslands kemur upp úr pottinum og segja „Æ, nei, ekki Ísland.“



# Tæknin er lykill að framtíðinni



Silja Dögg Gunnarsdóttir
þingmaður Framsóknarflokksins

**Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á menntamál, rannsóknir og þróun. Þangað þurfum við að fara til að tryggja samkeppnishæfni þjóðarinnar og velsæld til lengri tíma.**

Herakleitos hafði rétt fyrir sér þegar hann benti á að maður stigi aldrei tvisvar í sömu ána, því að þegar maður stígur fætinum í ána rennur sífellt um hann nýtt vatn. Stjórnmálamenn geta valið á milli þess að verja kerfið eða viðurkenna nauðsyn endurskoðunar þess og um leið framþróunar samfélagsins. Íslenska menntakerfið er ein af grunnstoðum samfélagsins. Við þurfum því að hlúa að því og miða stjórnun og stefnumótun þess við að búa ungt fólk undir atvinnulífið. Á hvers konar færni þarf atvinnulífið að halda?

**Heimurinn smækkar**

Ný tækni hefur aukið möguleika okkar til náms og jafnað aðstöðumun, þ.e. með auknum aðgangi að fjarnámi eiga flestir þess kost að stunda nám óháð búsetu (nema þeir sem eru ekki komnir með ljósleiðara – en það er eitt af stóru verkefnum nýrrar ríkisstjórnar), hvort sem það er komið út á vinnumarkað, með fjölskyldu eður ei. Heimurinn smækkar með hverjum deginum sem líður. Fjarnám er líka hægt að stunda við erlenda háskóla sem eru þá í samkeppni við íslenska háskóla. Við þurfum því að huga að samkeppnishæfni skólanna okkar með því að bæta rekstrargrunn þeirra.

Í ljósi þess að almennt er viðurkennt að fjórða iðnbyltingin sé hafin þá þurfum við að velta fyrir okkur hvort menntakerfi Vesturlanda séu nægilega skilvirk. Kerfi sem á sér rætur í forngrískri klassík og síðan í iðnbyltingu 18. og 19. aldar, þar sem samfélög voru byggð í kringum verksmiðjur. Stundvísi, endurtekningar, hlýðni og það að læra utanbókar ákveðnar formúlur voru taldar til æðstu dyggða. Dugar slíkt skipulag í hinum frjálsa og flókna nútíma 21. aldar? Ég held ekki.

**Aðlögun eykur samkeppnishæfni**

Niðurstaðan er því sú að næmni fyrir umhverfinu, skapandi hugsun og góð aðlögun að þeim breytingum sem samfélagið kallar eftir, eru lykilþættir ef menntakerfið okkar á að mæta þörfum atvinnulífs framtíðarinnar í breyttum heimi. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á menntamál, rannsóknir og þróun. Þangað þurfum við að fara til að tryggja samkeppnishæfni þjóðarinnar og velsæld til lengri tíma. Lokaorð Charles Darwin eiga því ágætlega við í þessu samhengi: „It is not the strongest of the species that survives, nor the most intelligent that survives. It is the one that is the most adaptable to change."

# Tímaskekkja og tímasóun



Helgi Steinar Gunnlaugsson
master í alþjóðasamskiptum, Háskólinn í Peking



Ég gleymi aldrei mínum fyrsta dönskutíma í grunnskóla. Við sátum öll og þuldum upp orðin sem notuð eru til að kynna sig, kveðja fólk og panta sér smurbrauð. Á næstu árum inn í framhaldsnám mitt mætti ég í dönskutíma og barði þetta mál í mig. Sjálfur hef ég mikinn áhuga á tungumálum og fór reyndar að læra kínversku þegar komið var að háskólanámi. Ég fékk oft mjög hátt í dönsku og var fljótlega farinn að hlakka til að fara í mína fyrstu reisu til Kaupmannahafnar.

Þegar þangað var komið gekk ég niður Strøget og fór að tala við heimamenn. Vandamálið var hins vegar að ég lenti nánast alltaf í tungumálaerfiðleikum. Annaðhvort skildi ég ekki þykkan hreim Dana eða þeir ekki minn og endaði samtalið alltaf á því að við urðum að skipta yfir á ensku. Það var þá sem ég fór að velta ýmsu fyrir mér. Í fyrsta lagi, hvernig stóð á því að eftir næstum heilan áratug í dönskunámi var ég nánast óskiljanlegur hvert sem ég fór og í öðru lagi, af hverju er þetta ennþá skylduáfangi í íslenskum skólum til að byrja með?

Þau rök sem eru færð fyrir því að neyða íslensk ungmenni til að læra dönsku eru söguleg tengsl sem Íslendingar hafa við Dani. Tungumálið gegndi lykilhlutverki í samskiptum okkar við Danmörk og var drjúgur hluti námsefnisins á dönsku. Tungumálið var einnig mikilvægt fyrir alla þá Íslendinga sem fóru í háskólanám og höfðu fátt annað um að velja en Kaupmannahöfn. Margt hefur breyst síðan þá, en það voru þessar sögulegu ástæður sem urðu til þess að danska var kennd á Íslandi.

En sögulegar ástæður þýða ekki mikið. Íslendingar hafa líka söguleg tengsl við að brenna fólk á báli fyrir galdra og drekkja konum fyrir dulsmál og blóðskammir. Ef verið er að neyða námsmenn til að læra eitthvað, þá ættu rökin frekar að snúast um nytsemi, ekki hefð.

Svo er það sú hugsun að með því að læra dönsku getum við gert okkur skiljanleg á hinum Norðurlöndunum. Sú hugmynd er alls ekki galin og ef Norðurlandabúar væru ennþá siglandi um á víkingaskipum, ófærir í að tjá sig á ensku þá myndi þessi kunnátta koma sér vel. En staðreyndin er sú að enskan er löngu búin að taka sér fótfestu og er núna orðin annað tungumál hjá 86-90% af íbúum Norðurlandanna.

**Þetta er ekki spurning um að leggja niður dönsku alfarið. Að læra tungumál er eitt það besta sem einstaklingur getur gert. Þetta er spurning um hvort danska eigi að vera val eða skylda.**

Þetta er ekki spurning um að leggja niður dönsku alfarið. Að læra tungumál er eitt það besta sem einstaklingur getur gert. Þetta er spurning um hvort danska eigi að vera val eða skylda. Það að þetta sé bara hefð og gæti komið sér vel fyrir í löndum þar sem enska er þegar töluð eru ekki nægileg rök fyrir öll þau ár sem íslenskir námsmenn verja í að læra dönsku.

Á meðan skólar eru að hefjast á ný ættum við hin að hefja alvarlega umræðu um það hvernig framtíðin mun líta út í íslensku menntakerfi. Verðum við þjóðin sem leitast eftir því að nýta námsár barna okkar eins vel og hægt er eða verðum við þjóðin sem neitar að breytast bara vegna þess að ákveðnir hlutir hafa alltaf verið þannig?





# DAGATAL 2018

Eimskipafélag Íslands hefur gefið út dagatal frá því snemma á síðustu öld, oftast prýtt myndum úr íslenskri náttúru. Ljósmyndarinn Ragnar Axelsson gerir náttúrunni skil á sinn einstaka hátt á dagatalinu og sjást þar ævintýralegar myndir frá svæðum á Íslandi sem fáir hafa notið.

**Hægt er að nálgast dagatalið á næsta afgreiðslustað Eimskips og Eimskips Flytjanda.**

EIMSKIP

[redacted]

# 25% af ÖLLUM borðstofu-húsgögnum

1.-19. desember



**CONNECT-borðstofuborð.** Borðplata úr eik. Stálfætur. 100 x 200 cm. 119.900 kr. Nú 89.900 kr. Framlenging eins og sýnd á myndinni, svört. 100x50 cm. 19.900 kr. Nú 14.925 kr.
**HYPE-borðstofustóll.** Svart PU leður. 39.900 kr. Nú 29.925 kr.

## Nú 119.925 kr.



**EIK-borð.** Borðstofuborð úr eik. 95x210 cm. 159.900 kr. Nú 119.925 kr.

## Nú 37.425 kr.



**MALLORCA-borð.** Hvít plata og viðarfætur. Ø110 cm. 49.900 kr. Nú 37.425kr.

## Nú 112.425 kr.



**WHY WOOD NY-borð.** Hvít laminat borðplata með hvíttuðum eikarfótum. 220x95 cm. 149.900 kr. Nú 112.425 kr.

## Nú 7.700 kr.

40%



**LINK-stóll.** Plastseta. Ýmsir litir. 12.900 kr. Nú 7.700 kr.

## Nú 6.900 kr.

45%



**CAROLINA-stóll.** Ýmsir litir. Svartir fætur. 12.900 kr. Nú 6.900 kr. Kynningarafsláttur.

VEXTIR 0%

**12 MÁNAÐA VAXTALAUS GREIÐSLUDREIFING**

Þegar verslað er með VISA eða MasterCard. Þegar verslað er fær kaupandi að sjá yfirlit yfir greiðsluáætlun sem sýnir áætlaðar mánaðarlegar greiðslur, ásamt lántökukostnaði og færslugjaldi.

MasterCard VISA

Netgíró

**3 MÁNAÐA VAXTALAUS GREIÐSLUDREIFING MEÐ**

ILVA

Nú **14.900** kr.



**DANA-stóll.** Hvít seta, eikarfætur. 19.900 kr. Nú 14.900 kr.

Nú **29.925** kr.



**ELICA-borð.** Hvítlökkuð MDF borðplata með fótum úr gúmmívið. 90x160 cm. 39.900 kr. Nú 29.925 kr.



# WOODSTORY

## HANNAÐU ÞITT EIGIÐ PLANKABORÐ

Stefnur og straumar eru að færa náttúrulegan efnivið inn á heimilið með því nota lífræn efni í húsgögn, sem gerir það að verkum að plankaborð eru á góðri leið með að verða sígild. Þess vegna kynnum glænýja hugmyndafræði sem kallast Woodstory, þar sem þú getur hannað þitt eigið plankaborð sem hentar þér og passar fullkomlega inná þitt heimili. Þú velur um einn eða tvo planka með beinum eða lifandi brúnum og um þrjár mismunandi gerðir af fótum. Um leið og þú hefur gert upp hug þinn hvernig borðið þitt á að líta út, látum við handgera það í Evrópu þar sem góður efniviður og framúrskarandi gæði eru fyrirrúmi.






**DOMESTICA-kristalsglös.**
Gyllt eða silfurlituð rönd.
Hvítvínsglas. 250ml 1.995 kr. Nú 1.395 kr.
Vínglas 185ml 1.895 kr. Nú 1.295 kr.
Kampavínsglas. 190ml 1.795 kr. Nú 1.195 kr.



**GOLDEN-hnífapör.** Hnífur, gaffall eða skeið. 395 kr. Nú 275 kr. Teskeið. 295 kr. Nú 195 kr.




**30%**
**af ÖLLUM borðbúnaði**
**1. - 19. desember**

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

shop online




**Sviðið í Kreml þar sem dregið verður í riðla fyrir heimsmeistaramótið í Rússlandi á næsta ári. Drátturinn hefst klukkan 15:00 í dag.** NORDICPHOTOS/GETTY

| 1 | | 2 | | 3 | | 4 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Rússland 65 | Argentína 4 | Spánn 8 | Kólumbía 13 | Danmörk 19 | Túnis 28 | Serbía 38 | Marokkó 48 |
| Þýskaland 1 | Belgía 5 | Perú 9 | Mexíkó 16 | Ísland 21 | Egyptaland 30 | Nígería 41 | Panama 49 |
| Brasilía 2 | Pólland 6 | Sviss 10 | Úrúgvæ 17 | Kostaríka 22 | Senegal 32 | Ástralía 43 | S-Kórea 62 |
| Portúgal 3 | Frakkland 7 | England 11 | Króatía 18 | Svíþjóð 25 | Íran 34 | Japan 44 | Sádi-Arabía 63 |

# Upphafskafli nýs ævintýris

**Í dag verður dregið í riðla fyrir lokakeppni heimsmeistaramótsins í knattspyrnu sem fer fram í Rússlandi næsta sumar. Ísland er á meðal þátttökuþjóða í fyrsta sinn og blandar því geði við risa knattspyrnuheimsins í fyrsta sinn.**

**FÓTBOLTI** Íslenska karlalandsliðið hefur upplifað svo margar stórar stundir undanfarin misseri að það fer að verða klisjukennt að tala um stórar stundir í sögu liðsins og íslenskrar knattspyrnu. Engu að síður er komið aftur að einni slíkri í dag þó svo að enginn leikur sé á dagskrá. Í dag verður dregið í riðla fyrir HM í knattspyrnu sem fer fram í Rússlandi næsta sumar og er það stund sem mun fá stóran hluta þjóðarinnar til að standa á öndinni af eftirvæntingu – slík er spennan fyrir því að sjá hvaða þjóðum Ísland mun mæta næsta sumar.

Athöfnin fer fram í Kreml í Moskvu í dag, valdamiðstöð gömlu Sovétríkjanna. Þangað munu augu margra beinast í dag. Gary Lineker, hinn gamli markahrókur enska landsliðsins, stýrir athöfninni en hver þjóð sem hefur unnið heimsmeistaratitil mun senda fulltrúa sinn á staðinn. Diego Maradona er fulltrúi Argentínu en hann var í aðalhlutverki þegar Argentína vann Lineker og félaga í enska landsliðinu á HM 1986 í Mexíkó, þegar Maradona skoraði meðal annars með „hendi guðs“.

**Ísland í þriðja styrkleikaflokki**

Liðunum 32 sem komust á HM hefur verið raðað í fjóra styrkleikaflokka og var miðað við stöðu þeirra á styrkleikalista Alþjóðaknattspyrnusambandsins, FIFA, í október þegar það var gert. Ísland var í 21. sæti á þeim lista þar sem tekin eru stig fyrir úrslit leikja síðustu fjögurra ára á undan við útreikninga listans.

Þetta er breyting frá fyrra fyrirkomulagi þar sem aðeins var raðað í fyrsta styrkleikaflokk samkvæmt heimslista FIFA en í aðra flokka eftir heimsálfum.

Ísland er ofarlega á blaði í þriðja styrkleikaflokki og mátti litlu muna að okkar menn kæmust í næsta fyrir ofan. Til þess hefðu bæði Króatía og Danmörk þurft að falla úr leik í umspilsleikjum sínum fyrir HM í nóvember.

Það þýðir að Ísland getur ekki dregist í riðil með öðrum liðum í þriðja styrkleikaflokki. Í þeim eru til að mynda hinar Norðurlandaþjóðirnar sem komust á HM – Danmörk og Svíþjóð – og því er eina leiðin til að mæta frændþjóðum okkar að komast áfram í útsláttarkeppnina.

**Hvernig fer drátturinn fram?**

Dregið verður fyrst úr fyrsta styrkleikaflokki. Raunar er það svo að búið er að ákveða að Rússland verður í A-riðli en aðrar þjóðir úr flokknum verða dregnar í hina sjö riðlana, fyrst í B-riðil, svo C-riðil og þannig áfram eftir stafrófsröð.

Eftir það verður dregið úr öðrum styrkleikaflokki, þá þriðja og loks fjórða.

Stærsti fyrirvarinn í drættinum er sá að lið frá sömu heimsálfu geta ekki dregist saman í riðil. Það verður þó að gera undantekningu fyrir Evrópu þar sem fjórtán Evrópuþjóðir unnu sér þátttökurétt á HM. Tvær Evrópuþjóðir verða því í sex af átta riðlum og því meirihlutalíkur á að Ísland verði með annarri Evrópuþjóð í riðli.

**Ísland getur fengið opnunarleikinn**

Nú þegar er búið að raða öllum leikjum keppninnar á daga og borgir. Það eina sem er vitað er að Rússland er svokallað A1-lið, það er að segja fyrsta liðið í A-riðli. Það er þess vegna vitað að Rússar spila opnunarleik keppninnar í Moskvu, annan leik sinn í St. Pétursborg og þann þriðja í Samara.

Þó svo að Ísland sé í þriðja styrkleikaflokki þýðir það ekki að Ísland verði „þriðja liðið“ í sínum riðli. Í hvert sinn þegar land er dregið úr pottinum og sett í næsta lausa riðil verður önnur kúla dregin sem ákveður hvaða númer hvert lið fær í viðkomandi riðli.

Ef Ísland verður dregið í A-riðil og verður þar lið númer 2 mun það spila opnunarleik keppninnar gegn gestgjöfum Rússlands á Luzhniki-leikvanginum í Moskvu, fimmtudaginn 14. júní klukkan 15.00 að íslenskum tíma.

Af þessari ástæðu verður ljóst á hvaða dögum Ísland spilar og í hvaða borgum um leið og búið er að draga nafn Íslands úr pottinum og úthluta því númeri í viðkomandi riðli.

Athöfnin í Moskvu hefst klukkan 15.00 í dag og verður vel fylgst með gangi mála á íþróttavef Vísis í allan dag.

eirikur@frettabladid.is

## Mögulegir riðlar

**Lesendur Vísis**
- Rússland
- Perú
- Ísland
- Sádi-Arabía

Lesendur Vísis tóku þátt í könnun í gær og er þetta niðurstaðan. Þetta er líklega sá riðill sem hvað auðveldast væri að komast upp úr og í 16 liða úrslitin, enda Rússar langlægst skrifaða liðið úr fyrsta styrkleikaflokki.

**Draumariðill**
- Brasilía
- England
- Ísland
- Panama

Sameinar það besta úr báðum heimum – að mæta skemmtilegum liðum og eiga möguleika á sæti í 16 liða úrslitunum. Englendinga höfum við unnið áður og er vel hægt að endurtaka þann leik.

**Martraðariðill**
- Þýskaland
- Kólumbía
- Ísland
- Nígería

Þetta er erfiður riðill, svo vægt sé til orða tekið. Þjóðverjar eru ríkjandi heimsmeistarar og Kólumbíumenn ávallt sterkir. Þá er Nígería líklega sterkasta liðið sem hægt væri að fá úr fjórða styrkleikaflokki.



## Nýjast

**Olís-deild karla í handbolta**

**ÍBV - Afturelding 19-25**
**ÍBV**: Agnar Smári Jónsson 6, Kári Kristjánsson 5/1, Daníel Griffin 2, Róbert Aron Hostert 2, Dagur Arnarsson 2, Grétar Þór Eyþórsson, Ágúst Emil Grétarsson 1.
**Afturelding:** Árni Bragi Eyjólfsson 9/4, Einar Ingi Hrafnsson 4, Elvar Ásgeirsson 4, Kristinn Hrannar Bjarkason 3, Gunnar Kristinn Þórsson 2, Böðvar Páll Ásgeirsson 1, Mikk Pinnonen 1, Ernir Hrafn Arnarson 1.

**Selfoss - Stjarnan 31-26**
**Selfoss**: Einar Sverrisson 7, Haukur Þrastarson 7, Hergeir Grímsson 5, Atli Ævar Ingólfsson 5, Teitur Örn Einarsson 4, Árni Steinn Steinþórsson 2, Alexander Már Egan 1.
**Stjarnan:** Egill Magnússon 8, Leó Snær Pétursson 6, Sigurður Egill Karlsson 4, Aron Pálsson 3, Garðar B. Sigurjónsson 3/2, Andri Grétarsson 1, Brynjar Guðmundsson 1.

**Valur - Grótta 33-35**
**Valur**: Anton Rúnarsson 11/2, Stiven Tobar Valencia 6, Alexander Örn Júlíusson 4, Magnús Óli Magnússon 4, Ýmir Örn Gíslason 2, Sveinn Rivera 2, Ólafur Ægir Ólafsson 2, Ásgeir Vignisson 1, Ryuto Inage 1.
**Grótta:** Júlíus Stefánsson 10, Bjarni Valdimarsson 9/2, Daði Gautason 6/2, Pétur Hauksson 4, Max. Jonsson 2, Þórir Traustason 2, Hannes Grimm 1, Nökkvi Elliðason 1.

**ÍR - Haukar 24-23**
**ÍR**: Bergvin Þór Gíslason 6, Sveinn Andri Sveinsson 5, Daníel Ingi Guðmundsson 4/3, Sturla Ásgeirsson 3, Elías Bóasson 3, Kristján Orri Jóhannsson 2, Úlfur Kjartansson 1.
**Haukar:** Hákon Daði Styrmisson 4/2, Pétur Pálsson 4, Daníel Ingason 3, Atli Már Báruson 3, Leonharð Harðarson 3, Adam Baumruk 2, Halldór Ingi Jónasson 2, Heimir Óli Heimisson 1, Brynjólfur Brynjólfsson 1.

**Fjölnir - Víkingur 23-27**
**Fjölnir**: Kristján Örn Kristjánsson 9/1, Sveinn Þorgeirsson 4, Sveinn Jóhannsson 3, Bjarki Lárusson 3, Breki Dagsson 2, Björgvin Páll Rúnarsson 1, Andri Berg Haraldsson 1/1.
**Víkingur:** Birgir Már Birgisson 6, Jón Hjálmarsson 5, Egidijus Mikalonis 4, Víglundur Jarl Þórsson 4/1, Guðmundur Birgir Ægisson 4, Ægir Hrafn Jónsson 2, Magnús Karl Magnússon 1, Hlynur Óttarsson 1.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| FH | 20 | Afturelding | 11 |
| Haukar | 17 | ÍR | 10 |
| Valur | 17 | Fram | 8 |
| ÍBV | 16 | Grótta | 6 |
| Selfoss | 16 | Víkingur | 5 |
| Stjarnan | 11 | Fjölnir | 5 |

**ÓLAFÍA HÓF LEIK Í NÓTT**
Drottningarmótið í golfi í Japan hófst á miðnætti. Ólafía Þórunn Kristinsdóttir er á meðal þátttakenda en hún keppir með hinni skosku Carly Booth í fjórbolta á móti Jeong-Eun Lee og Seon-Woo Bae frá Suður-Kóreu. Þær suður-kóresku eru í 51. og 54. sæti heimslistans. Ólafía er í 178. sæti og Booth í því 396. Aðeins þrír kylfingar í Evrópuúrvalinu eru ofar á heimslistanum en Ólafía. Golfstöðin sýnir beint frá síðustu tveimur keppnisdögunum.




## Í dag

**17.30** **Hero World Challenge** Golfs.
**19.05** **Höttur - Þór** Sport 2
**19.50** **Leeds - Aston Villa** Sport 3
**20.00** **Seinni bylgjan** Sport
**01.00** **OKC-Timberwolves** Sport

**Domino's-deild karla í körfubolta**
**19.15** **Höttur - Þór**

# Fólk

Lífsstíll



# Vill að áhorfendur hrökkvi við

Jón Sigurður Gunnarsson fimleikakappi hefur ráðið sig í nýsjálenskan farandsirkus. Næsta hálfa árið mun hann búa í hjólhýsi og ferðast milli sýningarstaða. Hann segir allt leyfilegt í sirkus og fátt jafnist á við að fá áhorfendur til að æpa og kippast til í sætunum. ➜2





Djásn er sérsvið Önnu Völlu Jónsdóttur. Hún er höll undir þá lýðræðislegu tilhugsun að allir geti haft aðgang að fallegum skartgripum og segir skart ekki þurfa að vera dýrt til að vera fagurt. ➜4



Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



Þetta er tækifæri sem maður fær ekki oft á ævinni, að flytja til útlanda og gera það sem ég geri best. Þetta var ekki spurning,“ segir Jón Sigurður Gunnarsson, fimleikakappi hjá Ármanni, en hann hefur ráðið sig í sirkus á Nýja-Sjálandi í hálft ár.

„Ég á að vera mættur 10. janúar og svo byrjum við bara að túra. Þetta verður erfitt, það verða sýningar í hverri viku og við setjum sjálf upp tjaldið og tökum það niður,“ segir hann. Þetta sé farandlíf og sirkusfólkið býr og ferðast á milli staða í hjólhýsi. „Þetta er alveg eins og maður sér í bíó, nema það eru engin dýr í sirkus í dag, engir fílar,“ segir Jón. Hann er ekki alveg ókunnugur sirkusatriðum eftir að hafa sýnt með Sirkus Íslands undanfarin sumur. Hann segir sirkusheiminn tiltölulega lítinn og sirkusfólk þekkist innbyrðis um allan heim.

„Sirkusfólk er mikið á flakki um heiminn og kíkir þá á æfingar hjá öðrum sirkushópum. Austurrískur strákur sem býr á Nýja-Sjálandi hafði til dæmis verið að sýna með okkur og fólkið sem stýrir sirkusnum þar úti þekkir Lee, stjórnanda Sirkuss Íslands, síðan úr skóla,“ segir Jón. Margt sé líkt með fimleikum og sirkus og útsendarar sirkusa mæti á fimleikakeppnir um allan heim í leit að hæfileikafólki í sínar raðir.



Jón Sigurður Gunnarsson fimleikamaður mun leika listir sínar í farandsirkus á Nýja-Sjálandi. MYND/ERNIR

### Smellpassar inn í sirkusinn

„Ég hef æft fimleika í 20 ár og bæði hef ég keppt og sýnt fimleika í mörg ár. Hvort tveggja krefst mikils styrks og liðleika og mikilla ferðalaga og í keppnisferðum eru sett upp sirkusatriði á opnunarhátíðum fimleikamóta. Síðasta heimsmeistaramót í fimleikum fór fram í Montreal í Kanada. Þar er Circus Soleil með höfuðstöðvar sínar, stærsti sirkus í heimi, og þau sáu til dæmis um opnunaratriði leikanna. Þau ráða fimleikafólk mikið í sínar raðir og mæta á mótin í leit að fólki. Og ekki bara fimleikafólki, einnig bmx hjólafólki, körfuboltafólki, dýfingafólki, skauta- og fótboltafólki, allar íþróttir er hægt að útfæra í sirkuslistir. Ég valdi mér handstöður og loftfimleika, ég er góður í því. Ég er samt enn að læra nýja hluti og það heldur mér í fimleikunum. Að ná tökum á nýju trikki er ótrúlega gaman.

Þegar Sirkus Íslands var að æfa í Ármanni vorum við strákarnir að fylgjast með og prófa að gera sirkustrikkin. Við fórum svo létt með þetta og svo leiddi eitt af öðru. Við Sindri fórum að vinna með Sirkus Íslands, settum saman geggjað atriði og fórum að sýna. Ég hafði, eins og aðrir fimleikamenn hugsað, hvað á ég að gera þegar fimleikaferlinum lýkur? En nú er eins og ég hafi verið þjálfaður í öll þessi ár fyrir nákvæmlega þetta, sirkusinn.“

Sirkusinn á þó varla við alla og Jón viðurkennir að fólk þurfi að hafa þann hæfileika að geta skemmt áhorfendum. Áhorfendur mæti í sirkus til að sjá eitthvað ótrúlegt.

„Það þarf auðvitað að hafa sviðsframkomu. Ég hef gert heilmikið af því að koma fram. Það er ótrúlega skemmtilegt að gera eitthvert klikkað trikk sem fær áhorfendur til að hrökkva til í sætunum og taka andköf. Það er bæði gaman að gera trikkin, ganga eins langt og maður getur og heyra viðbrögð áhorfenda,“ segir Jón. Sjálfstraust sé líka nauðsynlegt í þessum bransa.

„Auðvitað! Maður þarf að vera góður, helst sá besti í einhverri ákveðinni grein. Það er samt engin samkeppni innan hópsins því við erum öll með okkar styrkleika og mismunandi karakter. Það er miklu frekar að fólk hjálpi hvert öðru að læra nýtt og bæta sig í einhverju sem það er að gera. Sirkusinn er listform. Fimleikar eru líka listræn leikfimi ef svo má segja en í fimleikum eru reglur sem fólk er dæmt út frá þegar það sýnir atriðið sitt. Í sirkusnum eru engar reglur og það heillar mig. Þar er allt leyfilegt. Ég bjó til dæmis til atriði þar sem ég hangi í keðjum í loftinu, ber að ofan og spila á rafmagnsgítar, og það má!“







Jón og félagi hans Sindri hafa sýnt saman með Sirkus Íslands.

### Lætur sér aldrei leiðast

Jón Sigurður segist alltaf hafa verið orkumikill og í æsku hafi hann sífellt verið klifrandi og sveiflandi sér um húsið. Hann lætur sér aldrei leiðast og segist alltaf vakna spenntur. Fólk sé alltaf að spyrja hann hvort hann sé ADHD.

„Mamma vill ekki meina það, ég get nefnilega haldið fókus og einbeitingu en það lærði ég í fimleikunum. En ég hef alltaf verið orkumikill og pabba fannst tilvalið að setja mig í fimleika þegar ég var fimm ára. Mér leiðist aldrei. Það er alltaf eitthvað fram undan til að hlakka til og ég er alltaf spenntur fyrir einhverju. Ég hef aldrei farið út af sporinu, ég þarf ekki að skammast mín fyrir unglingsárin eða neitt. Ég er nokkuð ánægður með mig,“ segir hann hlæjandi.

„Systkini mín voru líka í íþróttum. Systir mín var í fótbolta og fór til Bandaríkjanna að spila. Bróðir minn prófaði líka íþróttir en við erum andstæður, við tveir. Hann er raungreina- og vísindagaur og er í mastersnámi í tölvunarfræði. Hann er nörd en ég er reyndar sjálfur nörd, les samt ekki neitt, horfi bara á bíómyndir um ofurhetjur.“

### Geri bara mitt „thing“

Áður en sirkusævintýrið hefst fer Jón með fjölskyldunni í heimsókn til bróður síns í Suður-Kóreu. Eftir jólin fara þeir bræðurnir í ferðalag til Hong Kong og Fídjíeyja. Svo tekur alvaran við. Jón segist ekkert stressaður.

„Ja, ég veit svo sem ekkert hvað ég er að fara út í. Ég veit ekkert um þetta land, hef aldrei komið í þessa heimsálfu. Það verður heitt, 30 gráður og enn heitara inni í tjaldinu. En ég er ekki stressaður. Ég veit bara að ég ætla að gera mitt „thing“. Þetta verður frábært.“




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar

**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433




**VERZLANIR OKKAR Í REYKJAVÍK:**

FARMERS & FRIENDS
Hólmaslóð 2 / Grandi

FARMERS & FRIENDS
Laugavegur 37

**WWW.FARMERSMARKET.IS**



# Fegurðin gerir mig hamingjusama



Djásn er sérsvið Önnu Völlu Jónsdóttur. Hún er höll undir þá lýðræðislegu tilhugsun að allir geti haft aðgang að fallegum skartgripum og segir skart ekki þurfa að vera dýrt til að vera fagurt.



Anna Valla Jónsdóttir er gullsmiður og skartgripahönnuður, búsett í Kaupmannahöfn þar sem hún rekur verslun og verkstæði á Nørrebro. Íslendingar geta nálgast skart hennar í Norræna húsinu.



Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@365.is

Skart getur fengið fólk til að finna fyrir fegurð á eigin líkama,“ segir Anna Valla Jónsdóttir, gullsmiður og skartgripahönnuður í Kaupmannahöfn. „Tilfinningin að nota skartgripi getur líka lyft manni upp. Það hefur áhrif á sálina að bera skart sem manni þykir fallegt eða skiptir mann máli, eins og giftingarhring eða erfðaskart sem felur í sér minningar,“ segir Anna Valla Jónsdóttir, gullsmiður og skartgripahönnuður.

Anna Valla ólst upp í Svíþjóð til ellefu ára aldurs og hefur búið í Kaupmannahöfn undanfarið 21 ár.

„Sem stúlka var ég lítið fyrir að punta mig og enn nota ég mjög lítið af skartgripum. Ég hef hins vegar alltaf haft brennandi áhuga á list og hönnun. Ég finn að fegurð gerir mig hamingjusama, eins og það gerir flest fólk hamingjusamt að sjá og nota fallega hluti. Í því felast ákveðin lífsgæði,“ segir Anna Valla sem lærði gullsmíði í fjögur ár hjá dönskum gullsmíðameistara en fór þar á eftir í þriggja ára nám í skartgripahönnun.

„Gullsmíði er fyrst og fremst tækninám þar sem lítil áhersla er á hönnun. Mig langaði því að fara meira út í listhönnun til að blanda saman við gullsmíðina. Ég vildi finna mitt eigið handbragð, því annars er hætt við að maður festist í útfærslum og útliti meistara síns,“ segir Anna Valla sem ákvað að læra gullsmíði vegna löngunar til að vinna skapandi starf.

> Ég hef notað hár í mitt skart, enda finnst mér fagurt að bera minningar og vera til marks um einhvern sem maður elskar eða eitthvað sem er manni hjartfólgið.
>
> Anna Valla Jónsdóttir

„Ég hef yndi af því að vinna með verkfæri og sitja lengi við fallega hugmyndavinnu sem útheimtir einbeitingu. Þar hentar gullsmíðin mér vel. Ég hef líka næmt auga fyrir fegurðinni og þar mætir skartgripahönnun hugmyndaauðgi minni.“

## Fallegt að skarta minningum

Anna Valla lauk hönnunarnáminu fyrir tveimur árum og opnaði í fyrra verkstæði og verslun í samvinnu við fimm danska skartgripahönnuði á Nørrebro.

„Samkeppni á milli skartgripahönnuða er mjög mikil í Kaupmannahöfn en það höfðar til mín. Þá getur maður hitt marga sem eru að fást við það sama og skipst á góðum ráðum,“ segir Anna Valla sem hefur skapað sér stíl sem sker sig úr.

„Það er mikilvægt að skartið manns hafi sinn eigin karakter. Sumir sjá íslenskt stef í skartgripunum mínum, jafnvel frá víkingaupprunanum og hrárri náttúrunni. Ég hef gaman af því að upphefja hluti sem eru yfirleitt ekki notaðir í skart, eins og tré og tölur úr skeljum. Skartgripir þurfa ekki að vera dýrir til að vera fallegir, og ég er höll undir þá lýðræðislegu tilhugsun að allir geti haft aðgang að fallegum skartgripum,“ segir Anna Valla sem hannar skartgripi fyrir konur sem hafa þor og dug til að prófa mismunandi útlit í skarti og fylgihlutum.

„Margt hefur haft áhrif á mig, eins og þýska Bauhaus-stefnan, frá því um 1930, þegar reynt var að gera hlutina einfalda en fallega og aðgengilega fyrir fólkið. Það voru pönkarar síns tíma. Ég skoða líka söguna mikið því skartgripir hafa breyst í tímans rás. Á Viktoríutímanum voru til dæmis gerðir sorgar- og minningargripir þar sem hár úr fólki var fléttað saman við skartgripi. Ég hef notað hár í mitt skart, enda finnst mér fagurt að bera minningar og vera til marks um einhvern sem maður elskar eða eitthvað sem er manni hjartfólgið.“

Skartgripir Önnu Völlu fást nú í fyrsta sinn á Íslandi, í verslun Norræna hússins.

„Mér finnst óskaplega gaman að verða sýnileg á Íslandi, sem er mér ávallt kært,“ segir Anna Valla sem bjó í Vesturbænum í Reykjavík frá 11 til 18 ára aldurs og kemur reglulega heim til fósturjarðarinnar.

Verkstæði hennar og verslun, sem ber nafnið Værkstedet, er á Ryesgade 4, 2200 Kaupmannahöfn N. Hægt er að skoða myndir á Instagram, undir annavalla og á Facebook undir anna valla jewelry.







Glæsilegt hálsmen, brjóstnæla og eyrnalokkar úr gullsmiðju Önnu Völlu.

AFMÆLIS AFSLÁTTUR

VERSLUNIN ER 5 ÁRA

OG AF ÞVÍ TILEFNI VEITUM VIÐ 20% AFSLÁTT AF ÖLLUM VÖRUM:

FÖSTUDAG OG LAUGARDAG (1. OG 2. DESEMBER).

Kíkið á myndir og verð á Facebook

black pepper FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Opið: Virkir dagar 11-18 | Laugardagar 11-15

# Barnabókahelgi!




Fullt verð 2.490 kr.
Tilboðsverð 1.990 kr.

***Brian Pilkington***
***teiknar jólaköttinn og áritar bækur***
***kl. 14 -16 sunnudaginn 3. desember.***

Allir eldri titlar Brian Pilkington á 15% afslætti.




Fullt verð 4.790 kr.
Tilboðsverð 3.790 kr.




Fullt verð 4.890 kr.
Tilboðsverð 3.890 kr.




Fullt verð 4.890 kr.
Tilboðsverð 3.890 kr.




Fullt verð 4.890 kr.
Tilboðsverð 3.890 kr.




Fullt verð 4.999 kr.
Tilboðsverð 3.999 kr.




Fullt verð 5.990 kr.
Tilboðsverð 4.790 kr.




**BÓKABÚÐ**
**MÁLS & MENNINGAR**
LAUGAVEGI 18

Opið alla daga til kl. 22.00
facebook.com/malogmenning

# Framsækið tískumerki í nýrri verslun í Garðabæ

BAUM UND PFERDGARTEN er margverðlaunað danskt tískumerki. Það hefur undanfarin ár haslað sér völl sem eitt heitasta merki Norðurlanda. Verslun undir þess nafni var opnuð nýlega á Garðatorgi.

Stofnendur og hönnuðir merkisins eru dönsku tískuhönnuðirnir Helle Hestehave og Rikke Baumgarten. Þær þykja framsæknar í hönnun þótt ólíkar séu. „Merkið hefur átt trygga aðdáendur hér á landi í nokkur ár og hefur verið selt í verslunum ILSE JACOBSEN Hornbæk á Garðatorgi og Laugavegi 33. Merkið verður áfram til sölu í Ilse búðinni á Laugavegi,“ segir Ólína Rakel Þorvaldsdóttir verslunarstjóri en viðtökur við versluninni hafa verið frábærar.

„**BAUM UND PFERDGARTEN** hefur náð miklum vinsældum í Danmörku og víðar. Hönnuðirnir tveir hafa farið sínar eigin leiðir og gefa sig út fyrir að vera með fjölbreyttan og skemmtilegan stíl. Þær leika sér með hefðbundið form og liti en stíllinn virkar svolítið villtur,“ segir Ólína Rakel og bætir við að fötin séu fyrir konur á öllum aldri. „Þær Helle og Rikke eru með margar línur, allt frá þægilegum hversdagsfötum upp í spariklæðnað. Þetta er vandaður fatnaður sem konum líður vel í og hann fæst á breiðu verðbili,“ segir Ólína enn fremur.

Nafnið á versluninni á Garðatorgi er það sama og í öðrum löndum. Það er sótt til hönnuðanna og er nokkurs konar orðaleikur. Þess má geta að Helle og Rikke voru valdar hönnuðir ársins af Elle Style Awards á þessu ári og einnig árið 2014. Þá hlutu þær dönsku tískuverðlaunin árið 2009 og Guldknappen, tískuverðlaun Alt for Damerne, árin 2000 og 2012. Sjálfar hófu þær framleiðslu sína árið 1999 og hafa ávallt átt mikilli velgengni að fagna.

Það er Rós ehf. sem rekur verslanir Ilse Jacobsen og **BAUM UND PFERDGARTEN** á Íslandi. Rós starfrækir jafnframt heildsölu með vörur Ilse Jacobsen og fleiri merki. Ragnheiður Óskarsdóttir, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, segir marga hafa rekið upp stór augu þegar hún ákvað að opna tískuverslun á Garðatorgi 2005. „Staðsetningin er fín fyrir tískumerki og viðskiptavini okkar. Á Garðatorgi er mikill uppgangur, til dæmis Hönnunarsafn Íslands, nýjar verslanir og frábær nýlegur veitingastaður. Garðatorg er svo sannarlega á uppleið,“ segir Ólína og bætir við að hönnuðir **BAUM UND PFERDGARTEN** hafi sent kveðju þegar verslunin var opnuð. „Við erum ótrúlega spenntar að opna verslun á



Ólína Rakel í nýju versluninni á Garðatorgi í Garðabæ. MYND/VILHELM

Íslandi. Það er mikið að gerast í tískuheiminum í Reykjavík og við erum stoltar af að vera hluti af því,“ segja þær.

Þær Helle og Rikke eiga stóran þátt í að leggja grunninn að danskri tísku í dag, sagði hið áhrifamikla nettískurit Fashionista, sem valdi **BAUM UND PFERDGARTEN** á meðal ellefu svölustu tískumerkja Norðurlanda. „Við erum ánægðar með að geta boðið þessa hönnun á Íslandi,“ segir Ólína Rakel. „Núna erum við með fulla búð af fallegum jólagjöfum fyrir konur sem vilja fallega og vandaða hönnun.“

**BAUM UND PFERDGARTEN** er á Garðatorgi í Garðabæ.

# Fékk vinnu tíu ára á Árbæjarsafni

Kristín Vala Breiðfjörð, formaður þjóðháttafélagsins Handraðans í Eyjafirði, hefur tengt sterklega við gamla tímann frá barnæsku. Jólin hennar byrja í gamla bænum í Laufási.

Ég var alveg stórfurðulegur krakki. Mér þótti svakalega gaman að koma í Árbæjarsafn og langaði svo mikið til þess að vinna þar að mamma hringdi og fékk inni fyrir mig í einn dag. Ætli ég hafi ekki verið tíu ára, fékk að sitja á baðstofulofti með eldri konu sem saumaði sauðskinnskó. Ég fékk að kemba ull og eitthvað fleira og naut mín alveg í botn. Gamli tíminn er svo notalegur,“ segir Kristín Vala Breiðfjörð, formaður þjóðháttafélagsins Handraðinn í Eyjafirði og skipuleggjandi jólanna í Laufási, fyrsta sunnudag í aðventu.

Kristín segist fljótlega hafa hellt sér út í starfsemi þjóðháttafélagsins þegar hún flutti norður fyrir nokkrum árum og nú eru jólin í gamla bænum í Laufási, fastur hluti af aðventusiðum hennar.

„Á mínum fyrstu jólum í félaginu tók ég þátt í starfsdeginum í Laufási og síðan þá hef ég tekið þátt. Nú finnst mér jólin fyrst byrja þegar ég er í Laufási. Eitt árið var ófært og dagurinn féll því niður. Þá fannst mér eins og ég hefði gleymt einhverju mikilvægu þegar aðfangadagur rann upp,“ segir hún sposk.

En hvað er svona notalegt við gömlu jólin?

„Þetta kemur manni svo innilega í jólaskap. Ekkert jólastress, allt svo einfalt og hátíðleikinn svo mikill. Í nútíma þjóðfélagi þarf ekki svo mikið til að gera sér dagamun og létta lundina, en ef maður hugsar sér hvernig lífið var fyrir fólk fyrir 150 árum, í myrkri og vosbúð mestan part árs og lífið ekkert nema vinna þá voru jólin virkilega eina gleðistundin hjá ansi mörgum.


Kristín Vala Breiðfjörð, formaður þjóðháttafélagisins Handraðinn, er gagntekin af gamla tímanum og tekur þátt í jólaundirbúningi í gamla bænum í Laufási á hverju ári. MYND/KRISTÍN VALA BREIÐFJÖRÐ

Jólin í dag eru oft bara stressstemming hjá mörgum.“

Hvernig er þitt aðfangadagskvöld? „Maðurinn minn er flugstjóri hjá Norlandair svo það getur og hefur komið fyrir að hann þurfi að rjúka í sjúkraflug til Grænlands á aðfangadagskvöld. Eitt skiptið kom hann heim klukkan tíu um kvöldið og einu sinni rétt áður en klukkan sló sex! Það er því alltaf dálítil óvissa með kvöldið. Ég nýt mín eiginlega betur á jóladag. Þá erum við með hangikjöt í matinn, pakkaæsingurinn búinn og krakkarnir að dunda sér á stofugólfinu með nýtt dót. Miklu rólegri stemming.“

Á sunnudaginn undirbúa félagsmenn Handraðans jólin í gamla bænum í Laufási eins og gert var á tuttugustu öld.


Katla Bergþóra, yngri dóttir Kristínar, tekur þátt í undirbúningi gömlu jólanna.


Boðið verður upp á ilmandi bakkelsi í Laufási á sunnudaginn þegar jólin verða undirbúin upp á gamlan móð.



SPENNANDI JÓLAGJAFIR OG
JÓLAKJÓLAR Í STÆRÐUM 42-58
Sjáðu úrvalið í netverslun www.curvy.is
eða komdu í verslun okkar að Fákafeni 9
Leggings
2.990 kr
Peysa
6.990 kr
Kjóll
12.990 kr
Golla
6.990 kr
Ullarkápa
16.990 kr
Samfestingur
10.990 kr
Jakki
12.990 kr
Kjóll
8.990 kr
Afgreiðslutímar í verslun Curvy.is að Fákafeni 9 eru
Alla virka daga frá kl. 11-18 og Laugardaga frá kl. 11-16
SENDUM FRÍTT
UM ALLT LAND
Við erum á Snap chat > Curvy.is
Curvy.is - Fákafeni 9, 108 RVK | Sími 581-1552 | www.curvy.is

# Þarf að kveðja gamla lífið

Trúlofun Harry prins og Meghan Markle er fagnað um allan heim. Með trúlofuninni þarf Meghan að gjörbreyta lífi sínu og fylgja siðareglum konungborna fólksins sem stundum virðast skrítnar.

Elín Albertsdóttir
elin@365.is





Harry prins og Meghan Markle nýtrúlofuð og hamingjusöm. Það er hins vegar ekkert einfalt að giftast prinsi.

Þótt Meghan trúlofist prinsi getur hún aldrei orðið Meghan prinsessa undir eigin nafni. Hún getur hins vegar tekið upp titilinn prinsessa Henry of Wales. Fólk sem fæðist utan hins konunglega heims getur ekki orðið prinsar eða prinsessur nema í gegnum nafn maka síns. Af sömu ástæðu getur Filippus prins ekki kallað sig konung. Formlegur titill hans er hertoginn af Edinborg. Ef Harry prins og Meghan eignast börn teljast þau ekki prinsar eða prinsessur fyrr en eftir lát drottningar. Það er vegna þess að aðeins börn og barnabörn konungs/drottningar eiga rétt á titlinum prins eða prinsessa. Þegar Karl, faðir Harrys, verður konungur, munu börn Harrys verða prinsar og prinsessur. Þangað til eru þau hertogar og hertogaynjur af Mountbatten-Windsor. Þegar Karl tekur við hásætinu fær Meghan titilinn prinsessa af Wales.

## Flókið titlatog

Búist er við að drottningin ákveði að titla Harry prins hertogann af Sussex þegar hann kvænist Meghan og um leið fær hún titilinn hertogaynja af Sussex. Á sama hátt og Katrín, kona Vilhjálms, ber titilinn hertogaynja af Cambridge. Samkvæmt blaðafulltrúa hallarinnar, Dickie Arbiter, verður prins Harry Henry of Wales ef drottningin setur ekki hertogatitil á hann. Henry er formlegt nafn Harrys.

Þegar Filippus kvæntist Elísabetu drottningu þurfti hann að afsala sér grískum ríkisborgararétti sínum. Á sama hátt þurfti Mary Donaldsson að gerast danskur ríkisborgari þegar hún giftist Friðriki krónprins. Að öllum líkindum þarf Meghan að fórna sínum ameríska ríkisborgararétti þegar hún gengur í konunglegt hjónaband í Bretlandi.

## Þarf að fórna ýmsu

Meghan þarf að gefa margt upp á bátinn, þar á meðal frama í leiklistarheiminum. Hún getur ekki lengur verið með í sjónvarpsþáttunum Suits. Við giftinguna þarf Meghan að undirrita kaupmála um eignir og ef kemur til skilnaðar verður forsjá barnanna hjá föðurnum. Eins og allir aðrir meðlimir fjölskyldunnar þarf Meghan að fara eftir siðum og venjum í höllinni. Allir standa upp þegar drottningin stendur upp, aðeins má borða á meðan drottningin borðar og öll pólitísk umræða eða þátttaka er bönnuð. Katrínu, hertogaynju af Cambridge, hefur farnast vel að fara eftir öllum siðareglum konungshallarinnar og ekki misstigið sig á nokkurn hátt. Meghan, sem er 36 ára, kemur úr öðruvísi heimi en Katrín sem er ári yngri.

Meghan er fráskilin, vön að lifa eigin lífi og er langt í frá hin hefðbundna konunglega brúður. Til að mynda er hún af blönduðum kynþætti, móðirin, Doria Ragland, er svört en faðirinn hvítur. Þau skildu þegar Meghan var sex ára en sterkt samband er á milli mæðgnanna. Meghan hefur verið með bloggsíðu, The Tig, þar sem hún fjallar um mat, tísku og ferðalög. Hún hefur nú kvatt á þeim vettvangi.

## Gamlar siðareglur virtar

Það eru ýmsar skrítnar reglur sem viðgangast í höllinni. Nú þarf Meghan að læra þær og virða. Sem dæmi má nefna að það er bannað að snerta drottninguna ef þú ert ekki í konungsfjölskyldunni. Í rauninni má segja að alþýðan megi ekki snerta neinn konungborinn og öfugt. Konungsfjölskyldan má ekki kjósa og hún má ekki spila Monopoly eða aðra slíka leiki. Konungsfjölskyldan má ekki borða skelfisk þar sem hann getur verið ofnæmisvaldandi eða eitraður. Það hefur þó sést til Karls prins að borða ostrur svo fjölskyldan fer ekki að öllu leyti eftir þessum reglum. Það eru ákveðnar reglur um sætaskipan í veislum í höllinni. Fjölskyldan er meðlimur í ensku biskupakirkjunni og ekki er leyfilegt að vera annarrar trúar. Klæðnaður konungsfjölskyldunnar má aldrei vera þannig að hann valdi hneykslun. Mikið er lagt upp úr vönduðum, klassískum fatnaði. Bannað er að klæðast pels samkvæmt lögum frá tólftu öld. Eiginkona Karls hefur borið hatt með skinni og drottningin er ekki alveg saklaus heldur.

Tekið er á móti öllum gjöfum sem berast til konungsfjölskyldunnar þar sem þær tilheyra konungdæminu. Drottningin getur ákveðið hvort einhver einn meðlimur fjölskyldunnar fái síðan gjöfina. Lengi vel mátti fjölskyldan ekki ferðast saman. Það hefur breyst með tilkomu öruggari farartækja. Katrín og Vilhjálmur hafa til dæmis ferðast fljúgandi með börnum sínum. Konungsfjölskyldan er öll saman á jólunum, samkvæmt reglum. Drottningin stjórnar matartímum. Ef hún er búin að borða mega hinir ekki halda áfram. Ef drottningin stendur upp er matartíma lokið. Konur í fjölskyldunni mega aldrei sitja með krosslagðar fætur. Hnén eiga að vera saman. Þegar þær hitta drottningu eiga þær að hneigja sig og lúta höfði.

Til gamans má geta að alltaf þurfa að vera sex hrafnar í turni hallarinnar. Ef þeir fara burtu fellur konungsveldið. Þessu hefur ávallt verið trúað og þess vegna er sérstaklega gætt að hröfnunum í turninum og þeir fá mjög góðan aðbúnað.



Meghan Markle ásamt móður sinni, Doriu Ragland (stundum nefnd Radlan), en þær mæðgur eru miklar vinkonur.

## Brúðkaupinu sjónvarpað

Meghan er alin upp í Hollywood þar sem faðir hennar starfaði sem leikstjóri. Hún er fyrsta bandaríska stúlkan sem trúlofast inn í bresku konungsfjölskylduna fyrir utan Wallis Simpson sem giftist Edward VIII en hann afsalaði sér krúnunni áður en hann kvæntist svo hún varð í raun aldrei hluti af fjölskyldunni.

Harry og Meghan verða gefin saman í George's Chapel í Windsor-kastala í maí á næsta ári. Athöfninni verður sjónvarpað. Konungsfjölskyldan borgar brúðkaupsveisluna. Reiknað er með að Kate, mágkona Harrys, verði búin að fæða þriðja barnið þegar kemur að brúðkaupinu. Fyrsta opinbera verk Meghan með Harry er í dag þegar parið kemur til Nottingham og verður viðstatt samkomu í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi gegn alnæmi.



Tilboðin gilda til 10. des!

# SÆLKERAVÖRUR Á ÓMÓTSTÆÐILEGU VERÐI!

FRÁBÆR TILBOÐ KOMDU VIÐ!




25%

**Yogi jólate**

Dásamlegt jólate frá Yogi Tea er ómissandi um jólin. Ekki láta þetta ljúffenga hátíðarte framhjá þér fara.

*Áður:* 551 kr. *Nú:* **413 kr.**




25%

**Perlege súkkulaði**

Belgískt sykurlaust gæðasúkkulaði. Fjölmargar tegundir.

***Öll línan á 25% afslætti.***




*Áður:* 289 kr.
*Nú:* **217 kr.**

25%

*Áður:* 598 kr.
*Nú:* **449 kr.**

**Belvoir**

Ljúffengt lífrænt gos sem á heima á veisluborðinu.

***Öll línan á 25% afslætti.***

*Áður:* 919 kr.
*Nú:* **689 kr.**

*Áður:* 549 kr.
*Nú:* **412 kr.**




25%

*Áður:* 699 kr.
*Nú:* **524 kr.**

**Sólgæti**

Vörur frá Sólgæti henta vel í baksturinn. Fyrir sælkera á öllum aldri.

***Öll línan á 25% afslætti.***




25%

**Kallo kraftar**

Frábært úrval af Kallo lífrænum kröftum sem henta í alla matargerð. Einnig til með lágu salt innihaldi og glútenfríir.

***Öll línan á 25% afslætti.***

*Verð frá: Áður:* 239 kr. *Nú:* **179 kr.**




25%

**Biona**

Hágæða lífrænar sælkeravörur. Mikið úrval.

***Öll línan á 25% afslætti.***

25%




**Sonnentor**

Lífræn hágæða krydd meðhöndluð af ástríðu. Notaðu aðeins það besta í baksturinn og matargerðina.

***Öll línan á 25% afslætti.***




25%

**Doves**

Glútenlausar og lífrænar vörur í baksturinn. Mikið úrval.

***Öll línan á 25% afslætti.***




SKOÐAÐU RAFRÆNA ÚTGÁFU HEILSUFRÉTTA Á WWW.HEILSUHUSID.IS

SVARIÐ BÝR Í NÁTTÚRUNNI

Heilsuhúsið
1979

LAUGAVEGI LÁGMÚLA KRINGLUNNI SMÁRATORGI SELFOSSI AKUREYRI NETVERSLUN HEILSUHUSID.IS



Stofurýmið í tvíbýlishúsunum að Leirdal 29-37 er glæsilegt og rúmgott.

# Stórglæsileg tvíbýlishús í ört vaxandi Reykjanesbæ

Um þessar mundir er byggingaverktakinn Húsanes að leggja lokahönd á byggingu stórglæsilegra tvíbýlishúsa að Leirdal 29-37 í hjarta Dalshverfis í Reykjanesbæ. Bærinn er eitt helsta vaxtarsvæði landsins og er mikil eftirspurn eftir húsnæði á svæðinu. Sölusýning stendur yfir til 5. desember.

Byggingaverktakinn Húsanes, sem hefur byggt um 1.500 íbúðir á 37 ára ferli, er um þessar mundir að leggja lokahönd á byggingu stórglæsilegra tvíbýlishúsa að Leirdal 29-37 í hjarta Dalshverfis í Reykjanesbæ. Þetta er afar friðsælt og fjölskylduvænt hverfi þar sem skólar og leikskólar eru í göngufæri. Um er að ræða fullbúnar lúxuseignir með öllum gólfefnum og hægt er að fá heitan pott með öllum eignum.

Reykjanesbær er eitt helsta vaxtarsvæði landsins og er mikil eftirspurn eftir húsnæði á svæðinu en verð á eignum þar virðist mjög hagstætt í samanburði við höfuðborgarsvæðið þrátt fyrir að einungis um hálftíma akstur sé á milli þessara byggðarlaga.

Eignirnar eru sérstaklega vandaðar og eftirfarandi er stutt lýsing á eignunum:

Sérsmíðaðar innréttingar og granít á borðum. Stórar 60x60 flísar á öllum gólfum ásamt gólfhita. AEG heimilistæki og LED lýsing innan- og utandyra í öllum eignum. Jarðhæðinni fylgir 58 m² sólpallur og efri hæðinni fylgir fullbúinn bílskúr og 67,5 m² þaksvalir. Garður er fullfrágenginn og hægt er að fá heitan pott með öllum eignum. Bílastæði eru hellulögð með hitalögn í gönguleið ásamt upplýstum blómakerum og náttúrusteini. Jarðhæðin er 120 m² og efri hæðin 133,8 m² með bílskúr. Allar eignir eru 4 herbergja.



Tvíbýlishúsin eru glæsileg og aðkoman að þeim er falleg.



Jarðhæðinni fylgir 58 m² sólpallur og garður er fullfrágenginn.

Verð eigna er 47 m.kr. Möguleiki er á viðbótarfjármögnun frá seljanda.

Afhending frá desember 2017 og nánari upplýsingar má finna á www.husanes.is eða hjá Eignasala.is í síma 420-6070 (eignasala@eignasala.is) og Sigrúnu Sigurðardóttur hjá Þingholti í síma 773-7617 (sigrun@tingholt.is).

Sölusýning verður að Leirdal 35 frá 30. nóvember til 5. desember, frá kl. 17 – 19 virka daga og frá kl. 13 – 16 um helgina. Allir eru hjartanlega velkomnir í kaffi og konfekt en húsin standa við bláan byggingarkrana. Sýningareign er með húsgögnum og fylgihlutum frá Bústoð í Reykjanesbæ.



Í björtu eldhúsinu eru mjög fallegar innréttingar.

# Þjónusta

## Veitingastaðir

家 肴 NÝR
KÍNVERSKUR VEITINGASTAÐUR
HLAÐBORÐ Í HÁDEGINU 15 Réttir
Opnunartími: 11:00 – 14:00
TILBOÐ:
2.150 kr
Take away: 1.650 Kr
KVÖLDVERÐUR MATSEÐILL
-10% Afsláttur
Ármúli 5, 108 Reykjavík

## Pípulagnir

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum og viðhaldi á ofnakerfum. Uppl. í s. 778 1604

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD
- MÚRVINNA
- FLÍSALAGNIR
- SMÍÐAVINNA
- MÁLNINGARVINNA
- JARÐVINNA
- HELLULAGNIR

TILBOÐ ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU !
Uppl. í s: 788 8870 eða verk@murumogsmidum.is
Múrum og smíðum ehf

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Viðhald Getum bætt við okkur verkum í múrverk-flísalögnum-flotun og rennum og niðurföllum. Vönduð vinnubrögð og áralöng reynsla. Uppl. í s:6185286 Þórður

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

# Keypt & Selt

## Til sölu



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar



Þjóðlagagítarpakki. Kr. 23.900,- Gítar, poki, ól, auka strengjasett stillitæki og kennsluforrit. Gítarinn ehf Stórhöfða 27, S: 552 2125 www.gitarinn.is




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.

Land að sjó til sölu á Stafnesi á Suðurnesjum, 3,0ha, 10min frá Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Uppl. 8601404

HUMARSALAN

Hágæða Hornafjarðarhumar og sjávarfang. SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI Heimsending. www.humarsalan.is Pöntunarsími: 867 6677

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

Til leigu á sv. 105 2ja hergg, íbúð m/ innbúi. Gott útsýni. Uppl. í s. 893 3475

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

# Atvinna

## Atvinna í boði

**VÉLVÍK EHF**
óskar eftir starfsmanni í fjölbreytt störf á verkstæði. Viðkomandi þarf að hafa bílpróf. Fyrri umsóknir óskast endurnýjaðar. Upplýsingar gefur Þórður Elefsen í síma 587 9960.

## Tilkynningar

**AUGLÝSING**

**Skipulags- og matslýsingar vegna breytingar á aðalskipulagi 2008-2028 Sveitarfélagsins Voga og deiliskipulags fyrir nýtt vatnsból.**

Í samræmi við 1. mgr. 30. gr. og 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 auglýsir Sveitarfélagið Vogar til kynningar skipulags- og matslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2008-2028 og deiliskipulags fyrir nýtt vatnsból þéttbýlisins í Vogum.
Lýsingin er sett fram í greinargerð og má nálgast hana á heimasíðu sveitarfélagsins www.vogar.is. Hún liggur einnig frammi á skrifstofu sveitarfélagsins að Iðndal 2, 190 Vogum.
Skriflegum ábendingum við efni lýsingarinnar má skila til skrifstofu Sveitarfélagsins Voga, Iðndal 2, 190 Vogum, eða á netfangið skrifstofa@vogar.is. Þær skulu berast eigi síðar en 15. desember 2017.

*Vogum, 30. nóvember 2017.*
*F.h. bæjarstjórnar,*
*Ásgeir Eiríksson, bæjarstjóri*

## Skemmtanir




Cafe Catalina
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
*"Best geymda leyndarmál Kópavogs"*

**Leikir helgarinnar**
**Laugardaginn 2. des**
12:20 Chelsea - Newc. United
14:50 Brighton - Liverpool
17:15 Arsenal - Man.United

**Sunnudaginn 3. des**
15:50 Man. City - W. H. United

Gullnáman



**Ísfirska hljómsveitin TRAP ásamt Rúnari Þór spilar um helgina.**
**Föstudag og laugardag frá kl. 00:00 - 03:00**

Heitur matur í hádeginu alla virka daga • Boltatilboð • Happy hour • Lifandi tónlist allar helgar

## Húsnæði óskast

**Hús/ hæð / raðhús í 110 RVK eða nágrenni óskast!**

Hjón með 3 börn óska eftir einbýli, raðhúsi, eða hæð á sv. 110 eða nágrenni. Skoðum allt. Aðeins langtímaleiga kemur til greina. Reglusemi og skilvísar greiðslur.

**Nánari upplýsingar sendist á: sendtohelgi@gmail.com**

## Tilkynningar



**Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030**
**Tillaga að nýju aðalskipulagi**

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar samþykkti þann 5. september 2017 að auglýsa tillögu að Aðalskipulagi Akureyrar 2018 – 2030 skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, ásamt umhverfisskýrslu skv. 7. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Athugasemdir Skipulagsstofnunar, sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga sem hefur verið tekið tillit til að mestu, eru jafnframt auglýstar samhliða.

Nýtt aðalskipulag tekur til tímabilsins 2018-2030 og er endurskoðun á Aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018, Aðalskipulagi Grímseyjar 1996-2016 og Aðalskipulagi Hríseyjar 1988-2008.

**Megin breytingar frá gildandi aðalskipulagi felast í:**
- Þróun byggðar. Áhersla er lögð á þéttingu byggðar og hægt er á útbreiðslu íbúðasvæða til suðurs.
- Nýtt svæði fyrir grafreiti er skilgreint í Naustaborgum.
- Tekið er á landnotkunarstefnu Hríseyjar og Grímseyjar.

Með gildistöku nýs aðalskipulags munu ofangreindar aðalskipulasáætlanir, ásamt síðari breytingum, falla úr gildi. Rammahluti aðalskipulags 2005-2018 vegna Oddeyrar sem tók gildi 23. nóvember 2017 verður tekinn óbreyttur inn í nýtt aðalskipulag.

Tillagan ásamt umhverfisskýrslu og öðrum fylgigögnum mun liggja frammi í þjónustuanddyri Akureyrarkaupstaðar, Geislagötu 9, í Grímsey, Hrísey og hjá Skipulagsstofnun frá 1. desember 2017 til 12. janúar 2018. Tillagan er einnig aðgengileg á heimasíðu Akureyrarkaupstaðar: www.akureyri.is undir: Auglýstar skipulagstillögur.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til þess að skila inn athugasemdum rennur út kl. 16:00 föstudaginn 12. janúar 2018.

Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast til skipulagssviðs Akureyrarkaupstaðar, Geislagötu 9 eða með tölvupósti (skipulagssvid@akureyri.is). Nafn, kennitala og heimilisfang sendanda skal ávalt koma fram.

**Haldnir verða þrír kynningafundir þar sem helstu málefni skipulagsins verða tekin fyrir.**
- **Þróun byggðar,** fimmtudaginn 7. desember kl. 17:00 í Hofi.
  - mannfjöldi og húsnæðismál, þétting byggðar, verndun húsa og hverfahluta, íþróttasvæði.
- **Umhverfi og útivist,** fimmtudaginn 14. desember kl. 17:00 í Ketilhúsinu, Kaupvangsstræti 8.
  - útivistarsvæði, græni trefillinn, Glerárdalur og Hlíðarfjall, grafreitir í Naustaborgum.
- **Samgöngur og atvinnulíf,** fimmtudaginn 4. janúar kl. 17:00 í Ketilhúsinu, Kaupvangsstræti 8.
  - staðsetning og svæði fyrir atvinnu, iðnað, verslun og þjónustu, flutningskerfi raforku, ferðaþjónusta, flugsamgöngur, hafnasvæði.

**Kynningafundir í Grímsey og Hrísey verða auglýstir sérstaklega.**

***1. desember 2017***
***Sviðsstjóri skipulagssviðs***

Akureyri ÖLL LÍFSINS GÆÐI
Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

# HELGARTILBOÐ

OPIÐ ALLA HELGINA – LAU. 11-18 og SUN. 13-18 Á SUÐURLANDSBRAUT OG LAU. 10-17 og SUN. 13-17 Á GLERÁRTORGI




ambilight 3

## ULTRA HD LED
## SNJALLSJÓNVARP

**Philips 65PUS7502**
65" Ultra HD LED snjallsjónvarp með 4K 3840x2160 upplausn og P5 Perfect Picture Engine með 50% betri myndgæðum. 45W RMS DTS HD Premium Sound hljóðkerfi. Android 6.0 Marshmallow nettenging og þriggja átta Ambilight 3 bakljós með Micro Dimming Pro. 4 HDMI og 3 USB. Þráðlaus Wi-fi 2x2 móttakari.

**TILBOÐ**
**199.995**
FULLT VERÐ 249.995



## DOLCE GUSTO KYNNING

KYNNING Á NÝJUM DOLCE GUSTO KAFFIVÉLUM

**ALLAR VÉLAR Á TILBOÐI**
Flottur kaffistandur að verðmæti **3.995** fylgir öllum vélum!

Nescafé Dolce Gusto



**PHILIPS**



**Philips FC8371**
Performer Compact orkusparandi ryksuga. 750W. AirflowMax. 3in1 TriActive ryksuguhaus. Super Clean Air Microfilter kerfi. Tvískipt málmskaft. Gúmmíhjól. Orkunotkun A.

**TILBOÐ**
**14.995**
FULLT VERÐ 19.995

**PRINCESS**



**Princess 221213**
Töfrasproti með 400W DC mótor. 1 hraði + Turbo. 4 Blade ryðfríir stálhnífar. Þægilegt handgrip.

**TILBOÐ**
**1.995**
FULLT VERÐ 3.995

OBH NORDICA

*Gevalia Original kaffi fylgir!*



**OBH 2301**
1800w kaffivél sem sýður vatnið. 1.25L glerkanna. Vatnsmælir / Dropastoppari. Heldur heitu. Slekkur sjálfvirkt á sér eftir 40 mín. Stál.

**TILBOÐ**
**12.995**
FULLT VERÐ 16.995

## DALI HÁTALARAR
## 15% AFSLÁTTUR



## TECHNOLINE VEÐURSTÖÐVAR
## 20% AFSLÁTTUR



techno line

## ÚRVAL BLANDARA
## 15% AFSLÁTTUR



DēLonghi



**DeLonghi ECAM35015B**
DINAMICA espresso kaffivél með hljóðlátri kaffikvörn – 13 stillingar. Skjár sem sýnir aðgerðir. Gufa til þess að flóa mjólk og hita drykki. Tekur einnig malað kaffi og slekkur sjálfvirkt á sér eftir 30 mín. 1,8L vatnstankur og 1200W.

**TILBOÐ**
**64.995**
FULLT VERÐ 79.995




**Heimilistæki** ht.is

*7 VERSLANIR UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRTORGI **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500



**Lionel Messi eða landar hans frá Argentínu hafa aldrei spilað á móti Íslandi.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Gætum mætt Argentínu í fyrsta sinn

Ísland verður næsta sumar í fyrsta sinn á stærsta sviði fótboltans þegar liðið keppir á heimsmeistaramótinu í Rússlandi en þar gætu strákarnir okkar spilað við þjóðir í fyrsta sinn í sögu íslenska landsliðsins. Leikur á móti Lionel Messi og félögum yrði sögulegur.

**FÓTBOLTI** Fyrstu mótherjar Íslands á fyrsta heimsmeistaramótinu í fótbolta koma upp úr hattinum í Kreml í Moskvu í dag. Sá dráttur gæti kynnt íslenska landsliðið fyrir þjóðum sem það hefur aldrei séð áður á fótboltavellinum.

Fyrsti styrkleikaflokkurinn í HM-dráttinum í dag geymir bestu knattspyrnulandslið heims (og gestgjafa Rússa) en eitt þeirra verður mótherji Ísland á HM næsta sumar.

**Einu heimsmeistararnir**

Ísland hefur spilað við þessar þjóðir einhvern tímann áður með einni undantekningu þó. Íslenska karlalandsliðið hefur aldrei fengið tækifæri til að spila við Argentínu. Argentína er eina þjóðin sem hefur orðið heimsmeistari í fótbolta en aldrei spilað við Ísland.

Ísland hefur mætt hinum sjö heimsmeisturunum sem eru Brasilía (5 titlar), Þýskaland (4 titlar), Ítalía (4 titlar), Úrúgvæ (2 titlar), Spánn, Frakkland og England.

Íslenska landsliðið mætti Cristiano Ronaldo og félögum í portúgalska landsliðinu í fyrsta leik sínum á EM í Frakklandi sumarið 2016 og það væri kannski við hæfi að fá að glíma við Lionel Messi og félaga í argentínska landsliðinu í fyrstu leikjum liðsins á HM.

**Cristiano 2016 og Leo 2018?**

Cristiano Ronaldo og Lionel Messi hafa verið í stöðugri samkeppni um titilinn besti knattspyrnumaður heims í áratug og enginn annar hefur verið kosinn bestur hjá FIFA undanfarin tíu ár. Knattspyrnuspekingar og knattspyrnuáhugamenn þreytast seint á því að bera þá Messi og Ronaldo saman og þeir verða nær örugglega alltaf hluti af sögu hvor annars þegar menn rifja upp afrek þeirra í framtíðinni.

Það væri líka margt annað líkt með stöðu Portúgals í Frakklandi fyrir einu og hálfu ári og stöðu Argentínu næsta sumar. Portúgalar mættu þar með kynslóð sem hafði haldið liðinu á meðal þeirra bestu í langan tíma en aldrei tekist að fara alla leið.

> **»Argentína hefur aðeins unnið einn titil á meðan Lionel Messi hefur verið í landsliðinu. Argentínumenn urðu Ólympíumeistarar í Peking árið 2008.**

Argentínumenn hafa ekki orðið heimsmeistarar síðan Diego Maradona leiddi liðið til sigurs á Asteka-vellinum í Mexíkóborg í lok júní 1986. Lionel Messi hefur leikið með argentínska landsliðinu í tólf ár en eini titillinn er Ólympíugullið sem 23 ára liðið vann á ÓL í Peking 2008.

Það var pressa á Cristiano Ronaldo á EM sem kristallaðist í viðtali við hann eftir leik Íslands og Portúgals þar sem hann gerði lítið úr íslenska landsliðinu. Það verður einnig pressa á Messi næsta sumar enda kannski síðasti möguleiki hans til að ná í heimsmeistaratitil á meðan hann er upp á sitt allra besta.

Messi heldur upp á 31 árs afmæli sitt í Rússlandi næsta sumar og verður því orðinn 35 ára gamall þegar heimsmeistarakeppnin fer fram í Katar í nóvember 2022. Hann framlengdi nýverið samning sinn við Barcelona fram á sumar 2021 og er samkvæmt því ekki ennþá að horfa alla leið til Katar. Messi gæti líka tekið upp á því að hætta með landsliðinu eins og hann gerði 2016.

Sem betur fer fyrir Argentínumenn skipti kappinn um skoðun og Lionel Messi verður með í Rússlandi næsta sumar. Hvort Ragnar Sigurðsson og Kári Árnason fá að reyna sig á móti honum kemur ekki í ljós fyrr en í dag en það eru ágætar líkur á að Ísland og Argentína dragist saman í riðil.

**Fleiri þjóðir en Argentína**

Argentínska landsliðið er aftur á móti ekki eina landsliðið sem Ísland hefur ekki mætt áður á knattspyrnuvellinum en gæti endað í riðli Íslands í dag.

Ísland hefur heldur ekki mætt Suður-Ameríkuþjóðunum Perú og Kólumbíu úr öðrum styrkleikaflokki eða eftirtöldum fimm þjóðum úr fjórða styrkleikaflokknum: Serbíu, Ástralíu, Marokkó, Panama og Suður-Kóreu.

Það er hins vegar ekki möguleiki fyrir Ísland að lenda í riðli með þremur þjóðum sem landsliðið hefur aldrei mætt áður. Lendi Ísland í riðli með Argentínu, þá mun ekki önnur Suður-Ameríkuþjóð verða í þeim riðli. Ísland er í þriðja styrkleikaflokknum ásamt sjö öðrum þjóðum og það er hundrað prósent öruggt að Ísland verður ekki í riðli með þeim. Ísland hefur aldrei spilað við þrjár af þessum þjóðum en það eru Kostaríka, Egyptaland og Senegal.

Næsta sumar verður samt allt saman nýtt fyrir íslenska landsliðið en nú er bara að bíða og sjá hvað kemur úr kúlunum í Kreml í dag.

ooj@frettabladid.is




markhönnun ehf

# netto




**GATIÐ**
YRSA SIGURÐARDÓTTIR
**4.619 KR STK**




**GUNNAR BIRGISSON**
ORRI PÁLL ORMARSSON
**5.249 KR STK**




**ÞRAUTGÓÐIR Á RAUNASTUND**
STEINAR J. LÚÐVÍKSSON
**4.899 KR STK**




**UPPREISNARMENN FRJÁLSHYGGJUNNAR**
**5.249 KR STK**




**SAKRAMENTIÐ**
ÓLAFUR JÓHANN ÓLAFSSON
**4.899 KR STK**




**MISTUR**
RAGNAR INGI AÐALSTEINSSON
**4.899 KR STK**




**RÚNA - ÖRLAGASAGA**
SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON
**4.899 KR STK**




**PERLAN**
BIRNA ANNA BJÖRNSDÓTTIR
**4.899 KR STK**




**EKKI GLEYMA MÉR**
KRISTÍN JÓHANNSDÓTTIR
**4.899 KR STK**




**BIEBER OG BOTNRASSA**
HARALDUR F. GÍSLASON
**3.429 KR STK**




**FERÐIN TIL MARS**
EYRÚN JÓNSD. & HELGI SVERRISS.
**3.429 KR STK**




**HELGI**
ÞORVALDUR KRISTINSSON
**5.599 KR STK**

**Tilboðin gilda 30. nóvember - 3. desember 2017 www.netto.is**
Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.
Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss



Elskuleg frænka okkar,

**Anni María E. Hermannsdóttir**

Njarðarvöllum 2, Njarðvík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, þriðjudaginn 21. nóvember.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Jón Þórður Andrésson og Sigrún Sigurðardóttir**



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**Þorkell Jónsson**

lést á dvalarheimilinu Sunnuhlíð 25. nóvember. Aðstandendur þakka starfsfólki Sunnuhlíðar einstaka umhyggju. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 12. desember kl. 15.00.

**Kristín Þorkelsdóttir** — **Helgi Óskar Óskarsson**
**Jón Gísli Þorkelsson** — **María Höskuldsdóttir**
**Guðjón Þorkelsson** — **Kristín Sigurðardóttir**
**Árni Þorkelsson** — **Jakobína Jónsdóttir**
**og fjölskyldur.**



Innilegar þakkir fyrir hlýhug og samúð við andlát og útför dóttur minnar, systur, mágkonu og frænku,

**Katrínar Þorvaldsdóttur**

Reynihvammi 1, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki líknardeildar Landspítalans í Kópavogi.

**Erna Jónsdóttir**
**Albert Bergmann Þorvaldsson** — **Hjördís Reykdal Jónsdóttir**
**Björn Bergmann Þorvaldsson** — **Ólína Gunnarsdóttir**
**og fjölskyldur.**



Bróðir okkar,

**Ingvar Ólafsson**

verkfræðingur,

lést þann 24.10. síðastliðinn að heimili sínu í Medford, Oregon, USA. Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Margrét Ólafsdóttir**
**Guðlaug Ólafsdóttir**
**Snorri Ólafsson**
**Erlingur Ólafsson**



Okkar ástkæra

**Helga Guðmundsdóttir**

Dalbraut 20, Reykjavík,

lést á heimili sínu 22. nóvember. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju, föstudaginn 8. desember kl. 13.00.

**Greta Jónsdóttir**
**Kolbrún Jónsdóttir**



Elskulegur faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Viggó Þorsteinsson**

Laufrima 4, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans mánudaginn 20. nóvember. Útförin fer fram í Bústaðakirkju, fimmtudaginn 7. desember kl. 13.00.

**Guðrún Ágústa Viggósdóttir** — **Helgi Hólm Kristjánsson**
**Rannveig Rúna Viggósdóttir** — **Gunnar Þórðarson**
**Agnes Viggósdóttir** — **Júlíus Þór Jónsson**
**Salome Herdís Viggósdóttir** — **Baldur Pétursson**
**Jón Bachman Viggósson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Hringskonur hafa haldið jólakaffið í yfir 60 ár

**Jólakaffi Hringsins verður haldið á sunnudaginn en það hefur verið haldið í yfir 60 ár. Á jólakaffinu, sem er ein aðalfjáröflun Hringsins, er nýbakað bakkelsi í aðalhlutverki.**

Á sunnudaginn verður ein af aðalfjáröflunum kvenfélagsins Hringsins haldin, sjálft jólakaffið, sem haldið hefur verið í yfir 60 ár. Á jólakaffinu er boðið upp á gómsætar veitingar, happdrætti og skemmtiatriði.

Kvenfélagið Hringurinn hefur það að markmiði að vinna að líknar- og mannúðarmálum, sérstaklega í þágu barna, og jólakaffið er mikilvægur liður í fjáröflun félagsins.

Vilborg Ævarsdóttir, varaformaður Hringsins, segir þennan árlega viðburð alltaf vera jafn skemmtilegan. „Þetta er hugsað eins og veisluhlaðborð. Þú borgar þig inn og svo er boðið upp á kökuhlaðborð. Á hlaðborðinu er bakkelsi sem Hringskonur baka sjálfar. Svo ganga barnalæknar um salinn og selja happdrættismiða.“

Vilborg segir til mikils að vinna fyrir þá sem kaupa happdrættismiða. „Nokkur hundruð fyrirtæki hafa lagt málefninu lið og útvegað góða vinninga. Stóra sem smáa. Þetta er allt mögulegt, þetta er allt frá flugmiðum niður í litlar styttur. Svo erum við með matarkörfur, gjafabréf, síma og hátalara sem dæmi.“

„Það er alltaf rosalegur spenningur í kringum happdrættið, sérstaklega hjá yngri kynslóðinni,“ útskýrir Vilborg sem hefur verið í Hringnum í 11 ár. „Ég byrjaði fyrst og fremst í Hringnum vegna þess að ég var alin upp við þetta. Mamma var í félaginu þannig að sem barn þá tók ég þátt í stússinu í kringum félagsstarfið.“

Vilborg hvetur að lokum alla til að mæta á jólakaffi Hringsins í Hörpu á sunnudaginn. Húsið verður opnað klukkan 13.00 og jólakaffinu lýkur klukkan 16.30.

gudnyhronn@365.is



**Á jólakaffi Hringsins eru hlaðborð þakin heimabökuðu bakkelsi frá Hringskonum.**



**Vilborg Ævarsdóttir kynntist starfi Hringsins þegar hún var barn.**

**Þú borgar þig inn og svo er boðið upp á kökuhlaðborð. Á hlaðborðinu er bakkelsi sem Hringskonur baka sjálfar.**



Ástkær faðir okkar, sonur og bróðir,

**Steinn Ólafur Grétarsson**

Hraunbæ 107, Reykjavík,

lést á heimili sínu 7. nóvember sl. Bálför fór fram í kyrrþey 23. nóvember.

**Ólafur Örn, Ruth Smith,**
**Ingi Sigurður, Valgerður Karlsdóttir**
**Grétar G. Steinsson** — **Agnes Ásta Grétarsdóttir**
**Vala Margrét Grétarsdóttir** — **Kristín Jóna Grétarsdóttir**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Auður Ágústsdóttir**

frá Sólhól, Djúpavogi, Háaleitisbraut 105,

sem lést 23. nóvember, verður jarðsungin frá Háteigskirkju mánudaginn 4. desember kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir.

**Stefanía Guðjónsdóttir**
**Ágúst Guðjónsson** — **Bergþóra Birgisdóttir**
**Emil Guðjónsson**
**Antonía Guðjónsdóttir** — **Kjartan Garðarsson**
**Guðmundur Guðjónsson** — **Jakob Jakobsson**
**Leifur Guðjónsson** — **Birna Bjarnadóttir**
**Sigurður Guðjónsson** — **Þóra M. Guðjónsdóttir**
**Sigríður Jakobína Magnúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Okkar innilegustu þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og stuðning vegna andláts ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Valgerðar Ármannsdóttur**

Hvassaleiti 56, Reykjavík, áður til heimilis að Móavegi 9, Njarðvík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á hjúkrunarheimilinu Eir fyrir einstaklega góða umönnun og hlýhug.

**Kristberg Kristbergsson** — **Guðrún Marteinsdóttir**
**Guðjón Ólafur Kristbergsson** — **Berglind Friðþjófsdóttir**
**Ásta Kristbergsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Kristján Steinar Kristjánsson**

veggfóðrara- og dúklagningameistari, Naustabryggju 40,

lést á Landspítalanum 27. nóvember sl. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þökkum auðsýnda samúð.

**Gunnar Kristjánsson**
**Brynja Kristjánsdóttir**
**Hildur Arnar Kristjánsdóttir** — **Ríkharður Arnar**
**Styrmir Bjarki, Björg Steinunn, Sara Mist og Kristján Daniel**

# JÓLATÓNLISTAHÁTÍÐ Í HALLGRÍMSKIRKJU 2017




FÖSTUDAGINN 1. DES. KL. 12–12.30
FÖSTUDAGINN 8. DES. KL. 12–12.30
FÖSTUDAGINN 15. DES. KL. 12–12.30

Schola cantorum og Hörður Áskelsson flytja fagra aðventu- og jólasöngva.

Einsöngvarar úr röðum kórfélaga koma einnig fram.

Miðaverð: 2500 kr./ afsl. verð 2000 kr.- 1250 kr. fyrir listvini og nemendur

## HÁTÍÐARMESSA Á 1. SUNNUDEGI Í AÐVENTU

SUNNUDAGINN 3 DES. KL. 11

Biskup Íslands Frú Agnes Sigurðardóttir prédikar og sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir þjónar fyrir altari. Mótettukór Hallgrímskirkju syngur hátíðartónlist tengda 1. sunnudegi í aðventu.

Stjórnandi Hörður Áskelsson. Organisti Björn Steinar Sólbergsson.

Hátíðarmessan við upphaf 36. starfsárs Listvinafélags Hallgrímskirkju markar upphaf jólasöfnunar fyrir Hjálparstarf kirkjunnar.

## ERLINGUR PÁLL INGVARSSON - SÝNINGAROPNUN

SUNNUDAGINN 3 DES. KL. 12.15

BIRTING

Opnun nýrrar listsýningar við messulok. Erlingur Páll Ingvarsson sýnir ný verk í forkirkjunni. Sýningarstjóri er Rósa Gísladóttir. Léttar veitingar í suðursal. Ókeypis aðgangur - allir velkomnir!

## JÓLATÓNLEIKAR MÓTETTUKÓRSINS MEÐ ELMARI GILBERTSSYNI

LAUGARDAGINN 9. DES KL. 17 - SUNNUDAGINN 10. DES. KL. 17








FLYTJENDUR

MÓTETTUKÓR HALLGRÍMSKIRKJU
EINSÖNGUR: ELMAR GILBERTSSON TENÓR
ORGELLEIKUR: BJÖRN STEINAR SÓLBERGSSON
STJÓRNANDI: HÖRÐUR ÁSKELSSON

Jólastemmning eins og best verður á kosið í fagurlega skreyttri kirkjunni!

Mótettukór Hallgrímskirkju, sem hlotið hefur margvíslegar viðurkenningar fyrir vandaðan og fagran söng sinn og hlaut m.a. þrenn gullverðlaun í alþjóðlegri kórakeppni á Spáni 2014 hefur um árabil glatt tónleikagesti sína með hrífandi jólatónleikum á aðventunni.

Í ár verður einstaklega hátíðlegur og hugljúfur bragur á tónleikunum en flutt verða sígild jólaverk eftir Adam, Eccard, Lauridsen, Poulenc, Victoria, Whitacre o.fl.

Einsöngvari er Elmar Gilbertsson tenór, sem var valinn söngvari ársins í sígildri tónlist á Íslensku tónlistarverðlaununum fyrr á þessu ári.

Aðgangseyrir: 5.900 / afsláttarverð f eldri borgara 4.900 kr.
3.000 kr. fyrir nemendur, öryrkja og félaga í Listvinafélagi Hallgrímskirkju.

## 25 ÁRA AFMÆLI KLAIS-ORGELSINS

MIÐVIKUDAGINN 13. DES KL. 20

Organistar Hallgrímskirkju, Hörður Áskelsson og Björn Steinar Sólbergsson leika jólatónlist og önnur glæsileg verk tengd vígslu orgelsins á hið volduga Klaisorgel kirkjunnar, sem á 25 ára afmæli þennan dag.

Léttar afmælisveitingar og spjall í suðursal að tónleikunum loknum.

Ókeypis aðgangur- allir hjartanlega velkomnir!




LAUGARDAGINN 30. DES. KL. 16.30 - (ath nýjan tíma)
GAMLÁRSDAGUR 31. DES. KL. 16.30 - (ath breyttan tíma)

Hátíðartónlist fyrir 3 trompeta, orgel og pákur. Trompetleikararnir Eiríkur Örn Pálsson, Einar St. Jónsson og Baldvin Oddsson, Hörður Áskelsson orgelleikari og Eggert Pálsson pákuleikari flytja glæsileg hátíðarverk m.a. eftir J.S. Bach, Albinoni, o fl. barokkmeistara.

Einir vinsælustu tónleikar ársins, þ.s. hátíðarhljómar þeirra félaga koma öllum í áramótaskapið!

Vegna gríðarlegra vinsælda er nú gerð tilraun með að bæta við tónleikum 30. des.

Aðgangseyrir: 4.500/ 4000 kr. -50% afsláttur fyrir nemendur, öryrkja og félaga í Listvinafélagi Hallgrímskirkju.

LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU 36. STARFSÁR

listvinafelag.is, motettukor.is, scholacantorum.is

Miðasala í Hallgrímskirkju s. 510 1000 og einnig við innganginn og á midi.is.

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Föstudagur

Suðvestan 8-20 m/s, hvassast norðvestan til en slær allvíða í storm á norðanverðu landinu undir kvöld. Fremur hlýtt í veðri og súld eða rigning en úrkomulítið austanlands. Vestlægari annað kvöld og styttir upp vestanlands og kólnar í veðri.




## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 5° | 0° | 1° |
| → 13 | → 14 | → 22 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 0° | 2° | -2° |
| → 12 | → 8 | → 17 |

## Sunnudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 4° | -2° | 1° |
| → 7 | → 6 | → 5 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -0° | 0° | -2° |
| ↑ 2 | → 5 | ↗ 8 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 8 | | 2 | 4 | 9 | | 7 |
| | | 7 | | | 6 | | 3 | |
| | | | | 8 | | | | 6 |
| | 2 | 3 | 5 | | | | | |
| | 5 | | 6 | | | 8 | | |
| | | | | | 2 | 3 | 9 | |
| 5 | 7 | | | 3 | 1 | 4 | 6 | |
| | | | | 4 | 7 | | 1 | |
| 1 | 9 | | | | | 7 | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | | 9 | 3 | | | 2 | 5 |
| | | 3 | | 6 | | | | |
| | 9 | | 7 | | 1 | | | |
| | | | 1 | | 3 | 9 | 5 | |
| | | 6 | | 9 | 4 | 3 | | 2 |
| 7 | | | | | | 8 | | |
| | | 1 | 3 | 5 | | | | 9 |
| | | | | | | 5 | | 8 |
| | | 2 | | | | 4 | 1 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | | 3 | | | 4 | 2 |
| | | 5 | 1 | | 4 | | | 6 |
| | | | 8 | 9 | | | 5 | |
| | | | | | | 4 | 3 | |
| | 5 | | | | 7 | | | |
| 2 | | | 9 | | | | | |
| 3 | | | 5 | | | 7 | 1 | |
| | | 6 | | 2 | | | | |
| | | | 3 | | 8 | | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. tungl
6. belti
8. laug
9. festing
11. tveir eins
12. andúð
14. kortabók
16. utan
17. gilding
18. umrót
20. golf áhald
21. gegna

**LÓÐRÉTT**
1. hrossabolti
3. í röð
4. íþrótt
5. svelg
7. land í SV-Asíu
10. afrek
13. lykt
15. aðskilja
16. árkvíslir
19. tveir eins




**LÁRÉTT: 2.** máni, **6.** ól, **8.** bað, **9.** lím, **11.** uu, **12.** óbeit, **14.** atlas, **16.** án, **17.** mat, **18.** los, **20.** tí, **21.** ansa.
**LÓÐRÉTT: 1.** póló, **3.** áb, **4.** nautaat, **5.** iðu, **7.** líbanon, **10.** met, **13.** ilm, **15.** stía, **16.** ála, **19.** ss.

## Skák Gunnar Björnsson

Friðrik Ólafsson átti leik gegn Svetozar Gligoric á millisvæðamótinu í Portoroz árið 1958.

**Svartur á leik**

**40.… Dc6!! 0-1.** (41. Df1 er svarað með 41…Dc2!) Friðrik sagði frá Portoroz-mótinu á Skemmtikvöldi SÍ í gær. Alexander Oliver Mai og Páll Andrason urðu efstir og jafnir á U-2000 móti TR sem lauk í fyrrakvöld.

**www.skak.is.** Allt um U-2000 mótið.




| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 6 | 4 | 9 | 8 | 7 | 5 | 2 |
| 7 | 9 | 5 | 1 | 2 | 6 | 3 | 4 | 8 |
| 4 | 2 | 8 | 3 | 5 | 7 | 6 | 9 | 1 |
| 8 | 4 | 2 | 5 | 7 | 3 | 9 | 1 | 6 |
| 6 | 7 | 1 | 8 | 4 | 9 | 2 | 3 | 5 |
| 5 | 3 | 9 | 6 | 1 | 2 | 8 | 7 | 4 |
| 9 | 5 | 3 | 2 | 6 | 1 | 4 | 8 | 7 |
| 1 | 6 | 7 | 9 | 8 | 4 | 5 | 2 | 3 |
| 2 | 8 | 4 | 7 | 3 | 5 | 1 | 6 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 7 | 5 | 1 | 3 | 2 | 9 | 8 |
| 5 | 8 | 2 | 7 | 9 | 4 | 1 | 6 | 3 |
| 9 | 1 | 3 | 6 | 8 | 2 | 4 | 5 | 7 |
| 8 | 9 | 5 | 2 | 3 | 6 | 7 | 4 | 1 |
| 1 | 2 | 6 | 4 | 7 | 9 | 8 | 3 | 5 |
| 3 | 7 | 4 | 8 | 5 | 1 | 6 | 2 | 9 |
| 6 | 3 | 1 | 9 | 2 | 8 | 5 | 7 | 4 |
| 2 | 5 | 9 | 1 | 4 | 7 | 3 | 8 | 6 |
| 7 | 4 | 8 | 3 | 6 | 5 | 9 | 1 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | 3 | 7 | 2 | 1 | 6 | 9 | 4 |
| 4 | 6 | 1 | 3 | 5 | 9 | 7 | 2 | 8 |
| 7 | 9 | 2 | 8 | 4 | 6 | 3 | 1 | 5 |
| 8 | 1 | 6 | 4 | 9 | 2 | 5 | 3 | 7 |
| 9 | 7 | 5 | 1 | 8 | 3 | 2 | 4 | 6 |
| 2 | 3 | 4 | 6 | 7 | 5 | 9 | 8 | 1 |
| 6 | 2 | 8 | 9 | 1 | 7 | 4 | 5 | 3 |
| 3 | 4 | 9 | 5 | 6 | 8 | 1 | 7 | 2 |
| 1 | 5 | 7 | 2 | 3 | 4 | 8 | 6 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# FRÉTTABLAÐIÐ er Helgarblaðið

### Húsverðir með hjartað á réttum stað



**Húsverðir** í einni stærstu verslunarmiðstöð landsins standa í ströngu við undirbúning jóla.

### Situr ekki auðum höndum

**Björt Ólafsdóttir** gerir upp ríkisstjórnarsamstarfið og hrun Bjartrar framtíðar.



### Reyfari byggður á vísindarannsókn

**Eiríkur Bergmann** segir frá nýrri glæpasögu

### Hjálpa handverksfólki

**Sigríður Sigurjónsdóttir,** forstöðumaður Hönnunarsafns Íslands, segir frá verkefni íslenskra hönnuða og handverksfólks í Síerra Leóne.



**Fréttablaðið – ómissandi hluti af góðri helgi**

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Vinsælar bækur í BÓNUS




**4.495** kr. stk.

**Skuggarnir**
Stefán Máni




**4.495** kr. stk.

**Myrkrið veit**
Arnaldur Indriðason




**4.495** kr. stk.

**Gatið**
Yrsa Sigurðardóttir




**4.495** kr. stk.

**Sakramenti**
Yrsa Sigurðardóttir




**4.595** kr. stk.

**Heima**
Sólrún Diego




**3.998** kr. stk.

**Sönglögin okkar**
Jón Ólafsson - Úlfur Logason




**3.998** kr. stk.

**Vögguvísurnar okkar**
Jón Ólafsson - Úlfur Logason






**3.298** kr. stk.

**Amma best**
Gunnar Helgason




**3.259** kr. stk.

**Þitt eigið ævintýri**
Ævar Þór Benediktsson




**1.198** kr. stk.

**Jól með Láru**
Birgitta Haukdal




**3.298** kr. stk.

**Henrí hittir í mark**
Þorgrímur Þráinsson

## BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með **3. desember** eða meðan birgðir endast.

# Sá aldrei nema tækifærin og hafði það að leiðarljósi

**Silja Aðalsteinsdóttir hefur ritað æsku- og athafnasögu Sveins R. Eyjólfssonar. Silja hikaði ekki við að setja sínum fyrrverandi vinnuveitanda til margra ára afdráttarlaus skilyrði fyrir verkinu.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is





Silja og Sveinn unnu saman um skeið en hittust helst í leikhúsinu sem Sveinn hefur sótt ásamt Auði Eydal eiginkonu sinni frá því þau tóku saman fyrir sextíu árum.

Það sækja ekki allir í sviðsljósið þó svo þeir setji mark sitt á samtíma sinn og samfélag. Sveinn R. Eyjólfsson, blaðaútgefandi til áratuga, er einmitt gott dæmi um slíka manneskju. Þrátt fyrir það kom fyrir skömmu út æsku- og athafnasaga Sveins eftir Silju Aðalsteinsdóttur sem starfaði sem menningarblaðamaður og ritstjóri, meðal annars fyrir Svein, um margra ára skeið. Áhrif Sveins á fjölmiðlaumhverfi Íslendinga verður seint ofmetið, allt frá því að hann gerðist framkvæmdastjóri á síðdegisblaðinu Vísi árið 1968 til þess að vera stærsti hluthafinn í Frjálsri fjölmiðlun áratugum síðar með viðkomu víða á þeim merka ferli.

### Þurfti að bíða eftir blaðinu

Silja segir frá því í formála bókarinnar að leiðir hennar og Sveins hafi legið saman þegar hún byrjaði að starfa fyrir hann á DV árið 1996 en þau hafi þó sjaldan hist nema í leikhúsinu þar sem þau voru bæði fastir gestir á frumsýningum. Aðspurður um meintan leikhúsáhuga segir Sveinn hins vegar sposkur að leikhúsferðirnar hafi nú ekki verið að hans frumkvæði. „Það er reyndar Auður Eydal, eiginkona mín, sem ætti að segja frá þessu því leikhúsið hefur verið hennar áhugamál alla tíð og ég náttúrulega fylgdi með í því. Við erum búin að stunda leikhúsið frá því að við tókum saman fyrir sextíu árum og gerum enn.“

Sveinn segist ekki hafa merkt miklar breytingar á leikhúsinu á þessum sextíu árum af einfaldri ástæðu. „Kannski þróast maður bara með þegar maður kemur svona oft, þá tekur maður ekki endilega eftir breytingunum.“ „En hefurðu orðið krítískari með tímanum?“ skýtur Silja inn í vegna þess að blaðamaðurinn tekur sig ósjálfrátt upp og Sveinn tekur nú ekki fyrir að það geti vel verið. Silja sem líka hefur sótt leikhúsið lengi bætir við að það séu sýningar sem standi upp úr fremur en tímabil. „Sumar þessar sýningar fylgja manni alla tíð en annað man maður vart hvort maður sá eða ekki.“

„Auður mín var lengi að skrifa gagnrýni um leikhúsið,“ rifjar Sveinn upp og lætur hugann reika til liðinna stunda. „Framan af hafði það í för með sér að um leið og við komum heim þá þurfti hún að skrifa leikdóminn og svo þurfti að keyra hann niður á blað svo það væri hægt að hafa hann í blaðinu daginn eftir eins og var krafa um á þessum tíma. Það var því gríðarleg breyting þegar það var hægt að fara að senda þetta í tölvunni. En við ræddum aldrei sýningarnar okkar á milli því hún vildi móta sína skoðun og ekki láta mig vera að flækjast fyrir. Ég varð að gera mér að góðu að bíða eftir blaðinu og láta mér nægja að lesa dóminn daginn eftir,“ segir Sveinn og hlær við tilhugsunina.

### Skýlaus krafa Silju

Fyrir nokkrum árum lögðu Sveinn og Silja í þá vegferð að skrifa Allt kann sá er bíða kann og eitt af því sem gerir bókina svo heillandi er tvíþætt eðli hennar á milli æskuára Sveins annars vegar og svo starfsferilsins í blaðaútgáfu hins vegar. „Þetta var nú krafa Silju, hún hélt því fram að þetta yrði ekki bók nema að sagan yrði tekin frá upphafi,“ segir Sveinn sposkur og Silja er fljót til svars. „Nei, ef við hefðum byrjað á til dæmis stofnun Dagblaðsins, eins og var hugmynd Sveins í upphafi og var vissulega mikil byrjun, þá hefðum við orðið af svo miklu. Bæði var Sveinn búinn að gefa mér í skyn að það væri saga í æskunni, óvenjuleg uppvaxtarár, óvenjuleg kjör og þar jafnvel sitthvað sögulegt og ævintýralegt, og svo fannst mér bara nauðsynlegt að það kæmi fram hvernig þessi maður hefði orðið til. Það er sérkennilegt af manni um þrítugt að hætta í góðu starfi og fara inn á glatað fyrirtæki og fara svo þaðan þegar það er allt í blóma þó svo það sé reynt að halda honum inni og fara út í ennþá háskalegra fyrirtæki. Mér fannst ég verða að vita hvaðan þessi maður kom.“

Sveinn var ásamt bróður sínum alinn upp af einstæðri móður sem glímdi við alvarleg veikindi frá unglingsárum og kjörin voru á stundum kröpp. En hvernig skyldi það hafa lagst í Svein að fara að skoða aftur þessa tíma bæði góða og erfiða? „Mér fannst það óþægilegt. Ég sagði Silju strax að ég hefði hvorki rætt þetta við neinn né hugsað um það í þessi sjötíu og fimm ár. Þannig að það var dálítið skrýtið að fara að opna þetta eftir öll þessi ár. En það er ekkert þarna sem hefur truflað mig hið minnsta. Ég hef tekið fram að ég átti bara hamingjuríka æsku að mér fannst sjálfum. Þessi kjör sem þú nefnir voru á mælikvarða þjóðfélagsins auðvitað erfið en ég tók því ekki þannig. Við bræður vorum ekki aldir upp í því að við værum í erfiðum aðstæðum. Það var aldrei viðhorfið hjá móður minni heldur þvert á móti að við værum í fínum málum.“



Þrátt fyrir að hafa verið lykilmaður í íslenskum fjölmiðlum um áratugaskeið gætti Sveinn þess ætíð að vera ekki sjálfur í sviðsljósinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

### Verkefni til að leysa

Aðspurður hvort þetta hafi mótað Svein og haft áhrif á hans ævistarf segist hann hafa í sjálfu sér aldrei velt því fyrir sér en það stendur ekki á svari hjá ævisagnaritaranum. „Þú segir svo oft að þegar á reyndi þá hafi það verið verkefni til að leysa. Eitthvað sem þyrfti bara að fara í og mér finnst að það viðhorf hafi mótast þegar þú varst strákur. Þú mætir því sem kemur fyrir þig með ákveðinni bjartsýni. Ég held að mamma þín hafi skipt gríðarlegu máli í lífi þínu. Hún var afar sérstæð manneskja og allt viðhorf hennar til lífsins er sérstakt og merkilegt.“ „Já, sjálfsagt er það rétt,“ skýtur Sveinn inn í og er greinilega hugsi og Silja bætir við: „Þú sagðir einhvern tíma að hún hefði verið drottning í …“ „… í eðli sínu,“ botnar Sveinn og bætir við: „Hún viðurkenndi aldrei að hún ætti neitt erfitt þrátt fyrir að vera mikið veik árum saman. En eftir fertugt var hún fín til heilsunnar og lifði til níræðs.

Það má vel vera að þegar þessar uppákomur urðu – eins og sprengingin á Vísi, stofnun Dagblaðsins og prentunin og það allt – að þá hafi reynslan úr æsku haft áhrif á að ég tók það aldrei neitt sérstaklega inn á mig. Þetta var bara eitthvað sem ég þurfti að leysa.“ „Ég er alveg viss um það,“ segir Silja, „til dæmis það að vera aldrei hræddur við að vera blankur.“ „Nei, ég var aldrei hræddur við það,“ samsinnir Sveinn. „Peningar skipta þig aldrei máli til þess að eiga þá heldur til þess að nota þá,“ botnar Silja. „Við höfum eiginlega sagt, við Auður, að við höfum verið blönk alla okkar ævi. Við öfluðum peninganna en eyddum þeim jafnóðum, til dæmis í að byggja upp jarðirnar sem við keyptum,“ segir Sveinn og það leynir sér ekki að hann lítur hvorki á peninga sem upphaf né endi hlutanna.

### Áhuginn alltaf til staðar

Þegar Sveinn er spurður út í það hvað hafi orðið til þess á sínum tíma að hann hætti í góðu starfi hjá Skeljungi til þess að skella sér af fullum þunga í fjölmiðlaútgáfu segir hann að áhuginn hafi alltaf verið til staðar. „Ég hlustaði alltaf mikið á útvarp og las öll blöð og svo kynntumst við Jónas Kristjánsson 1959. Ég fylgdist með honum eftir að hann byrjaði á Tímanum. Ég meira að segja skaffaði honum viðtal við Englending á mikilli ævintýrareisu sem ég hitti austur á Seyðisfirði. Dró manninn upp á símstöð, hringdi svo í Jónas og rétti Englendingnum tólið. Svo fylgdist ég með öllum vandræðunum á Vísi þegar Jónas var kominn þangað og hafði ákveðnar skoðanir á orsökum þeirra. Það æxlaðist svo þannig, eins og ég segi frá í bókinni, að Jónas kom loks til mín og spurði hvort ég vildi þá ekki bara taka með honum slaginn.

Ég man að þetta kvöld þegar Jónas bar upp erindið, þá sat Þórður Harðarson læknir með okkur, gamall skólafélagi Jónasar, og hann hvatti mig mjög til þess að hjálpa Jónasi. Ég gekk glaður í það því ég hafði áhuga á verkefninu. Ég sá þetta heldur aldrei sem vonlaust mál heldur sem tækifæri og það er það viðhorf sem ég hef haft að leiðarljósi.“

Penninn Eymundsson

# SKATT FRÍ DAGAR




## FELLUM NIÐUR JAFNGILDI VIRÐISAUKASKATTS AF ÖLLUM VÖRUM ALLA HELGINA!

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af öllum sölum. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Pennans. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

#LESTUMEIRA

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími verðlækkunnar er til og með 3. desember, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.


Hér er Hnúkaþeyr í öllu sínu veldi, oktett með blástursþjóðfæri sem ætlar að skapa hlýja vinda nú í skammdeginu.

# Við erum að spila bæði með ljósi og mynd

## Tvö óbó, tvær klarinettur, tvö horn og tvö fagott eru hljóðfærin sem blásaraoktettinn Hnúkaþeyr sveiflar þegar hann leikur fimm ólík verk íslenskra höfunda í Norðurljósasal Hörpu á sunnudaginn.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Tónleikarnir okkar eiga að veita birtu og yl í skammdeginu þó við séum ekki með hefðbundið jólaprógramm. Svo eru þeir spennandi því þar er meira en bara tónlistin, hún Hrund Atladóttir vídeólistakona ætlar að prýða dagskrána með vídeóverki í bakgrunni. Við erum sem sagt að spila bæði með ljósi og mynd,“ segir Kristín Mjöll Jakobsdóttir, fagottleikari í blásaraoktettinum Hnúkaþey, um tónleika sveitarinnar í Norðurljósasal Hörpu klukkan 17 nú á sunnudaginn.

Tónleikarnir bera heitið Hlýir vindar, sem vísar auðvitað til nafns kammerhópsins. Á dagskránni eru fimm ólík verk eftir íslenska höfunda. Eftir Sigrúnu Kristbjörgu Jónsdóttur verður frumflutt blússkotin ballaða sem hún umritaði fyrir Hnúkaþey á síðustu vikum. Hún nefnir það Chorale.

Náttúrustemningar eru ávallt skammt undan hjá Hnúkaþey og tvö tónverkanna eru samin sérstaklega fyrir sveitina, Andar eftir Önnu Þorvaldsdóttur og … það kemur, … það fer, eftir Elínu Gunnlaugsdóttur. Í Andar leika andardráttur og öldufall stórt hlutverk og verk Elínar kemur og fer eins og vatnið sem streymir áfram endalaust.

Nonett eftir Pál Pampichler Pálsson og Scherzo eftir Herbert H. Ágústsson eru elstu verk efnisskrárinnar, Kristín segir þau litrík og kraftmikil. Þau voru samin árið 1984 fyrir sveitina Ensemble Reykjavik-Wien sem frumflutti þau í Vín sama ár. Hljóðfæraskipanin er blásaraoktett og trompet.

Páll og Herbert fæddust báðir í Austurríki en fluttu til Íslands um miðja síðustu öld og vörðu starfsævi sinni í þágu íslensks tónlistarlífs. Herbert lést í júní síðastliðnum en Páll Pampichler er nú búsettur í Graz í Austurríki.

Hnúkaþeyr var stofnaður árið 2003 og er samkvæmt 250 ára hefð skipaður tveimur óbóum, tveimur klarinettum, tveimur hornum og tveimur fagottum. Stjórnandi á tónleikunum er Carlos Caro Aguilera en Hnúkaþey skipa Peter Tompkins og Eydís Franzdóttir á óbó, Ármann Helgason og Rúnar Óskarsson á klarinett, Emil Friðfinnsson og Frank Hammarin á horn, og Snorri Heimisson og Kristín Mjöll Jakobsdóttir á fagott. Trompetleikari er Baldvin Oddsson.

Tónleikarnir eru hluti af tónleikaröðinni Sígildir sunnudagar.




Vissir þú að...
Foreldrar bera meginábyrgð á að stuðla að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska barna sinna.
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

# Íslensk þjóðlög í tyrkneskum búningi: Og?

**TÓNLIST**

**Ásgeir Ásgeirsson: Two Sides of Europe, Icelandic Folksongs Volume I**
★★★☆☆

**Stanga Music**

Einu sinni var hér haldin myndlistarsýning þar sem framandi hlutum var skeytt við íslenskt landslag. Ég man sérstaklega eftir manni sem teymdi á eftir sér úlfalda einhvers staðar á Suðurlandi. Gott ef það voru ekki pálmatré á víð og dreif. Tilfinningin var eins og orðið hefðu náttúruhamfarir og jörðin hallast svo langt að Ísland hefði lent þar sem Miðausturlönd eru núna.

Tónlistarlega útfærslu þessarar hugmyndar er að finna á nýútkomnum geisladiski, Two Sides of Europe sem er hugarfóstur Ásgeirs Ásgeirssonar, gítarleikara og balkanstrengjaleikara. Hann hefur, í samstarfi við Yurdal Tokcan, gert nýjar útsetningar í tyrkneskum anda á íslenskum þjóðlögum og ofið inn í þau frumsamdar laglínur. Allur hljóðheimurinn er í tyrkneskum stíl, nema þegar Sigríður Thorlacius syngur í nokkrum lögum.

Þetta er ágæt hugmynd, svo langt sem hún nær. Forvitnilegt er að heyra Krummann á skjánum, Sofðu unga ástin mín og Ólafur reið með björgum fram í annarri umgjörð en maður á að venjast. Ásgeir er þó ekki sá fyrsti sem fær þá hugmynd að matreiða íslensku þjóðlögin á nýstárlegan hátt ofan í alla túristana. Skemmst er að minnast geislaplötu þar sem þjóðlög voru sungin af sópransöngkonu inni í vita með tilheyrandi bergmáli, of miklu. Píanóplata með mörgum mismunandi útsetningum á Ísland farsælda frón kom líka út nýverið og var varla skemmtilegri.



Gallinn er hvað íslensku þjóðlögin eru leiðinleg! Þau eru dapurleg, drungaleg og dauf, full af myrkri og kulda. Stemningin í þeim opinberar valdníðslu erlendrar og innlendrar yfirstéttar í gegnum aldir, tækifæri sem sífellt voru utan seilingar, vonleysi, eymd og fátækt. Þau eru söngur mannsins sem er búinn að missa af síðasta strætó.

Þetta nýja útspil gerir því miður fátt fyrir þjóðlögin. Til hvers var farið út í þetta? Ef maður vill hlusta á tyrkneska tónlist, þá er fullt af henni á Spotify. Það vantar dramað hér, spennandi framvindu, kræsilegan rytma, safaríkar melódíur, sem svo mikið er af í alvöru tyrkneskri músík. Íslensk þjóðlög eru einfaldlega léleg tónlist og þeim er ekki viðbjargandi. Framandi umgjörð breytir engu þar um.

Engu að síður er tónlistarflutningurinn fagmannlegur. Hljóðfæraleikurinn er snyrtilegur og hljóðheimurinn fjölbreyttur, gæddur mörgum mismunandi litum sem láta vel í eyrum. Söngurinn er líka tær og hreinn, þótt hann sé í spennitreyju algerrar armæðu þjóðlegrar fortíðar. Vonandi tekur þessi góði, hæfileikaríki hópur eitthvað meira bitastætt fyrir næst.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Vel unnin plata en nær þó aldrei flugi.

## GATIÐ EFTIR YRSU SIGURÐARDÓTTUR

# MEST SELDA BÓK LANDSINS!




*Gatið* er mögnuð glæpasaga eftir Yrsu Sigurðardóttur. Hér stíga fram á sviðið Huldar lögreglumaður og sálfræðingurinn Freyja sem lesendur þekkja úr síðustu bókum Yrsu; *Aflausn, Soginu* og *DNA* en hún var valin besta íslenska glæpasagan 2014 og besta glæpasagan í Danmörku 2016.

**1. sæti**
**Bóksölulistinn**
**Skáldverk**

**1.**
**Metsölulisti Eymundsson**

VERÖLD








# Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

hvar@frettabladid.is

## 1. DESEMBER 2017

### Tónlist

**Hvað?** Fullveldispönk
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Hard Rock Café, Lækjargötu
Annað árið í röð heldur Pönksafnið Fullveldispönk-tónleika í Hard Rock Café. Nú koma fram fimm hljómsveitir, þar af fjórar sem störfuðu á tímabilinu 1979 til 1984. Það eru Taugadeildin, Snillingarnir, Handan grafar og Stífgrím komBóið. Fulltrúar ungu kynslóðarinnar er svo hljómsveitin Pink Street Boys, besta rokksveit landsins í dag. Miðaverð er 2.500 kr.

**Hvað?** Föstudagsröðin – Mozart og Arvo Pärt
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Harpa
Mozart og Arvo Pärt voru uppi á ólíkum tímum en í listinni eiga þeir margt sameiginlegt. Tónlist þeirra er tær og oft einföld á yfirborðinu en þegar vel er að gáð býr þar margt að baki. Víkingur Heiðar Ólafsson leikur einleik og stjórnar hljómsveitinni frá flyglinum rétt eins og tíðkaðist á dögum Mozarts.

**Hvað?** Mugison
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Harpa
Mugison ætlar að enda eina metnaðarfyllstu tónleikaferð seinni ára í Hörpu 1. desember. Hann hefur spilað á rúmum 60 stöðum vítt og breitt um landið í sumar og haust, á kaffihúsum, í félagsheimilum, hlöðum, söfnum, brugghúsi, skólum, steypustöð, kirkjum, hótelum, íþróttahúsum, beitningarskúr og smurstöð. Tónleikarnir í Hörpu verða nokkurs konar „best of“ frá þessum geggjaða túr þar sem hann spilar einn á kassagítarinn, með hljómsveit og nokkrum hljóðfæraleikurum sem stigu á svið með honum á tímabilinu, sannkölluð uppskeruhátíð. „Ég finn ekki nógu sterk lýsingarorð til þess að segja hversu spenntur ég er fyrir þessum tónleikum,“ segir Mugison fullur tilhlökkunar.


Mugison klárar risa tónleikaferðalag sitt í Hörpunni í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Hvað?** Trio Harpverk, with Einar Jóhannesson
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Fríkirkjan í Reykjavík

**Hvað?** Heima um jólin 2017 í Salnum
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Salurinn, Kópavogi
Friðrik Ómar stígur á svið ásamt okkar færustu hljóðfæraleikurum. Sérstakur gestur er stórvinur hans Jógvan Hansen en þeir hafa brallað ýmislegt saman í gegnum tíðina sem oftar en ekki hefur endað með ósköpum. Einnig munu óvæntir leynigestir taka lagið.

### Viðburðir

**Hvað?** Aðventugleði Hönnunarmiðstöðvar
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Hönnunarmiðstöð Íslands, Aðalstræti
Hönnunarmiðstöð blæs til jólagleði þar sem opnaður verður fyrsti „glugginn“ í stórglæsilegu tveggja metra háu jóladagatali Hönnunarmiðstöðvar og HA. Á hverjum degi fram að jólum verður „gluggi“ opnaður með vöru frá íslenskum hönnuði, en þann dag verður sama vara fáanleg á sérstöku jólatilboði.

**Hvað?** Opnun – Er ég ósýnilegur?
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Norræna húsið
Sóley Dröfn Davíðsdóttir sýnir olíuverk sem flest eru máluð á götum Parísarborgar. Hún fékk hugmyndina þegar hún sá betlara í hverfinu sínu halda skilti á lofti sem á stóð „Er ég ósýnilegur?“. Þessum manni hafði hún líkt og aðrir skundað daglega fram hjá og reynt að horfa í aðra átt. Með myndum sínum vill Sóley vekja athygli á tilveru þessa hóps, sameiginlegri ábyrgð okkar og umfram allt sýna þessi stórbrotnu andlit sem öll bera vott um erfiða ævi.

**Hvað?** Opnunarhátíð Jólaþorpsins
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Jólaþorpið, Thorsplani, Hafnarfirði
Laddi tendrar ljósin á jólatrénu og telur í nokkur jólalög. Lúðrasveit Hafnarfjarðar leikur og karlakórinn Þrestir syngur og þá mun Jón Jónsson skemmta gestum sem geta gengið á milli tuttugu fagurlega skreyttra jólahúsa sem eru orðin landsþekktur söluvettvangur fyrir gjafavöru.







Auður Ómarsdóttir er búin að halda hvorki meira né minna en fimm einkasýningar á árinu. MYND/TARA ÓSP TJÖRVADÓTTIR

# Auður Ómarsdóttir sýnir í glænýju rými í Geysi

Í dag opnar Geysir nýja verslun, Geysir Heima, en hún er til húsa á Skólavörðustíg 12. Þar verður til sölu gjafavara eins og til að mynda rúmföt, keramik, kerti, bækur og jafnvel reiðhjól.

Þetta verður bæði íslensk og erlend hönnun og merki sem ekki hafa áður fengist hér á landi.

Í kjallara verslunarinnar verður svo haldið úti lista- og hönnunargalleríi, en það nefnist Kjallarinn. Þetta er glænýr vettvangur fyrir listamenn og hönnuði sem Geysir býður hér upp á og leggur verslunin upp með að styðja við þann vettvang.

Fyrst til að sýna í þessu nýja rými er Auður Ómarsdóttir myndlistarkona og verður sýning hennar opnuð í dag, á sama tíma og verslunin. Sýningin ber nafnið Hliðstæður og er í formi ljósmynda, teikninga, hugmynda og ferðasagna.

„Þessi sýning er eins og samantekt yfir minningar ársins og ýmsir gluggar opnaðir. Ég er mjög sátt með að sýna í Kjallaranum á Geysi, það er táknrænt og ég finn fyrir miklum krafti,“ segir Auður en þetta er hennar níunda einkasýning og sú fimmta á þessu ári.

Opnunin verður klukkan 17 og verða léttar veitingar í boði. **– sþh**

HÚSASMIÐJAN

blómaval

# JÓLATRÉ

## AÐVENTUTILBOÐ

**Eitt verð veljið sjálf**

**150-240 cm**

Normannsþinur
Standard flokkur
Takmarkað magn

**2.990 kr**

~~5.990~~ kr

Aðeins föstudag-sunnudags



· Kauptu jólatréð snemma.
· Geymdu það upprétt utandyra og það helst ferskt og flott

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana.




**JÓLABOÐ JÓA**
KL. 19:30
Jóhannes Ásbjörnsson er mættur á skjáinn með hátíðlegan skemmtiþátt fyrir alla fjölskylduna. Skemmtilegir gestir og alls kyns uppákomur sem stytta biðina eftir jólunum. Góðir vinir kíkja við og eiga frábæra kvöldstund saman í skammdeginu.

Frábært
**Föstudagskvöld**

Fáðu þér áskrift á **365.is**

**MY CHRISTMAS DREAM**
KL. 20:25
Rómantísk gamanmynd um unga konu sem vinnur í stórri verslun og málin flækjast aldeilis þegar hún þarf að taka að sér krefjandi verkefni með fyrrverandi starfsmanni.






**SLEEPLESS**
KL. 21:55
Vincent Down er lögreglumaður af lífi og sál sem þarf oft að gera meira en gott þykir í dulargervi. En það verður ekki aftur snúið þegar mafían er farin að ógna fjölskyldu hans og tilveru. Frábær spennumynd með Jamie Foxx í aðalhlutverki.

**CRIMSON PEAK**
KL. 22:00
Hörkuspennandi mynd um Edith Cushing sem fellur fyrir hinum dularfulla en heillandi lávarði Thomasi Sharpe en ekki er allt sem sýnist.



**THE X-FACTOR UK**
FÖSTUDAGA OG LAUGARDAGA KL. 20:00
Við höldum áfram þar sem frá var horfið á Stöð 2 með þessa stórskemmtilegu tónlistarveislu þar sem Simon Cowell fer fremstur í flokki frábærra dómara.




**Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.**

**365.is**




# DAGSKRÁ

# Föstudagur

## STÖÐ 2

**07.00 Simpson-fjölskyldan**
**07.25 Tommi og Jenni**
**07.45 Kalli kanína og félagar**
**08.05 The Middle**
**08.30 Pretty Little Liars**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors**
**10.20 Veep**
**10.50 Planet's Got Talent**
**11.10 Mike & Molly**
**11.30 Anger Management**
**11.55 Leitin að upprunanum**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Madame Bovary**
**14.55 Algjör Sveppi og dularfulla hótelherbergið**
**16.15 Asíski draumurinn**
**16.55 Friends**
**17.15 Simpson-fjölskyldan**
**17.40 Bold and the Beautiful**
**18.05 Nágrannar**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Sportpakkinn** Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**19.25 Fréttayfirlit og veður**
**19.30 Jólaboð Jóa** Hátíðlegur skemmtiþáttur í umsjón Jóhannesar Ásbjörnssonar þar sem þjóðþekktir einstaklingar kíkja í jólaboð og eiga frábæra kvöldstund saman í skammdeginu.
**20.25 My Christmas Dream** Rómantísk gamanmynd um unga konu sem er deildarstjóri í stórri verslunarkeðju en dreymir um að taka við alþjóðlegri deild í París. Til þess að það verði að veruleika þarf hún að sýna sig og sanna í aðdraganda jóla með því að setja saman stórkostlegustu jólaframstillingu í sögu búðarinnar með aðstoð fyrrum starfsmanns sem nýlega var sagt upp. Málin flækjast þegar tilfinningar vakna á milli þeirra.
**21.55 Sleepless**
**23.35 In the Heart of the Sea**
**03.10 Madame Bovary**
**05.05 The Middle**
**05.30 Mike & Molly**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.35 ÍBV - Afturelding**
**09.05 Stoke City - Liverpool**
**10.45 Everton - West Ham**
**12.30 Premier League World**
**13.00 Minnesota Timberwolves - Phoenix Suns**
**14.30 Valencia - Barcelona**
**16.10 Skallagrímur - Valur**
**17.40 ÍBV - Afturelding**
**19.10 PL Match Pack**
**19.40 La Liga Report**
**20.10 Evrópudeildin - fréttaþáttur**
**21.00 Seinni bylgjan**
**22.25 Bundesliga Weekly**
**22.55 Premier League Preview**
**23.20 Leeds United - Aston Villa**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.10 QPR - Brentford**
**08.50 Arsenal - Huddersfield**
**10.30 Chelsea - Swansea**
**12.15 Manch. City - Southampton**
**14.00 Formúla 1 - Keppni**
**16.10 Los Angeles Rams - New Orleans Saints**
**18.35 NFL Gameday**
**19.05 Höttur - Þór Þ.**
**21.15 Premier League Preview**
**21.45 PL Match Pack**
**22.15 La Liga Report**
**22.45 Gary Neville's Soccerbox**
**23.15 Búrið**
**23.50 Seinni bylgjan**

## STÖÐ 3

**16.45 Gilmore Girls**
**17.35 The Big Bang Theory**
**18.00 Fresh off the Boat**
**18.30 Modern Family**
**19.00 Friends**
**19.30 Seinfeld**
**20.00 The X Factor 2017**
**21.35 It's Always Sunny in Philadelphia**
**21.55 Six Feet Under**
**22.50 Eastbound & Down**
**23.20 Entourage**
**23.45 Unreal**
**01.10 Seinfeld**
**01.35 Friends**
**02.00 Tónlist**

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.05 Dóra könnuður**
**07.29 Mörgæsirnar**
**07.52 Doddi litli og Eyrnastór**
**08.00 Áfram Diego, áfram!**
**08.24 Svampur Sveinsson**
**08.49 Lalli**
**08.55 Rasmus Klumpur**
**09.00 Strumparnir**
**09.25 Ævintýraferðin**
**09.37 Hvellur keppnisbíll**
**09.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**10.00 K3**
**10.13 Víkingurinn Viggó**
**10.27 Tindur**
**10.38 Mæja býfluga**
**10.50 Elías**
**11.00 Dóra könnuður**
**11.24 Mörgæsirnar**
**11.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**12.00 Áfram Diego, áfram!**
**12.24 Svampur Sveinsson**
**12.49 Lalli**
**12.55 Rasmus Klumpur**
**13.00 Strumparnir**
**13.25 Ævintýraferðin**
**13.37 Hvellur keppnisbíll**
**13.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**14.00 K3**
**14.11 Víkingurinn Viggó**
**14.25 Tindur**
**14.38 Mæja býfluga**
**14.50 Elías**
**15.00 Dóra könnuður**
**15.24 Mörgæsirnar**
**15.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**16.00 Áfram Diego, áfram!**
**16.24 Svampur Sveinsson**
**16.49 Lalli**
**16.55 Rasmus Klumpur**
**17.00 Strumparnir**
**17.25 Ævintýraferðin**
**17.37 Hvellur keppnisbíll**
**17.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**18.00 K3**
**18.11 Víkingurinn Viggó**
**18.25 Tindur**
**18.38 Mæja býfluga**
**18.50 Elías**
**19.00 Jóladagatal Afa**
**19.05 Ástríkur á Goðabakka**



**Dóra könnuður kl. 07.00, 11.00 og 15.00**

## GOLFSTÖÐIN

**08.15 Hero World Challenge**
**12.15 PGA Tour 2016: Delivering a Decade of Champions**
**12.40 Presidents Cup - Official Film**
**13.30 Hero World Challenge**
**17.30 Hero World Challenge**
**21.30 Golfing World**
**22.20 PGA Special: Arnold Palmer Network**
**23.00 Hero World Challenge**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.45 War Room** Hugljúf mynd frá 2015 segir frá Tony og Elizabeth Jordan, hjónum sem virðist ganga allt í haginn. Þau eru í góðri vinnu, eiga fallega dóttur, og búa í draumahúsinu sínu. En útlitið getur blekkt. Í raun og veru er hjónabandið þeirra orðið hálfgert stríðsástand og dóttir þeirra líður fyrir ástandið. Eftir að hafa fengið góð ráð frá frá Miss Clöru, eldri konu, þá uppgötvar Elizabeth að hún getur barist fyrir fjölskyldu sinni í staðinn fyrir að berjast gegn henni.
**13.45 Learning to Drive**
**15.15 Ingenious**
**16.45 War Room**
**18.50 Learning to Drive**
**20.25 Ingenious** Gamanmynd frá 2009 sem fjallar um sanna sögu tveggja vina, uppfinningamanns og sölumanns, sem dreymdi um að slá í gegn með nýju hjálpartæki og ákváðu að leggja allt sitt í sölurnar. Það eru þau Dallas Roberts, Jeremy Renner og ísraelska leikkonan Ayelet Zurer sem fara með aðalhlutverkin í þessari sannsögulegu mynd um þá Matt og Sam sem eins og svo marga dreymdi um að gera það gott með því að finna upp og selja sína eigin vöru. Fyrir þann draum lögðu þeir síðan allt að veði og svo fór að þeir töpuðu öllu.
**22.00 Crimson Peak**
**23.55 Hateship Loveship**
**03.15 Crimson Peak**

## RÚV

**14.40 HM 2018: Dregið í riðla**
**16.15 Heilabrot**
**16.45 Ævi**
**17.15 Landinn**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Logi og Glóð - aðstoðarmenn slökkviliðsins**
**18.08 Hæ Sámur**
**18.13 Alvin og íkornarnir**
**18.25 Jóladagatalið: Snæholt**
**18.50 Vísindahorn Ævars**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.35 Veður**
**19.40 HM 2018: Dregið í riðla**
**20.05 Útsvar**
**21.25 Vikan með Gísla Marteini**
**22.10 Goðsögnin Pelé**
**23.55 Hross í oss**
**01.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Everybody Loves Raymond**
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 The Tonight Show**
**09.45 The Late Late Show**
**10.25 The Voice USA**
**11.10 Síminn + Spotify**
**13.25 Dr. Phil**
**14.05 America's Funniest Home Videos**
**14.30 The Biggest Loser - Ísland**
**15.30 Glee**
**16.15 Everybody Loves Raymond**
**16.40 King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Tonight Show**
**19.05 Family Guy**
**19.30 The Voice USA**
**21.00 Star Wars: Episode VI - Return of the Jedi**
**23.15 The Lone Ranger**
**02.30 Prison Break**
**03.15 Heroes Reborn**
**04.00 Penny Dreadful**
**04.45 Quantico**
**05.30 Síminn + Spotify**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

FJÖRÐUR

1. des.

Opið til 22

# Jólagleði

Stanslaus jólagleði til kl. 22.
Léttar veitingar, vörukynningar, afþreying fyrir börnin
og frábærir skemmtikraftar.

## Aðventutilboð 20-40%

FÖS. / LAU. / SUN.




Jólaþorpið opnar kl. 18:00



Geir Ólafs kl. 19:15 / 20:30



Bjarni Ara kl. 19:30



Ingó Veðurguð kl. 20:00

Vörukynningar
um kvöldið

OPIÐ LAUGARDAG og SUNNUDAG

Opið verður alla helgina til kl. 17.
Handverksmarkaður, jólamarkaður og afþreying fyrir börnin.

Léttar veitingar
um kvöldið

# Desemberspá Siggu Kling



**Spáin gildir fyrir desember**

Lengri útgáfa af stjörnuspá á visir.is/SiggaKling

Spáin birtist fyrsta föstudag hvers mánaðar.

## Hrúturinn
**21. mars–19. apríl**

### Dásamlegur tími fram undan

Elsku Hrúturinn minn, þetta hefur verið litríkt ár með miklu fleiri góðum en slæmum punktum en það er í eðli hugans að draga frekar að sér erfiðleikana sem hindra mann heldur en það dásamlega sem hefur gerst. Þú býrð yfir brennandi þrá til að gera hlutina sérstaka og þar af leiðandi finnst þér þú tapa ef það gengur ekki alveg 100%. Þú ert svo stoltur og vilt ekki að aðrir viti þegar illa gengur, ég las einhvers staðar að 90% af fólki er alveg skítsama hvernig gengur hjá þér, og hin 10% eru bara svolítið ánægð með að þér gangi ekki vel. Svo haltu bara því fyrir þig sem þú vilt ekki að allir séu að tala um, en treystu þínum innsta hring, þess vegna heitir hann innsti hringur. Það er að koma dásamlegur tími í desember, sérstaklega þegar tunglið er fullt því það er fullt tungl í nautsmerkinu sem gefur ástarplánetuna Venus, svo góð ást verður betri, en vond ást getur sprungið. Mottó: Taktu lífið ekki of alvarlega.

## Nautið
**20. apríl–20. maí**

### Þú hefur valdið

Elsku Nautið mitt, að sjálfsögðu gerast mistök í lífi manns, svo mundu það vel og vandlega að þó að þú hafir dottið á rassinn er það sigurvegarans iðja að standa strax upp og halda áfram. Ekkert sem gerist í lífinu eru mistök, en maður á það bara til inn á milli að fara krókaleiðir að takmarkinu sínu. Það kemur náttúrulega fyrir að maður nennir ekki að halda áfram og dekrar sig niður í alls konar þunglyndi, svo segðu það upphátt við sjálft þig og nafnið þitt eins og ég geri: „Sigga, steinhættu að dekra þig niður í þunglyndi, það er svo hundleiðinlegt!“ Ekki fæða þunglyndispúkann. Þú ert fjarstýringin að þínu eigin lífi; er kveikt á þinni fjarstýringu? Ertu að skipta um stöðvar? Er fjarstýringin batteríslaus eða léstu einhvern annan hafa fjarstýringuna? Um leið og þú skilur að þú hefur valdið þá skaltu byrja hvern morgun á því að skoða á hvaða stöð þú vilt hafa stillt. Setningin þín er: Gerðu góða minningu, það er málið.

## Tvíburinn
**21. maí–20. júní**

### Skreyttu mikið í kringum þig

Elsku Tvíburinn minn! Það er ekki alveg hægt að segja þú elskir íslenska veturinn og þar sem þú ert þessi týpa sem vilt vera sólarmegin í lífinu skaltu hlusta á sjálfan þig þegar þú ert að segja öðrum hvernig þeir eigi að leysa málin og fara kannski eftir þeirri speki sjálfur. Þú ert svo dásamleg persóna og þér hentar vel að hjálpa og ráðleggja öðrum því í þér býr sálfræðingur. Fram undan eru einhvers konar ferðalög, eða að þú færir þig til og þá áttu eftir að kippast alveg í gírinn og ekki bíða eftir að aðrir segi þér hvert þú átt að fara eða hvað þú átt að gera, heldur taktu sjálfur ákvörðun, þá er eins og aðrir fylgi með þér. Ef þú ert með kveikt á ástarljósinu eða háu ljósunum þegar þú sperrir bringuna eins og fuglarnir gera, þá verður algjörlega tekið eftir þér, en þú verður að nenna ástinni til að ástin nenni þér. Þú ert svo mikið fyrir ljós og þess vegna skaltu skreyta mikið í kringum þig. Setningin til þín er: Ég hlakka svo til.

## Krabbinn
**21. júní–22. júlí**

### Elskaðu hvatvísina

Elsku Krabbinn minn! Það er alveg hægt að segja að þú búir yfir meiri orku en góður spretthlaupari, en það er samt alltaf betra fyrir þig að taka lífið í sprettum og ekki hugsa of langt fram í tímann því það flækir bara líf þitt, því núna er NÚNA! Þú ert svo klár, skýr og ástríðufullur fyrir því sem þú ert að gera. Þú skreytir veisluborðið á svo mun betri máta en flestir aðrir, og þá er ég aðallega að meina í orðum og tilfinningum – og alls ekki spara orðin eða einlægnina, því það er það sem kemur þér langt. Þú átt marga aðdáendur, fleiri en þú gerir þér grein fyrir og svo marga sem vilja þér vel, svo ef þú þarft á hjálp að halda þarftu bara að biðja um hana. Þú átt eftir að njóta lífsins í desember, átt eftir að finna hvernig þú getur breytt einföldum hlutum í stórkostlega og svo miklu betur en aðrir geta. Þú skalt elska hvatvísi þína næstu mánuði og sérstaklega núna í desember. Setningin þín er: Taktu þetta í einum spretti.

## Ljónið
**23. júlí–22. ágúst**

### Lærðu að treysta meira

Elsku Ljónið mitt, að sjálfsögðu ertu hvatvíst og elskar ævintýri, þolir oft ekki hversdagsleikann og leitar oft leiða til þess að flýja einföldu hlutina. En þar sem þú ert sú týpa sem getur fengið hvaða manneskju sem er til að treysta þér skaltu nýta þér þann ótrúlega hæfileika hversu sannfærandi þú getur verið í skoðunum þínum og hversu útgeislandi orð þín eru, því þú getur hreinlega fengið hvern sem þú vilt í ástinni og vináttunni. Því einlægari sem þú ert þeim mun meiri árangri nærðu í öllu. Til þess að ná jafnvæginu sem þú elskar, lifðu þá bara einn dag í einu eða einn klukkutíma í einu, það er lykilinn þinn og sérstaklega núna í desember. Núna á næstunni þarftu að sýna þinn innri mann og leyfa þér að tengjast tilfinningaböndum. Lærðu að treysta öðrum betur, en lærðu sérstaklega að treysta á sjálfan þig. Desember gefur þér nýja möguleika til að styrkja þig. Setningin þín er: Ég er búinn til úr stáli, það getur ekkert, ekkert stoppað mig.

## Meyjan
**23. ágúst–22. september**

### Draumar þínir eru að rætast

Elsku Meyjan mín! Eins og þú ert með stórt hjarta og vilt að allt gangi vel, getur það valdið þér sárri angist og erfiðleikum þegar þú sérð að heimurinn er ekki fullkominn. Allt sem er fullkomið, elskan mín, er bara hundleiðinlegt! Hættu að efast um lífið og hættu algjörlega að efast um sjálfa þig. Ef þú skoðar betur, þá eru draumarnir þínir að rætast og það eina sem hindrar þig eru hræðsluhugsanir frá andskotanum. Haltu ótrauð áfram því þú ert svo sannarlega á réttri leið þó að þú sjáir það ekki. Sumum finnst að Meyjan hafi „Gucci“ prik í rassinum, þess vegna siturðu svona bein og yfirveguð – en þú myndir aldrei hafa neitt minna en Gucci undir þér! En þegar fólk kynnist þér ertu skemmtilegasti boðberinn og nánasti vinurinn. Þú ert eins og minnsti pakkinn við jólatréð sem hefur mesta innihaldið. Vertu varkár, elskan mín, í ástamálunum og ekki flækja huga þinn í einhverjum sem á þig ekki skilið. Skilaboðin sem ég færi þér eru: Núna er núna.

## Vogin
**23. september–22. október**

### Gefðu þér tíma í jólin

Elsku Vogin mín! Það hefur mikið verið að gerast undanfarið enda ertu akkúrat í hringiðu lífsins og þú hefur enga stjórn, sem er bara dásamlegt. Mundu hver fyrsta hugsunin er, því það er hugboðið, svo mun lífið leysa allt hitt. Gamall kvíði sem á ekki heima í lífi þínu getur skotið upp kollinum og þú getur dottið niður af áhyggjum yfir einhverju sem á ekki heima í dag. Þú þarft alltaf að stúdera allt svo mikið, eins og þú værir lögfræðingur, en lífið er svo miklu einfaldara en það. Vertu varkár en hugrökk því það leysir allt sem þú ert að horfast í augu við. Það er alveg sama hversu skuggalegar aðstæður eru í kringum þig eða þú lendir í, þú munt alltaf ná að forða þér og ert með svo sterkan verndarengil í kringum þig. Mundu að gefa þér tíma í jólin, einfaldaðu hlutina og ekki hafa allt svo stórkostlegt því hið stórkostlega býr og er í hjarta þínu. Þú færð það sem þú vilt í ástinni, en ertu viss um hvað þú vilt? Setningin til þín er frá Röggu Gísla: Vogin fríkar út – til þess er lífið.

## Sporðdrekinn
**23. október–21. nóvember**

### Gerðu bara grín að veseni

Elsku Sporðdrekinn minn! Þú hefur lent í ótrúlegustu aðstæðum en samt nærðu alltaf að forða þér frá erfiðleikunum. Það er sama í hvaða kringumstæðum þú lendir þú sendir alltaf frá þér útgeislun sem enginn stenst. Það eru til tvær tegundir af Sporðdrekum: þeir sem sjá sólina og þeir sem sjá myrkrið. Það er ekkert millibilsástand á Sporðdrekum, þeir eru annaðhvort allt eða ekkert. Í huga þínum ertu með lífspúslið svo á hreinu, en mundu bara að vorkenna þér aldrei vegna einhvers sem þú hefur lent í, því þú hefur alltaf val og það sem er að gerast núna er hvorki uppeldi eða aðstæðum að kenna, heldur ákvörðun þinni um hvar þú vilt vera í lífinu. Líf þitt er ekki fyrirfram skrifað handrit heldur ert þú sjálfur handritshöfundur að þessari bók. Haltu áfram í þessum dásamlega húmor sem þú býrð yfir og gerðu bara grín að því sem þér finnst vera vesen í lífinu. Sjálfstraust er á við fimmtán háskólagráður svo tileinkaðu þér að efla það. Skilaboðin til þín eru: Hamingjan er MÁLIÐ.

## Bogmaðurinn
**22. nóvember–21. desember**

### Mættu í öll partíin

Elsku Bogmaðurinn minn! Eins og þú ert æðislegur skal þér ekki finnast í eina mínútu að fastheldni sé frelsi, svo beygðu reglurnar aðeins því það er svo rosalega leiðinlegt að vera reglusamur í öllu og ég veit þú ert sterkari en máttarstólpi – en – ef þú ferð ekki þínar eigin leiðir verður þú bara hundleiðinlegur stólpi. Nýttu orkuna þína til að vera helst á ferð og flugi, fara í partí sem þú vilt ekki fara í eða afmæli sem þú vilt helst ekki fara í því eitthvað svoleiðis, eins skrýtið og það nú er, verður til þess að þú nærð jafnvægi og takmarki þínu um að vera hamingjusamari. Svo skilaboðin eru: Píndu þig áfram, láttu þig vaða í öll þau lífsins partí sem þér er boðið í og eins og Woody Allen sagði: 70% af árangri í lífinu fást með því að mæta. Svo mættu! Þú ert að fá einhverja vinninga í lífinu frá fröken Karma og desember og janúar gefa þér þessa öflugu orku, segðu bara takk og leyfðu þér að njóta. Skilaboðin til þín eru frá alflottasta Bogmanninum, henni Tinu Turner: What's love got to do with it.

## Steingeitin
**22. desember–19. janúar**

### Ekki festast í kassa

Elsku Steingeitin mín! Eins margbreytileg og dularfull persóna og þú ert, þá finnst fólki þú mest vera hagsýn og heilsteypt, en ef fólk rýnir inn í hjarta þitt sér það andlega sterka persónu sem það átti ekki von á. Þeir sem eru svo heppnir að tengjast þér detta í lukkupottinn, því þú ert að eilífu vinur, svo tryggur ertu þeim sem þú elskar. Það tekur þig langan tíma að verða ástfanginn og svo líka eilífan tíma að hverfa út úr þeim hughrifum og þessar tilfinningar geta skapað stríð í huga þínum. En ef þú elskar satt og rétt og þú leggur höfuð þitt að hjarta þess sem þú elskar (eða bringu, hversu asnalega sem það hljómar) – og þú finnur að þú ert örugg, þá ertu á réttum stað. Næstu þrír mánuðir sýna þér svo sannarlega framtíð þína, það er eins og þú finnir á þér hvað gerist næst. Þú gerir allt með stæl og ert sannkölluð fyrirmynd, en láttu ekki það að vera Steingeit halda þér niðri í einhverjum kassa því hún getur drepið mann með því að vera of ábyrg í framtíðinni. Setningin til þín er: Ekki vera Box-y vertu Fox-y.

## Vatnsberinn
**20. janúar–18. febrúar**

### Veldu það sem þú vilt

Elsku Vatnsberinn minn! Ég er alltaf svo ofboðslega ánægð þegar kemur að því að spá fyrir þér því mér finnst þú vera svo ofsalega auðveldur og mér finnst ég geta sagt allt um og við þig. Mér finnst þú hafa þá hæfni að geta lagað þig að öllu eða öllum og þess vegna áttu svo ólíka vini og heimili þitt er svo opið fyrir ólíku og ótrúlegasta fólki. Að sjálfsögðu hefurðu orðið fyrir miklum og alls konar erfiðleikum sem kallast í rauninni (með stórum stöfum) LÍFIÐ sjálft. Þegar þér hættir að finnast þú þurfa að læra og geta allt, finnst þér þú vera kominn á rétta tíðni í lífinu og þú hættir að vera sífellt á varðbergi og á tánum út af öllu og öllum og ástin er alls ekki fólgin í því. Ef þér finnst þú hafa verið pirraður og aggressívur vegna þess sem hefur verið að gerast í lífi þínu segi ég bara að þig vanti sjálfstraust, sem er það það eina sem stoppar þig í tilveru þinni næstu mánuði. Núna þarft þú að standa upp og velja hvað þú vilt, það er enginn þjónn í þessari veislu. Skilaboðin þín eru: Haltu upp á lífið!

## Fiskarnir
**19. febrúar–20. mars**

### Virtu hámarkshraðann

Elsku Fiskurinn minn! Þú hefur allt í höndum þér því þú ert svo dásamlega viljasterkur en þú getur tuðað of mikið yfir sama hlutnum allt of lengi og fattar ekki hvað þú ert pirrandi því þú vilt öllum svo vel. Þú hefur þá sérstöku náðargáfu að skilja allt í kringum þig og þá mildi að hjálpa öðrum án þess að þú skiljir það eða upplifir þannig og hefur mikla náðargáfu í talanda, getur jafnvel talað endalaust en ert samt líka þessi yndislegi hlustandi og maður vill einhvern veginn segja þér öll sín leyndarmál. Slepptu samt öllum hraða næstu mánuði og alls ekki vera á 150 kílómetra hraða þar sem einungis 70 kílómetra hraði er leyfður. Þú þarft heldur ekki að skemmta öllum í partíinu eða redda öllum í lífinu. Jólin eru þinn tími og áramótin einnig og þú átt eftir að sameina marga í þessari gleði því þú ert svo hugumstór. Í ástinni þarftu að finna persónu sem skilur þig, alveg sama hvernig þér líður eða í hvernig aðstæðum þú ert. Setningin þín er: Ekki vera normal, það er svo leiðinlegt, svo vertu pínulítið hinsegin.

24 dagar til jóla!

# LJÓSA HÁTÍÐ

# -25%

## AF ÖLLUM LJÓSUM



ÚTI- OG INNISERÍUR,
AÐVENTULJÓS,
ÚTI- OG INNILJÓS

Gerðu frábær kaup!




## Jóladagskrá í Breiddinni um helgina

**Möndlubásinn er kominn aftur!** Hann sló í gegn í fyrra – yndislegur ilmur og gott bragð – alvöru jólastemning!
*13-16 á laugardag*

Möndlubásinn alltaf yndislegur 2010

**Jólaföndur fyrir krakkana alla helgina.** Á meðan stóra fólkið verslar búa börnin til skemmtilegar jólagjafir handa þeim í boði BYKO. *Á meðan pláss leyfir*

**Jólasveinar mæta á svæðið!** Krakkar fá nammipoka frá jólasveinunum 14-15 á laugardag

**Taktu skemmtilega jólamynd!** Merktu myndina með #bykojol2017 á Instagram eða facebook og þú gætir unnið veglega vinninga Fylgstu með á facebooksíðu BYKO

KAFFIHORNIÐ BREIDD

## Jólahlaðborð

11³⁰ til 16⁰⁰

LAUGARDAG OG SUNNUDAG

2.490kr. Börn 12 ára og yngri 1.790kr

Auðvelt að versla á byko.is

BYKO
SKREYTUM SAMAN

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Verð gilda til og með 6. desember 2017 eða á meðan birgðir endast.

# Konur í smóking

Dragtin hefur verið gríðarlega áberandi í haust, en fyrir jólin er hinn eini sanni „smóking“ farinn að taka yfir, enda mun hátíðlegri. Hvort sem það er stakur jakki við svartar gallabuxur eða dressið í heild sinni, þá eru þetta flíkur sem auðvelt er að klæða upp og niður. Fyrir öll jólaboðin þá er gott að hafa þetta við höndina.



Dragt: ZARA.



Alexander McQueen.



Dakota Johnson í klassískri svartri dragt.



Bianca Jagger í hvítri dragt árið 1979.



Alexa Chung í svörtum smóking með hvítri skyrtu.

GLAMOUR
Farðu inn á Glamour.is og fáðu daglegar fréttir úr heimi hönnunar, lífsstíls og tísku.
● Facebook ● Instagram ● Twitter

HEILL HEIMUR ÁN MYNDLYKILS

Þú þarft ekki myndlykil til þess að horfa á fjölbreytta dagskrá allra sjónvarpsstöðva 365, tímaflakkið, Frelsið og Stöð 2 Maraþon Now.
Nánari upplýsingar í síma 1817
Nánari upplýsingar í síma 1817 eða á 365.is
365



Haider Ackermann.



Victoria Beckham í smókingjakka við gallabuxur og leyfir fylgihlutunum að njóta sín.



Loewe.

# SPORTS DIRECT

# 2.000KR Í FORMI

## GJAFABRÉF FYRIR HVERJAR 9.900KR VERSLAÐAR

2.000 KR Í FORMI GJAFABRÉFS

Gildir ekki með öðrum tilboðum eða afsláttum.
Tilboð gildir ekki þegar verslað er með gjafakortum eða inneignarnótum

*Hægt verður að nota gjafabréfin frá og með 5.des







gæði – þekking – þjónusta

FÆRIBANDAVOGIR - RANNSÓKNAVOGIR - IÐNAÐARVOGIR - SMÁVOGIR
VERÐÚTREIKNINGSVOGIR - FITUMÆLINGAVOGIR - KRÓKAVOGIR
BAÐVOGIR - BARNAVOGIR - GÓLFVOGIR - LÍMMIÐAVOGIR

TALNINGAVOGIR

Mikið úrval
af talningavogum, sem einfalda
talningu á smáhlutum



GOTT VERÐ
CELY PC-50 talningavog
Áður 57.109,- NÚ 45.688,-

pmt PLAST, MIÐAR & TÆKI

Krókhálsi 1 | 110 Reykjavík | s. 567 8888 | www.pmt.is









**Föstudags-playlisti** Lífsins

## Árný Árnadóttir

SÖNGKONA

Söngkonan Árný setur saman föstudagsplaylistann að þessu sinni en hún gaf út lagið Nowhere I'd Rather Be nú á dögunum og er það af komandi plötu sem hún vinnur nú að hörðum höndum. Hennar föstudagur er í rólegri kantinum en þannig þurfa föstudagar bara stundum að vera.

Föstudagsplaylista Lífsins má einnig finna á Spotify undir notandanafninu Vísir.

PLAY FOLLOW

| FLYTJANDI | LAG |
|---|---|
| East of my youth | Broken glass |
| Sigrid | Don't kill my vibe |
| Auður | I'd Love |
| Eivör | Bridges |
| Védís | Blow my mind |
| Jessie Ware | Say you love me |
| GDRN | Það sem var |
| London Grammar | Sights |
| Vök | Waiting |
| Ásgeir | Stardust |



Flokkarnir þrír skipta með sér kostnaði við hönnun kynningarrits um nýjan stjórnarsáttmála. MYNDIR/VIKTORIA BUZUKINA

# Úkraínskur hönnuður skreytti íslenska stjórnarsáttmálann

Íslenski stjórnarsáttmálinn, sem kynntur var í gær, er skreyttur myndum eftir Viktoriu Buzukina, starfsmann auglýsingastofunnar Hvíta hússins. Sérstakt leyfi var fengið fyrir forsíðumyndinni sem er skírskotun í skjaldarmerkið.

Ég fékk verkefnið á mánudag og það komu mjög margir að því hér hjá okkur," segir Viktoria Buzukina, grafískur hönnuður á auglýsingastofunni Hvíta húsinu en myndir eftir hana skreyta nýjasta stjórnarsáttmálann sem er 40 blaðsíður. Viktoria hefur verið búsett hér á landi í sjö ár og er ánægð með hvernig til tókst.

Forsíðan á sáttmálanum hefur vakið töluverða athygli en þar er sem nýtt skjaldarmerki birtist, sem Guðmundur Bernharð, listrænn stjórnandi, þó þvertekur fyrir. „Þetta er ekki skjaldarmerkið heldur vitnun í skjaldarmerkið. Við fengum leyfi frá aðilum á vegum ríkisins til að gera þetta svona. Við pössuðum að fá leyfi fyrir öllu og bárum þetta undir fólk. Við leggjum áherslu á að þetta er ekki skjaldarmerkið en að landvættirnar séu til staðar og við vitnum í merkið sjálft. En við erum ekki að sýna skjaldarmerkinu óvirðingu," segir hann.



Viktoria Buzukina

Allur stjórnarsáttmálinn er unninn innanhúss hjá stofunni en umbrotið og annað smálegt þykir sérlega smekklega gert, í ljósi þess stutta tíma sem stofan fékk til að vinna hana. Sjö stórar myndir prýða sáttmálann sem lítur bæði vel út í orði og á borði.

**benediktboas@365.is**


**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




Geysir Heima, Skólavörðustíg 12. Geysir.com

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5000 Vísir
Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póstdreifing Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR

Þórarins Þórarinssonar



# Daður

Sú flóðbylgja uppljóstrana um kynferðislega áreitni í hinum ýmsu kimum samfélagsins er bylting og á eftir að skola burt rótgróinni myglu í samskiptum fólks af öllum kynjum.

Eins og er ber mest á dólgasögum úr stjórnmálum og leiklist. Áhugavert þar sem sjaldan skortir belginginn hjá þeim sem þar komast til metorða. „Hátt að klífa, lágt að falla," skrifaði skáldið. Titlar og verðlaun eru ekki ávísun á líkama og tilfinningar samborgaranna.

Einkennilegt þó að enn grípi menn í feyskin hálmstrá til þess að verja rétt karla til þess að tuddast og nuddast í konum. „Hva, má þá ekki lengur daðra?" Jú. Það má. Daður er gott og sjálfstraustinu hollt að fá og veita jákvæða, hvað allir athugi, athygli.

Frumforsenda daðurs er að sjálfsögðu gagnkvæmur áhugi. Engin af þeim sögum af kynferðislegri áreitni, sem hafa birst undanfarið, kemur daðri við. Daður er ekki ofbeldi og yfirgangur. Allt fólk með lágmarks tilfinningagreind veit þetta.

Daður er ekki að troða tungunni upp í manneskju bara sísona. Daður er ekki að klípa í brjóst, strjúka mjaðmir eða slá í rassa þegar maður er graður. (Nú eða klípa í pung, strjúka yfir bjórvömb eða siginn rass. Svo allrar sanngirni sé gætt.)

Þetta er svo einfalt að það stappar nærri sturlun að við þurfum að ræða þetta. Allt í lífinu leitar sem betur fer jafnvægis þannig að daðrið verður vonandi bara ómengað eftir þessa hundahreinsun sem nú er í gangi og greinilega útbreiddum misskilningi um eðli daðurs verður eytt.

Svo lengi sem við viljum njóta lífsins og hvert annars er daðrið ómissandi og það kemur ekki til greina að það sé misnotað sem skálkaskjól slefandi frekjuhunda sem þekkja hvorki sín mörk né annarra.







VERÖLD HVÍLDAR – BETRA BAK LEGGUR GRUNN AÐ GÓÐUM DEGI

FRÁBÆR JÓLATILBOÐ






Aukahlutur á mynd: gafl

SERTA OPERA HEILSURÚM

ÓTRÚLEGT VERÐ

Serta
STÆRSTI DÝNUFRAMLEIÐANDI VERALDAR

SERTA OPERA DÝNA MEÐ COMFORT BOTNI OG FÓTUM

| STÆRÐ | FULLT VERÐ | JÓLATILBOÐ |
|---|---|---|
| 120 X 200 | 134.920 KR. | 99.900 KR. |
| 140 X 200 | 150.960 KR. | 113.220 KR. |
| 160 X 200 | 174.960 KR. | 131.220 KR. |
| 180 X 200 | 196.540 KR. | 147.405 KR. |
| 192 X 203 | 216.300 KR. | 162.225 KR. |

- Sjö laga heilsu- og hægindalag. Laserskorið Conforma Foam tryggir réttan stuðning við neðra mjóbak og axlasvæði.
- Steyptar kantstyrkingar.
- Vandað fimmsvæða skipt pokagormakerfi. Minni hreyfing, betri aðlögun.
- Slitsterkt og mjúkt bómullaráklæði sem andar vel.

TEMPRAKON

TEMPRAKON ADVANCE SÆNG

Stærð: 135 x 200 cm.
Einnig fáanleg 135 x 220 cm og 200 x 220 cm.
Fylling: 90% hvítur gæsadúnn.
Þyngd: 600 g.



34.900 kr. JÓLATILBOÐ

Fullt verð: 44.900 kr.

TEMPRAKON ADVANCE KODDI



Stærð: 50 x 70 cm. Fylling: 90% hvítur gæsadúnn.

15.900 kr. JÓLATILBOÐ

Fullt verð: 26.900 kr.

**Betri rakastýring.** Temprakon Advance tæknin og FRESH áklæðið viðhalda jöfnu hitastigi og stýra rakajafnvægi milli líkama og sængur. Dregur úr nætursvita.




**Jafn hiti** gefur betri svefn. Temprakon var þróað til að halda jöfnum 37°C hita á milli líkama og sængur alla nóttina. Það gefur þér rólegri og dýpri svefn.




FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIÐI 1
Ísafirði
456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16
www.betrabak.is

Betra BAK